

SJÚKRALIÐINN

1. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR MARS 2007



**Heimilin
eru okkar
vinnustaðir**

– sjá heimsókn í Miðstöð heimahjúkrunar á bls. 6-12



Framkvæmdastjórn

Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ):
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður.
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður.
Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri.
Kristjana Guðjónsdóttir, ritari.

Skrifstofa félagsins:

Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands er að Grensásvegi 16, 108 Reykjavík. Sími 553 9493 eða 553 9494. Símaþrá, fax 553 9492. Heimasíða félagsins er www.slfi.is Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 09:00 til 17:00. Starfsfólk félagsins annast alla almenna skrifstofuþjónustu, upplýsingamiðlun túlkun kjarasamninga og erindrektur fyrir félagið og félagsmenn. Skrifstofan sér um sjóði félagsins svo sem félagssjóð, orlofssjóð, Minningar- og styrktarsjóð, Fræðslusjóðinn Framför, Vinnudeilu- og verkfalls-sjóð auk þess sem hún afgreiðir erindi Starfsmenntasjóðs BSRB og Styrktarsjóðs BSRB. Ennfremur sér skrifstofan um úthlutun á orlofsíbúðum og orlofshúsum félagsins í umboði Orlofsnefndar.

Starfsfólk á skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður, netfang: kristin@slfi.is
Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri, netfang: gunnar@slfi.is
Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri, netfang: birna@slfi.is
Margrét Tómasdóttir, bókeri, netfang: margret@slfi.is
Lilja Laxdal netfang: lilja@slfi.is

Sjúkraliðinn:

Sjúkraliðinn er gefinn út af Sjúkraliðafélagi Íslands í 2.900 eintökum.

Ábyrgðarmaður:

Kristín Á. Guðmundsdóttir

Ritnefnd:

Sif Eiðsdóttir, Vífilstöðum
Edda Sjófn Smáradóttir, Vífilstöðum
María Búsk, St. Franciskusspítali,
Stykkishólmi

Umsjón:

Gunnar Gunnarsson

Prentvinnsla og umbrot:

Stafræna prentsmiðjan ehf., Hafnarfirði

Sjúkraliðafélag Íslands

Aðalfundur - Fulltrúaþing

Fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands verður haldið fimmtudaginn 31. maí 2007 að Grettisgötu 89 Reykjavík. Dagskrá fulltrúaþings er samkvæmt 18 gr. félagslaga.

Athygli sjúkraliða er vakin á því að fulltrúaþingið er opið öllum félagsmönnum, fagfélögum, stéttarfélögum, lífeyrisþegum, sjúkraliðanemum jafnt sem kjörnum fulltrúum.

Kjörnir fulltrúar eru tuttugu og þrjár. Fjöldi þingfulltrúa eru í hlutfalli við stærð deilda. Hver deild kys að minnsta kosti ein fulltrúa til þingsins.

Formenn svæðisdeilda, sem sitja í félagsstjórn Sjúkraliðafélags Íslands, eru án atkvæðisréttar á fulltrúaþingi félagsins séu þeir ekki kjörnir þingfulltrúar sinnar landshlutadeilda.

Ellefu þingfulltrúar eru kjörnir á fulltrúaþing félagsins af landsbyggðadeildum.

Nemendur skóla sem eru með fleiri en 20

sjúkraliðanema eiga rétt á að tilnefna fulltrúa til setu á fulltrúaþingi félagsins.

Fulltrúi kjararáðs skal að jafnaði sitja fulltrúaþing félagsins þegar kjaramál eru á dagskrá, en án atkvæðisréttar sé hann ekki kjörinn fulltrúi sinnar deildar.

Uppstillingarnefnd skal boðuð til fulltrúaþings samkvæmt 4. mgr. 36 gr. félagslaga með sama hætti og kjörnir fulltrúar. Nefndarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt án atkvæðisréttar, nema þeir séu kjörnir fulltrúar á þingið.

Félagsmenn hafa rétt til setu á fulltrúaþingi félagsins með málfrelsi, án tillögu eða atkvæðisréttar.

Sjúkraliðar fjölmönnum á aðalfund félagsins og tókum þátt í því með forustu samtaka okkar að móta stefnu og setja stéttinni markmið til framtíðar.

Munum að samstaða er afl sem ekkert fær staðist.



Fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands að störfum.

Kosning formanns

Samkvæmt ákvæðum 22., 29., og 39. greinar félagslaga Sjúkraliðafélags Íslands skal formaður félagsins kjörinn í allsherjaratkvæðagreiðslu.

Á kjörskrá og með kosningarétt eru allir félagsmenn SLFÍ, enda séu þeir skuldlausir við félagið sbr. ákvæði 5. málsgreinar 27. greinar laga félagsins sem er svohljóðandi:

„Hafi félagsmaður ekki greitt gjöld sín til félagsins í 2 ár missir hann öll félagsleg réttindi þar til skuldin er greidd eða um hana samið.“

Kjörstjórn félagsins hefur ákveðið að framboðsfrestur til embættis formanns Sjúkraliðafélags Íslands verði til kl. 17:00 fimmtudaginn 26. apríl 2007. Tillögu um formannsefni skal komið til formanns uppstillingarnefndar Jóhönnu Garðarsdóttur á netfang jongard@landspitali.is eða johannag@hive.is eða skriflega til skrifstofu félagsins að Grensársvegi 16, 108 - Reykjavík merkt Jóhönnu Garðarsdóttur.

Atkvæðisgreiðsla um kjör formanns fer fram með allsherjaratkvæðagreiðslu (póstkosningu) dagana 21.-23. maí n.k enda komi fram tillaga um fleiri en eitt formannsefni.

Kjóri formanns skal lýst á fulltrúaþingi félagsins sem verður haldið fimmtudaginn 31. maí n.k.

**F. h. kjörstjórnar Sjúkraliðafélags Íslands
Inga Lóa Guðmundsdóttir, formaður.**

Á DAGSKRÁ 2

- Fulltrúaþing haldið 31. maí
- Kosning formanns Sjúkraliðafélagsins

FORMANNSPISTILL 3

- Framgangur sjúkraliðastéttarinnar

KJARABARÁTTAN 4-5

- Stofnanasamningar víða frágengnir

VINNUSTAÐURINN 6-12

- Heimilin eru vinnustaður okkar
- Um sjöttíu sjúkraliðar við heimahjúkrun
- Ein stærsta ríkisstofnunin
- Verkefni starfsmanna heimahjúkrunar

RITGERÐ SJÚKRALIÐA 13-15

- Heimahjúkrun í hundrað ár

AFMÆLISHÁTÍÐIN 16-22

- Frábær frammistaða starfsmanna LSH
- Frumkvöðlar með frjóa hugsun og kjark
- Þakkir fyrir frábært og fórnúst starf
- Forskólanámið gekk afar vel
- Svipmyndir úr afmælishófinu

AFMÆLISRÁÐSTEFNAN 23-30

- Mikill árangur af baráttu stéttarinnar
- Félagið verði bandalag faghópa
- Aukin færni sjáist líka á launaseðlinum
- Væntingar mínar til starfsins
- Meiri þekking og fullkomnari tæki

STUTTFRÉTTIR 31

- Nýr starfsmaður á skrifstofunni
- Réttindi aldurstengd

SJÚKRALIÐADEILDIRNAR 31-39

- Afmælisráðstefna og sýningarbás
- Mikil aðsókn að sjúkraliðanámi
- Vesturlandsdeildin fimmtán ára
- Reynt að fá opnað fyrir fjarfundabúnað
- Rólegt starfsár
- Kraftist aðgerða af hálfu stjórnvalda
- Viðburðaríkt starfsár
- Sjúkraliðar mæla í Eyjum
- Um 350 í Eftirlaunadeildinni
- Fyrirlestrar vel sóttir

STUTTFRÉTTIR 39

- Viðbótarhúsnæði við Grensásveg

BSRB 40

- Eflum samhjálpa, tryggjum lýðræði

STUTTFRÉTTIR 40

- Óbreyttur launamunur í tólf ár
- Fjölmenn útskrift

MENNTAMÁL 41

- Umfjöllun um sjúkraliðabrá frá 1994
- Vinnuhópur skoðar brúarframkvæmd

LISTAHORNID 42-43

- Listrænir sjúkraliðar

FORSÍÐUMYNDIN

Sjúkraliðar í heimahjúkrun. Þóra Engilbertsdóttir og Kristín Eiríksdóttir aðstoða Helgu Bergmann sem býr í Sjálfsbjargarhúsinu Hátúni 12.

Framgangur sjúkraliðastéttarinnar



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, skrifar.

Merki um framgang stéttarinnar má sjá á ýmsum sviðum og skal þar sérstaklega nefna að sérnám sjúkraliða er jafnt og þétt að sanna sig. Landspítali-háskólasjúkrahús hefur nú auglýst nýjar stöður sjúkraliða með sérnám inn á allar lyflæknisdeildir sjúkráðsins. Sérhæfing starfa eru alltaf að verða meiri og meiri og mun það verða stærsta verkefni stéttarinnar að aðlaga sig að þeirri þörf. Það er ljóst að um leið og viðurkenning fæst á störfum sérnámssjúkraliða mun aukast viðurkenning á öllu námi stéttarinnar. Haldið skal áfram á þessari braut. Ljóst er orðið að bætt verður við sérgrein í hjúkrun geðsjúkra og mun námið hefjast á næstu önn.

Sett verði sameiginleg markmið

Eitt af því erfiðasta, sem heilbrigðiskerfið stendur frammi fyrir, er sá gríðarlegi skortur sem er á faglærðu fólki til starfa. Skorturinn er sýnu mestur á sjúkraliðum og eins og staðan er í dag er ljóst að hann mun bara aukast.

Verið er að byggja hjúkrunarstofnanir í öllum stærstu þéttbýliskjörnum á höfuðborgarsvæðinu. Sjúkraliðafélagið hefur á undanföllum árum lagt sig í framkróka við að sýna fram á að núverandi ástand getur ekki staðið lengur. Komið er að heilbrigðisyfirvöldum að setjast niður með hjúkrunarstéttunum í þeim tilgangi að leggja sameiginlega á ráðin um hvað til bragðs skuli taka. Fulltrúar félaganna munu á næstu dögum hittast og ræða málið. Heilbrigðisyfirvöldum væri rétt lýst ef endirinn yrði sá að stéttarfélagin í sameiningu þyrftu að ganga fram fyrir skjöldu og krefðjast fundar í málinu.

Stéttafélög setja sér markmið til framtíðar, heilbrigðisyfirvöld gera slíkt hið sama. Svo markmiðin náist væri eðlilegast að yfirvöld kölluðu til fundar með þeim aðilum sem eitthvað hafa um málið að segja og þannig vinna að sameiginlegum markmiðum með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Þá fyrst er von til þess að eitthvað gangi eftir af þeim hugmyndum sem yfirvöld telja sig þurfa að ná.

Félagsvitund og þroski

Þegar markmiðið „AÐ EFLA FÉLAGSVITUND“ er skoðað kemur í ljós að einmitt þetta er eitt af megin markmiðum leikskóla, grunn- og framhaldsskóla, kvenfélaga og fleiri félagasamtaka sem standa að uppeldi og þjálfun einstaklingsins. Þar má einnig sjá hugtök eins og jafnrétti, samvinna, gagnkvæm virðing, ábyrgð, sjálfstæði, gagnrýn hugsun og afnám eineltis. Þetta eru markmið sem uppaldendur hafa að leiðarljósi í sínu starfi og er talin vera ein af meginstöðum samfélaga sem telja sig standa styrkum fótum.

Allt þetta hefur verið aðalsmerki sjúkraliðastéttarinnar á undanföllum árum. Samstaða stéttarinnar hefur vakið aðdáun og virðingu þeirra er fylgst hafa með. Þetta hefur orðið til þess að stéttin hefur náð ótrúlega langt að markmiðum sínum og er í dag komin á fljúgandi ferð inn í nýja tíma.

Ekkert fær hindrað framgang stéttarinnar annað en brestur í innviðum hennar sjálfrar. Látum slíkt ekki gerast og horfum fram til bjartari tíma. Látum hið fornkveðna halda áfram að leiða okkur áfram undir orðunum: „Samstaða er afl sem ekkert fær staðist.“

Ekkert fær hindrað framgang stéttarinnar annað en brestur í innviðum hennar sjálfrar.

Stofnanasamningar við frágengnir

„Eftir þá stofnanasamninga sem við höfum náð fram síðustu mánuði er kjaraleg staða sjúkraliða þokkaleg.“ segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands. „Okkur hefur tekist að leiðrétta kjör sjúkraliða til samræmis við þær hækkningar sem aðrar stéttir hafa fengið, og eins hefur verið tekið á ýmsu því sem farið hafði úrskaiðis við framkvæmd stofnanasamninga.“

Forysta Sjúkraliðafélagsins og trúnaðarmenn á stofnunum hafa unnið að því höfðum höndum síðustu mánuði að gera stofnanasamninga við fjölmargar heilbrigðisstofnanir víðsvegar um landið.

Gjörbreytt staða

„Við gerð kjarasamninga síðastliðið vor gerðum við stofnanasamninga við allar sjálfseignarstofnanir innan Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu. Þar var samið um 6.3% launahækkun eins og fyrir lá að gert yrði í stofnanasamningum við allar stofnanir ríkisins,“ segir Kristín.

„Í kjölfarið fórum við að ræða við ýmsar smærri ríkisstofnanir úti á landi. Við höfðum gert stofnanasamninga við sex slíkar stofnanir þegar í ljós kom að þeir samningar sem Reykjavíkurborg hafði gert við Eflingu og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar síðastliðinn vetur höfðu veruleg áhrif á samninga stétta sem standa okkur nærri á vinnustöðunum, þar sem þessi stéttarfélag sóttu samskonar launa-



Svipmynd frá viðræðum um stofnanasamning sjúkraliða á Landspítalanum. Frá vinstri Lilja Stefánsdóttir, sviðsstjóri, Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, Birna Helgadóttir, aðaltrúnaðarmaður sjúkraliða á LSH, Þórdís Einarsdóttir, verkefnastjóri, og Oddur Gunnarsson, lögfræðingur.

hækkningar til ríkisins. Útreikningar okkar sýndu að ef ekkert yrði að gert myndu laun félagsliða verða hærri en laun margra sjúkraliða þegar í maí á þessu ári.

Við fórum með þessa útreikninga á fund með fjármálaráðuneytinu í ágúst síðastliðinn og óskum eftir því að okkar samningar yrðu lagfærðir til samræmis við þessa breyttu stöðu á vinnumarkaðinum.“

Afturvirkir frá 1. október

„Þegar fyrir lá að þetta yrði lagfært var ákveðið að ganga fyrst frá stofnanasamningi við Landspítalan og að sá samningur yrði fyrirmynd í samningaviðræðum við

aðrar ríkisstofnanir. Samið var við Landspítalan 11. desember 2006, og í kjölfarið var haldið áfram viðræðum við aðrar stofnanir.

Staðan núna, um mánaðarmótin febrúar/mars, er að búið er að ganga frá stofnanasamningum við allar ríkisstofnanir nema Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra og Styrktarfélag vangefinna, en sú vinna er í gangi. Stofnanasamningarnir eru allir afturvirkir frá 1. október 2006.

Þegar viðræðum við fyrrnefndar stofnanir lýkur eigum við eftir að gera lagfæringu á samningum nokkurra ríkisstofnana sem við höfðum samið við áður en hið breytta launaumhverfi kom í ljós, en sumar þeirra hafa þegar leiðrétt kjör sjúkraliða hjá sér.

Þá höfum við átt fundi með fulltrúum Reykjavíkurborgar, Launanevnd sveitarfélaga og Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu og óskað eftir því að stofnanasamningar við þá verði endurskoðaðir til samræmis við þær breytingar sem náðst hafa fram hjá ríkinu.“

Framgangur leiðrétur

„Í þessum viðræðum höfum við líka verið að leiðrétta framgang sjúkraliða á nokkrum ríkisstofnunum,“ segir formaður Sjúkraliðafélagsins. „Á sumum stofnunum hefur framgangur verið lítill. Margar stofnanir voru komnar út fyrir stofnanasamningana sem þær áttu að vinna eftir.



Stofnanasamningurinn kynntur á fundi sjúkraliða á Landspítala Fossvogi.



Margar hendur á lofti á almennum félagsfundi sjúkraliða í Reykjavík og nágrenni 27. september 2006, en þar var samþykkt ályktun þar sem þess var krafist af viðsejendum Sjúkraliðafélags Íslands að gengið yrði án frekari tafa frá stofnanasamningum við sjúkraliða.

Framgangurinn var stundum í formi einhverra launaflokka sem ekki voru skilgreindir inn í stofnanasamning. Við höfum verið að leiðrétta þetta og færa allar hækkanir inn í samningana.

Þessar viðræður eru undir friðarskyldu og stofnanasamningar þess vegna ekki lagðir undir atkvæði félagsmanna, en áhersla er lögð á að kynna samningana vel á vinnustöðunum.“

Samningar lausir 2008

Kjarasamningar Sjúkraliðafélags Íslands renna út haustið 2008. Það má því búast við að undirbúningur fyrir viðræður um næsta kjarasamning félagsins hefjist næsta haust og sjúkraliðar fari að undirbúa væntanlega kröfugerð.

„Í sambandi við gerð næstu kjarasam-

ninga kvíði ég nokkuð stöðu þeirra stétta sem við miðum okkur gjarnan við, eins og hjúkrunarfræðinga. Þegar við áttum í erfiðri kjarabaráttu árið 1994 sögðum við að sjúkraliðar væru notaðar sem pottlok ofan á láglaukastéttirnar til að halda kjörum þeirra niðri, en ég tel að nú hafi þetta færst ofar og hjúkrunarfræðingar séu að verða pottlok á framgang sjúkraliða í launum. Það er enginn eyland í kjaramálum, kjör launastéttanna hanga saman. Við þurfum að viðurkenna að hjúkrunarfræðingar verða að ná árangri til þess að við náum árangri,“ segir Kristín.

Ónýtt tækifæri

„Ég hef sagt það áður að sjúkraliðar og hjúkrunarfræðingar eiga gríðarleg ónýtt tækifæri ef við berum gæfu til að vinna

meira saman, hvort sem er í réttindamálum eða kjaramálum. Það er til dæmis langt síðan gera átti rækilega endurskoðun á aðbúnaði, vinnutíma og kjörum vaktavinnuhópa innan BSRB og BHM, en það er ekkert að gerast í þeim málum. Ég er sannfærð um að ef sjúkraliðar og hjúkrunarfræðingar leggðust saman á áramnar til að fá endurskoðun á vaktamálunum fyrir sínar stéttir næðu þær árangri. Ég held líka að til þess að fjölgun verði í hjúkrunarstéttunum verði að endurskoða vaktarákvæðin og með það markmið að leiðarljósi gætum við unnið saman.“

Kristín segist hafa rætt þetta litillega við Elsu Friðfinnsdóttur, formann Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, sem hafi sýnt áhuga á frekari umræðum um málið.

Skorað á fjármálaráðherra

Í byrjun vetrar óskuðu fulltrúar sjúkraliða á Suðurlandi eftir fundi með Árna Mathiesen, fjármálaráðherra, þegar hann var þar á ferð vegna prófkjörs, og afhentu honum áskorun vegna kjaramála.

Áskorunin var svohljóðandi:

„Neðangreindir sjúkraliðar sem starfa við heilsugæslu á sjúkrahúsum og öldrunarheimilum og við aðrar heilbrigðisstofnanir á Suðurlandi, skora á þig sem fjármálaráðherra að þú beitir þér fyrir því að nú þegar verði gengið til samninga við stéttarfélag okkar, Sjúkraliðafélag Íslands, um gerð stofnanasamninga. Í samningum við félagið verði tekið tillit til leiðréttinga á launum annarra starfsmanna ríkis og sveitarfélaga í umönnunarstörfum og laun sjúkraliða leiðrétt með tilliti til þess.“

Undir áskorunina skrifuðu liðlega 160 sjúkraliðar af þeim um það bil 180 sem starfandi eru í kjördæminu, það er í Vestmannaeyjum, Keflavík, Garði, Sandgerði, Grindavík, Hveragerði, Selfossi, Stokkseyri, Hellu, Hvolsvelli og víðar. Nokkru síðar náðist samkomulag sem fól í sér ekki aðeins umrædda leiðréttingu launa, heldur einnig laus uppsafnaðs vanda vegna framgangs nokkurs hóps sjúkraliða hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Sá hluti samkomulagsins var afturvirkur til þriggja ára



Margrét Auður Óskarsdóttir, formaður Suðurlandsdeilda sjúkraliða, afhendir Árna Mathiesen, fjármálaráðherra, áskorun frá liðlega 160 sjúkraliðum í kjördæminu.

Sjúkraliðar hjá Miðstöð heimahjúkrunar

Heimilin eru vinnustaðir okkar

„Þegar við komum oft og jafnvel árum saman inn á sama heimilið förum við að þekkja fólkið og það fer að kynnast okkur. Það segir sig sjálft að samskiptin verða ekki ópersónuleg til lengdar. Hins vegar kynnumst við ættingjum skjólstaðinga okkar oft mjög lítið, stundum hittum við þá aldrei. Við eigum auðvitað ekki að tengjast skjólstaðingum okkar of mikið, en í reynd er óhjákvæmilegt að við tökum starfið að einhverju leyti inn á okkur, annað væri ekki manlegt.“

Þetta segja sjúkraliðarnir Kristjana Guðjónsdóttir og Ásdís María Jónsdóttir hjá Miðstöð heimahjúkrunar höfuðborgarsvæðisins í viðtali við Sjúkraliðann um starfið í heimahjúkruninni.

Kristjana hóf fyrst störf við heimahjúkrun árið 1987 og vann þá aðallega á kvöldvöktum. Hún hætti störfum 1993, en fór aftur að vinna við heimahjúkrun árið 2000 og hefur gert það óslitið síðan.

„Ég byrjaði í gömlu heilsuverndarstöðinni og var heimahjúkrun þá á vegum Reykjavíkurborgar,“ segir Kristjana. „Þegar ég kom aftur til starfa árið 2000 hafði ríkið tekið starfsemina yfir og var búið að skipta henni upp og flytja heimahjúkrunina inn á heilsugæslustöðvarnar. Þá var ég í Efstaleiti, en árið 2001 fluttum við á Grensásveg 8 þar sem starfsemin var sameinuð á ný og þar vorum við til ársloka 2005 þegar heimahjúkrunin fékk aðstöðu í Mjóddinni.“

Ásdís María hefur starfað hjá heimahjúkrun frá ágúst 2005, en hún bjó áður á Flateyri og var þar deildarstjóri öldrunarheimilisins Sólborgar í 10 ár.

Þurfa allir hjúkrun

Við báðum sjúkraliðana að segja okkur frá þjónustunni.



Ásdís María Jónsdóttir og Kristjana Guðjónsdóttir sjúkraliðar í heimahjúkrun ræða málin.

Miðstöðin

Miðstöð heimahjúkrunar hóf starfsemi 1. febrúar 2002 og hefur aðsetur í Mjóddinni í Reykjavík, að Álfabakka 16, þriðju hæð. Miðstöðin annast heimahjúkrun í Reykjavík og á Seltjarnarnesi allan sólarhringinn, en sinnir einnig kvöld- og helgarþjónustu í Mosfellsbæ og kvöldþjónustu í Kópavogi. Er einnig með næturþjónustu fyrir allt höfuðborgarsvæðið sem tengist Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Á miðstöðinni er veitt hefðbundin heimahjúkrun og heimageðhjúkrun. Markmiðið er að gera þeim sem þjónustunnar njóta kleift að búa heima við sem eðlilegastar aðstaður þrátt fyrir veikindi eða heilsubrest.

„Miðstöð heimahjúkrunar veitir skjólstaðingum sínum hjúkrunarþjónustu allan sólarhringinn alla daga ársins. Sjúkraliðar og hjúkrunarfræðingar starfa saman að þessari þjónustu. Við veitum ekki aðeins þjónustu í dagvinnu virka daga, heldur einnig kvöld og nætur og um helgar. Skjólstaðingar okkar þurfa allir á einhvers konar hjúkrun að halda til að geta verið áfram heima hjá sér. Veikindi þeirra eru ólík og aðstaðan heima fyrir afar misjöfn, en allir eiga þessir einstaklingar það sameiginlegt að geta ekki búið heima nema fá hjúkrun af einhverju tagi. Sumir þurfa litla hjúkrun, aðrir meiri, og sumir mjög mikla hjúkrun. Þannig þurfum við að vitja sumra einstaklinga þrisvar, fjórum eða fimm sinnum á sólarhring, en aðra heimsækjum við aðeins einu sinni í viku.“



Hér má sjá nokkra þeirra fjölmörgu sjúkraliða sem starfa við heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu, í miðstöð heimahjúkrunar við Álfabakka í Mjóddinni. Frá vinstri: Ásdís María Jónsdóttir, Kristjana Guðjónsdóttir, Anna Kjartansdóttir, Elín Sturlaugsdóttir, Bjarney Ríkarðsdóttir, Anna Björnsdóttir, Jóhanna Jónsdóttir, Hafdís Finnbogadóttir og Hugrún Davíðsdóttir.

Oft er nauðsynlegt að koma alls konar hjálpatækjum fyrir heima hjá skjólstæðingum okkar, til dæmis lyfturum og sjúkrarúmum. Við Miðstöð heimahjúkrunar eru starfandi iðjuþjálfar en til þeirra leggjum við inn beiðnir ef við teljum vinnuadstöðuna ófullnægjandi og eins ef við teljum að öryggi skjólstæðinga sé ábótavant. Hann fer á staðinn, leggur mat á hvaða hjálpartæki þurfi að nota og tekur ákvarðanir þar að lútandi í samráði við skjólstæðinginn. Þetta krefst stundum verulegra breytinga á heimili skjólstæðinga okkar og þeir þurfa auðvitað að samþykkja allt sem gert er. En heimilin eru líka vinnustaður okkar og þess vegna þarf að samræma þarfir skjólstæðingsins og okkar sem komum til að hjúkra honum. Við verðum að hafa nauðsynlegan aðbúnað á heimilunum til að geta sinnt þessum einstaklingum af öryggi. Þótt reynt sé eftir því sem mögulegt er að koma fyrir hjálpartækjum eru aðstæður á heimilum oft mjög erfiðar.

Félagsþjónustan sinnir mörgum þessara sömu einstaklinga vegna annarra þarfa þeirra, svo sem við þríf, innkaup og fleira þess háttar. Á Reykjavíkursvæðinu eru líklega um fimm hundruð skjólstæðingar sem við og Félagsþjónustan sinnum í sameiningu.

Fimm til tólf vitjanir á dag

Við báðum sjúkraliðana að lýsa dæmi-gerðum vinnudegi sjúkraliða í heima-hjúkrun á höfuðborgarsvæðinu.

„Flestar okkar eru með vinnukort með föstum skjólstæðingum sem við heimsækjum reglulega. Ef dæmi er tekið af

Markmið heima-hjúkrunar

Markmið heimahjúkrunar er að veita einstaklingshæfða og markvissa, árangursríka og faglega heimahjúkrun og með því gera þeim sem þjónustunnar njóta kleift að búa heima við sem eðlilegastar aðstæður þrátt fyrir veikindi eða heilsubrest.

Einstaklingshæfð og markviss heimahjúkrun er sérsniðin að þörfum hvers og eins. Unnið er eftir þjónustuferli sem byggir á upplýsingasöfnun, greiningu, markmiðssetningu, áætlun, framkvæmd og mati. Hjúkrunaráætlun er gerð í samráði við einstaklinginn og skal liggja fyrir 7 virkum dögum eftir fyrstu vitjun. Ef um bráðaþjónustu er að ræða að ósk sjúkrahúsa skal áætlun gerð samdægurs og fyrsta vitjun. Hámarksfjöldi vitjana eru sex á sólarhring. Heimahjúkrun býður ekki upp á þjónustu er felur í sér fasta viðveru eða yfirsetu.

dagvakt, þá mætum við að morgni dags hér í miðstöðinni við Álfabakka til að skipuleggja daginn. Hér tökum við lykla að heimilum þeirra skjólstæðinga sem við eigum að heimsækja þann daginn. Sumir eru með læsta lyfjaskápa heima, en lyf annarra eru geymd í miðstöðinni og við tökum þau með okkur í vitjanirnar. Síðan förum við akandi um borgina í vitjanir og veitum þá hjúkrun sem hver og einn þarf á að halda. Það er mjög misjafnt hvað við förum í margar vitjanir á hverjum degi, enda misjafnt hversu lengi við þurfum að sinna hverjum einstaklingi. Lengstu vitjanirnar geta verið allt að tveir tímar, aðrar eru mjög stuttar. Algengt er að við þurfum að fara í fimm til tólf vitjanir á dag, en í sumum tilvikum eru þær enn fleiri. Það fer allt eftir hjúkrunarþyngd hverrar vitjunar.

Í flestum tilvikum er um fastar vitjanir að ræða og þá er reynt að koma til skjólstæðinga á þeim tíma sem þeim hentar best. Þetta á til dæmis við um hvenær einstaklingurinn vill fá okkur í heimsókn á morgnana, og hvenær hann vill fara að sofa á kvöldin. Við reynum eftir megni að koma til móts við allar slíkar óskir, en við eigum erfitt með að lofa því að koma alltaf á einhverjum fastákveðnum tíma vegna þess að það getur alltaf komið eitthvað upp á vaktinni sem breytir áætlunum okkar.

Í lok vinnudags komum við í miðstöðina á ný og skráum þá inn í tölvurnar það sem við höfum gert í hverri

vitjun, hversu lengi við vorum hjá viðkomandi einstaklingi og einnig ef eitthvað sérstakt hefur komið fram í heimsókninni sem nauðsynlegt er að bregðast við og skrá.“

Kristjana bætir því við að hún sé yfirleitt ekki með fasta skjólstæðinga heldur sinni hún skjólstæðingum í afleysingum og veikindum annarra starfsmanna.

Erfið aðlögun fyrir marga

Aðstæður og þarfir skjólstæðinga heimahjúkrunar eru mjög breytilegar og þess vegna vaknar sú spurning hvernig sjúkraliðunum er tekið þegar þeir koma heim til fólks í vitjanir.

„Ég er búin að starfa í þessu mjög lengi og ég held að ég hafi aldrei orðið fyrir leiðindum frá mínum skjólstæðingum. Við erum líka þjálfaðar í því að taka ekki inn á okkur þótt eitthvað sé sagt,“ segir Kristjana.

„Við gerum okkur fulla grein fyrir því að fyrir skjólstæðinga okkar er mjög erfitt að fá svona þjónustu. Það er oft mjög erfitt að fá fólk sem skjólstæðingarnir þekkja ekkert inn á heimili sitt. Margir eiga líka í byrjun erfitt með að sætta sig við að þeir þurfi á þessari aðstoð að halda, það tekur smátíma fyrir skjólstæðingana að aðlagast þessum nýja veruleika. Við erum æfðar í að fara mjög hægt og rólega í hlutina í upphafi og láta fólkið venjast okkur, förum jafnvel fyrst í heimsókn til að kynna okkur, ræða hlutina í rólegheitum og segja hvenær við komum næst. Þannig gefum við öllum tíma til að átta sig á stöðunni og það hefur yfirleitt gengið mjög vel. Smám saman breytist viðhorfið og þetta verður meira eins og við séum að koma í heimsókn.“



Gengið frá stofnanasamningi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Frá vinstri: Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, Kristjana Guðjónsdóttir, ritari félagsins, Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri félagsins, Þórunn Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri, Grétar Guðmundsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, Þórdís Magnúsdóttir, forstöðumaður heimahjúkrunar, og Hólmfríður E. Finnisdóttir, viðskiptafræðingur.

En hvað með aðlögun nýrra starfsmanna?

„Þeir eiga að fá hálfan mánuð, en reyndin er yfirleitt sú að nýr starfsmaður fær að fylgja reyndum sjúkraliða í nokkra daga til að kynna starfinu og svo fer hann að fara einn í vitjanir,“ segja sjúkraliðarnir.

„Síðan erum við auðvitað alltaf að taka við nýjum skjólstæðingum og það er engin sérstök aðlögun að því. Við sem höfum langa reynslu erum oftast glöggar á að meta ástandið þegar við komum inn á heimili hjá nýjum skólstæðingi og þjálfaðar í að nálgast einstaklinginn. Yfirleitt sjáum við á nokkrum mínútum hvernig aðstaða er heima og hverju þarf að breyta til að skipuleggja hjúkrunina sem best fyrir skjólstæðinginn og okkur.“

Oft hræddar í umferðinni

Sjúkraliðar í heimahjúkrun þurfa að aka fram og aftur um höfuðborgarsvæðið, oft við erfiðar aðstæður vegna veðurs og ófærðar. Það er því ekki óalgengt að þær lendi í árekstrum, eða að ekið sé á bílana.

„Við erum oft hræddar í umferðinni, sérstaklega þegar mikil hálka er á götunum,“ segja Kristjana og Ásdís, „en það er sama hvernig aðstæður eru á vegunum, við verðum að fara í okkar vitjanir.“

„Frá því ég byrjaði í þessu starfi hafa orðið mjög miklar breytingar á veðurfari til hins betra,“ segir Kristjana. „Það var algenget hér áður fyrir að allt væri ófært vegna mikilla snjóá, og hvergi var hægt að fá bílastæði vegna

Sérhæfð þjónusta við aldraða

Sérhæfð heimaþjónusta fyrir veika aldraða er samvinnuverkefni milli Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH) og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem hófst í september 2006.

Um nýbreytni í meðferð og eftirfylgni við veika aldraða er að ræða. Þjónustunni var hleypt af stokkunum að tilstuðlan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem svörun við

útskriftarvanda LSH á öldruðum af sjúkrahúsinu. Þjónustan nær að jafnaði til 20 sjúklinga á hverjum tíma.

Þverfaglegt teymi sinnir þjónustunni. Frá LSH koma öldrunarlæknar, klínískur sérfræðingur í öldrunarhjúkrun, iðjuþjálfari og sjúkrapjálfi. Frá Miðstöð heimahjúkrunar koma hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og félagsliðar.

Hlutverk sérhæfðrar heima-

hjúkrunar fyrir veika aldraða:

- Að stýra, skipuleggja og veita sjúkrahústengda heimaþjónustu og meðferð, að beiðni LSH, í 2-12 vikur fyrir 67 ára og eldri á höfuðborgarsvæðinu sem þurfa viðtæka fagþjónustu.
- Að tryggja samfellu í meðferð frá sjúkrahúsi til heimilis og styrkja aðlögunarhæfni einstaklinga og/eða

fjölskyldu eftir útskrift af sjúkrahúsi.

Markmið sérhæfðrar heimaþjónunar fyrir veika aldraða er:

- Að mæta óskum aldraðra og gera þeim kleift að búa heima þrátt fyrir veikindi.
- Að veita veikum öldruðum markvissa, faglega, einstaklingshæfða meðferð og umönnun heima, fræðslu og ráðgjöf.

snjóruðninganna. Núna er helsta vanda- málið hrikaleg umferð á götunum. Umferðarþunginn hefur aukist gífurlega og það finnum við glögglega hér við Mjóddina. Það er ekkert gamanmál að komast héðan frá miðstöðinni út á Breiðholtsbrautina á morgnana. Það hefur oft komið fyrir að ég hef þurft að byrja vitjanir dagsins við Grandaveg og verið 45 mínútur að komast þangað.“

Þær eru sammála um að þessi þunga umferð sé mikið álag á starfsmenn heimahjúkrunar og að mikill tími fari í að komast leiðar sinnar á höfuðborgarsvæðinu.

Gæta sín vel á nóttunni

Eftir að Miðstöð heimahjúkrunar tók yfir aukna næturþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eru tvö teymi starfandi á nóttunni.

Ásdís og Kristjana taka fram að sjálfar vinni þær lítið á næturvöktum.

„Sjúkraliðar og hjúkrunarfræðingar hjá heimahjúkrun gæta vel að sér á nóttunni og eru mjög varkárar,“ segja sjúkraliðarnir. „Það fara alltaf hjúkrunarfræðingur og sjúkraliði saman í vitjanir á nóttunni. Sumar fara alls ekki í hjúkrunargalla í vitjanir í miðbænum á kvöldin og nóttunni til þess að forðast að draga að sér athygli, og bílarnir



Miðstöð heimahjúkrunar höfuðborgarsvæðisins hefur aðsetur á þriðju hæð í þessu húsi við Álfabakka í Mjóddinni.

okkar eru ómerktir. Við verðum alltaf að hafa varann á og látum sem minnst á okkur bera í kvöld- og næturferðum.“

Það er sammingsatriði við hvern og einn hvenær sólarhringsins starfsmenn vilja helst vinna, það er á dagvakt, kvöldvakt eða næturvakt.

„Almennt séð er betra að vera alltaf á sama tíma á vaktinni,“ segir Kristjana. „Hér áður fyrr var ég með lítil börn og þá var ég nánast eingöngu á kvöldvöktum. Sumir vinna bara á kvöldin og nóttunni, það fer eftir þörfum hvers og eins. Eins er starfshlutfall okkar misjafnt.“

Vinna mikið einar

Sjúkraliðarnir eru einir á ferð á milli skjólstæðinga sinna allan daginn, en einu sinni í viku er hverfafundur þar sem farið er yfir öll þau mál sem upp hafa komið og úthlutað nýjum beiðnum um heimahjúkrun í hverfinu sem samþykktar hafa verið.

„Þetta er allt öðruvísi vinnustaður en til dæmis deildir á spítala eða hjúkrunarheimili,“ segja sjúkraliðarnir. „Við vinnum svo mikið einar, erum í vitjunum nánast allan vinnutímann. Við hittumst oftast inni á miðstöðunni þegar vaktin byrjar. Stundum þarf þó að byrja strax á morgnana í vitjunum til að hafa skjólstæðinga tilbúna það snemma til að fara í dagvistanir. Þess vegna verða daglegu samskiptin minni en inni á deildum sjúkrahúsanna. Síðan hittumst við á hverfafundum einu sinni í viku og þá förum við stundum út að borða saman í hádeginu. Hérna höfum við aðgang að nýju mótuneyti ásamt starfsfólki Heilsugæslunnar í Mjóddinni, en sjúkraliðarnir hafa ekki enn vanist því og eiga oft óhægt um vik að koma inn í hádeginu, og láta sér því oftast nægja að fá sér eitthvað að borða á ferðinni.“

Verkefni starfsmanna heima- hjúkrunar

Verkefni þeirra sem annast heima- hjúkrun á höfuðborgarsvæðinu eru skilgreind sem hér segir í þjónustureglum miðstöðvarinnar.

- ADL, það er aðstoð við persónulega umhirðu sem ekki er í verkahring heimaþjónustu.
- Hreyfing, útbúa æfingarprógram, gönguæfingar.
- Næring, eftirlit með næringu.
- Losun úrgangsefna, þvagleggsísetning, residualþvag.
- Sáramedferð, einföld, flókin sár.
- Lyfjagjöf í æð, vöðva, undir húð, blöndun lyfja.
- Lyfjaeftirlit, eftirlit með því að lyfin séu tekin og aukaverkanir.
- Lyfjatiltekt ekki á vegum heimahjúkrunar.
- Tækjamedferð, TNS tæki, lyfjadælur, brunnar, sog.
- Húðmedferð, einföld, flókin.
- Rannsóknir, TT(PP), blóðprufur, þvagprufur.
- Eftirlit ýmiskonar.
- Stuðningur við einstaklinga og aðstandendur.
- Fræðsla um meðferð og úrræði til einstaklinga og aðstandenda.
- Samskipti við stofnanir og stuðningsaðila sem koma að.
- Skráning á hjúkrunaráætlun, framvindu og mati.

Heimahjúkrun sinnir ekki heimilisstörfum né útréttingum fyrir þá sem hún þjónar, né heldur þeim störfum sem lög um félagsþjónustu kveður á um, en þar segir að sveitarfélagið skuli sjá um félagslega heimaþjónustu til handa þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduadstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

Hlutverk heimahjúkrunar

Hlutverk Miðstöðvar heimahjúkrunar er að sinna heimahjúkrun á þjónustusvæðinu og hafa yfirsýn yfir þá heilbrigðisþjónustu og meðferð sem skjólstæðingar miðstöðvarinnar njóta í heimahúsi.

Til þess að Miðstöð heimahjúkrunar geti sinnt hlutverki sínu þarf:

- nána samvinnu við heilsugæslustöðvar og sjálfstætt starfandi heimilislækna
- hæft starfsfólk til að tryggja gæði þjónustunnar
- virka þátttöku í kennslu heilbrigðisstarfsfólks
- rannsóknir til að dýpka skilning og þekkingu og auka gæði þjónustunnar
- innlent og erlent þverfaglegt samstarf og nána samvinnu við hagsmunaaðila sem vinna að velferð þeirra sem vilja dvelja sem lengst heima.

Miðstöð heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Mjóddinni

Sjötíu sjúkraliðar við heimahjúkrun

„Miðstöð heimahjúkrunar hefur um 120 starfsmenn í vinnu, þar af eru rúmlega sjötíu sjúkraliðar, um fjórtíu hjúkrunarfræðingar, tveir iðjubjálfar og tveir ritarar. Við erum núna að sinna um eitt þúsund skjólstæðingum í heimahjúkrun og vitjanir til þeirra eru 140-150 þúsund á ári,“ segir Þórdís Magnúsdóttir, forstöðumaður heimahjúkrunar hjá Miðstöð heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Þórdís útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur árið 1976, fékk sérfræðileysi í hand- og lyflæknishjúkrun 1983 og útskrifaðist úr námi í Stjórnun og rekstri í heilbrigðisþjónustunni 2003. Hún starfaði fyrst í Vestmannaeyjum en síðar á Landakoti, Sjúkrahúsi Reykjavíkur og hjá heilsugæslunni í Kópavogi. Hún tók við núverandi starfi árið 2003.

Miðlæg þjónusta

Sjúkraliðinn bað Þórdísi fyrst að segja frá helstu verkefnum Miðstöðvar heimahjúkrunar.

„Hér áður fyrr var heimahjúkrunin á heilsugæslustöðvum úti í hverfum borgarinnar, en á því varð breyting árið 2002 þegar heimahjúkrunin var gerð miðlæg,“ segir Þórdís. „Núna veitir Miðstöð heimahjúkrunar þjónustu allan sólarhringinn í Reykjavík og á Seltjarnarnesi, kvöld- og helgarþjónustu í Mosfellsbæ og kvöldþjónustu í Kópavogi. 1. janúar 2006 var sameining á allri heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og Heilsugæslan í Reykjavík varð Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins.“

Árið 2004 var þjónusta Miðstöðvarinnar aukin með stofnun geðteymis heimahjúkrunar. Þar starfa tveir sjúkraliðar í fullu starfi og fjórir hjúkrunarfræðingar en ekki allir í fullu starfi. Þær hafa gott samstarf við geðdeildir LSH. Þessi þjónusta hefur gefist mjög vel.

Síðastliðið haust var stofnað til samstarfs miðstöðvarinnar og LSH um heimatými sem fylgir eftir einstaklingum sem eru eldri en 67 ára og þurfa mikla hjúkrunarþjónustu á heimilinu. Innan miðstöðvarinnar eru í teyminu tveir hjúkr-



Þórdís Magnúsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar heimahjúkrunar höfuðborgarsvæðisins, á skrifstofu sinni við Álfabakka í Mjóddinni.

Hverfaskipting heimahjúkrunar

Heimahjúkruninni í Reykjavík og á Seltjarnarnesi er skipt niður í þrjú hverfi sem hvert um sig hefur eigin hverfisstjóra.

Hverfi 1: Vestan Kringlumýrabrautar, Hlíðasvæði, Norðurmýri, Hátún, Miðbær, Vesturbær, Mela- og Hagahverfi, Seltjarnarnes og Skerjafjörður.

Hverfi 2: Austan Kringlumýrabrautar, að Reykjanesbraut. Leiti, Gerði, Fossvogur, Smáibúðahverfi, Sléttuvegur, Voga- og Heimahverfi, Háaleitishverfi, Teigar, Lækir, Sundin og Kleppsholt.

Hverfi 3: Austan Reykjanesbrautar. Breiðholt, Árbær, Ártúnsholt, Grafarvogur og Grafarholt.

unarfræðingar og þrjú sjúkraliðar, þar af einn með framhaldsnám í hjúkrun aldradra, en af hálfu LSH lækni, hjúkrunarfræðingur með sérmenntun í hjúkrun aldrada, iðjubjálfi og sjúkraþjálfari. Það tók smá tíma í upphafi að samhæfa þessi tvö ólíku heilbrigðiskerfi, en nú er komin góð reynsla á þetta samstarf. Að meðaltali er verið að sinna tuttugu skjólstæðingum í einu. Miðað er við að þeir séu ekki lengur á vegum teymisins en þrjá mánuði, en útskrifist þá alveg, eða fara annað hvort í hefðbundna heimahjúkrun eða inn á öldrunarstofnanir.

Þann 18. nóvember 2003 undirrituðu borgarstjóri og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samkomulag um rekstur tilraunaverkefnis um samþættingu félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar. Verkefnið varð til í kjölfar skýrslu samráðshóps um málefni eldri borgara frá nóvember 2002 sem skipaður var af ríkisstjórn. Tilraunaverkefnið hófst formlega 1. febrúar 2004 og lauk í febrúar 2006.

Síðan var ákveðið að framlengja það frá maí 2006 til maí 2007. Verkunum er oft skipt þannig að heimahjúkrun sinnir einstaklingi að hluta og félagsleg heimaþjónusta að hluta. Stundum er okkar þáttur lítill en þeirra meiri og í sumum tilvikum er heilsa skjólstaðingsins orðin það góð að við getum útskrifað hann yfir til félaglegrar heimaþjónustu.“

Mest sex vitjanir á sólarhring

Þegar nýr skjólstaðingur kemur í þjónustu heimahjúkrunar er unnið eftir ákveðnu þjónustuferli.


„Við gerum kröfu um að fá skriflega beiðni um einstakling sem óskar eftir heimahjúkrun,“ segir Þórdís. „Beiðnin þarf að berast frá heilbrigðisstarfsmanni eða félagsþjónustunni. Þar þarf að koma fram sjúkdómsgreining og þeir þættir sem óskað er sérstaklega eftir að mat sé lagt á með tilliti til hjúkrunarþjónustunnar.“

Þegar skrifleg beiðni berst fer hjúkrunarfræðingur í fyrstu vitjun og í kjölfarið er gert mat og hjúkrunaráætlun fyrir einstaklinginn. Síðan kemur ýmislegt í ljós þegar farið er að sinna skjólstaðingnum reglulega. Oft reynist þörf á að veita meiri þjónustu fyrir einstaklinginn en talið var í upphafi, en einnig kemur fyrir að hægt er að leysa hlutina með ákveðnum hjálpartækjum og stuðningi þannig að okkar þjónusta geti verið minni en talið var í upphafi og jafnvel útskrifað einstaklinginn.

Það er mjög misjafnt hvað hver og einn þarf mikla þjónustu. Sumir eru heimsóttir hálfsmánaðarlega eða vikulega, en aðrir fá allt að sex vitjanir á sólarhring. Þeim fer fjölgandi sem þurfa fleiri vitjanir, þar sem hjúkrunarþyngd skjólstaðinganna fer vaxandi. Þessi þjónusta er öll ókeypis, og sama á við um flest þau hjálpartæki sem einstaklingurinn fær inn á heimili sitt frá Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríksins, en þó ekki alveg öll.“

Heimilin eru vinnustaðir

„Íðjuþjálfar heimahjúkrunar fara inn á heimili nýrra skjólstaðinga og meta hvernig aðstæður eru og hvaða hjálpartæki komi að notum á hverjum stað, en í dag er orðið mun auðveldara að fá öll hjálpartæki,“ segir Þórdís. „Þeir kenna skjólstaðingum og starfsmönnum síðan að nota þessi hjálpartæki. Þetta er vissulega vandmeðfarinn þáttur í starfsemi. Oft þarf að leggja til ýmsar breytingar á heimilinu, en það er enginn sjóður til sem hægt er að sækja um í til að greiða fyrir slíkt. Þá þarf oft að leita á náðir ættingja. Einnig er oft nauðsynlegt að breyta upp-röðun á heimilunum þannig að hjálpartæki komi að notum. Það tekur stundum nokkurn tíma að koma þessu í kring, en



Hér má sjá hvernig skjólstaðingar Miðstöðvar heimahjúkrunar höfuðborgarsvæðisins skiptust eftir aldri og kynjum í september 2006. Konur voru í miklum meirihluta, og flestir voru 75 ára eða eldri.

yfirleitt tekst að ná sátt um þær breytingar sem gera þarf.

Í þessu sambandi höfum við síðustu misserin fjallað sérstaklega um hjálpartæki út frá vinnuvernd starfsfólksins. Við höfum fengið sérfræðinga frá Vinnuvernd til að kynna réttindi starfsfólksins, iðjuþjálfar hafa haldið námskeið fyrir starfsfólkið, og fyrirtæki sem selja hjálpartæki bjóða starfsfólki okkar að koma til að kynna sér tækin og læra á þau. Við erum mjög meðvitund um það í dag að heimilin eru ekki einungis heimili skjólstaðinga okkar, heldur líka vinnustaðir starfsfólksins og að hjálpartækin eru mikilvæg fyrir báða aðila, jafnt þá sem þiggja þjónustuna og veita hana.“

Reynir mikið á

„Heimahjúkrun er oft erfið og reynir á þolrifin,“ segir Þórdís. „Þú ert að fara á ýmsa staði í allskonar veðráttu og inn á allskonar heimili, og það er stundum ekki auðvelt. En jafnframt er þetta mjög gefandi starf og mörgum finnst ánægjulegt að geta veitt þessa þjónustu.“

Það reynir mikið á að þurfa að vinna aleinn í heimahúsi sem er ekki verndað umhverfi eins og sjúkrahúsirnar eru. Inni á deild hefur starfsmaður alltaf einhvern á bak við þig, einhvern sem þú getur stuðst við eða kallað hratt og fljótt í ef þörf krefur, en í heimahjúkrun hefur þú ekki alltaf annan starfsmann með þér eða nálægt þér. Starfsmenn okkar eru með síma í

Heimageðhjúkrun

Í heimageðhjúkrunarteymi starfa hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar. Þjónusta er veitt frá klukkan átta að morgni til klukkan átta að kvöldi alla virka daga. Veitt er þjónusta til þeirra einstaklinga 18 ára og eldri sem eiga við geðsjúkdóma að stríða.

Teymið veitir einnig sérhæfða þjónustu til kvenna sem eiga við geðraskanir að stríða á meðgöngu og eftir fæðingu barns.

Hlutverk þjónustunnar er:

- Að sinna geðhjúkrun einstaklinga með geðraskanir í heimahúsum.
- Að fylgjast með, endurmeta og skrá árangur meðferðar.

Markmið þjónustunnar er:

- Að tryggja samfellu í meðferð einstaklinga með geðraskanir 18 ára og eldri.
- Að efla sálrænt og félagslegt heilbrigði einstaklinga sem stríða við geðraskanir og fjölskyldna þeirra.
- Að draga úr endurinnlögnum á sjúkrahús.
- Að styrkja aðlögunarhæfni einstaklinga eftir útskrift af sjúkrahúsum.
- Að hvetja einstaklinga með geðraskanir til sjálfshjálpar og sjálfsvirðingar.

vinnunni og geta þess vegna alltaf hringt hingað í miðstöðina eða í næsta starfsmann sem þeir vita að er einhvers staðar nálægur, en hjálpin kemur ekki strax. Oft þarf að taka ákvarðanir á staðnum og stundum hefur starfsmaður ekki annað úrræði, ef eitthvað er að hjá skjólstaðingi, en að hringja í 112, neyðarlínuna.

Við leggjum áherslu á að vera vel meðvituð um allar aðstæður á vinnustöðum starfsmanna okkar. Stundum kemur fljótlega í ljós að það er betra fyrir alla aðila að senda tvo starfsmenn í tiltekin verk eða inn á ákveðin heimili. Þeir sem eru á næturvakt fara líka alltaf tveir og tveir saman í vitjanir, við sendum aldrei starfsmann einan síns liðs í vitjun á nóttunni.“

Sjúkraliðar áður á biðlista

Það er fyrst núna sem Miðstöð heimahjúkrunar finnur fyrir því að erfiðara sé að fá fólk til starfa en áður.

„Miðstöðin fékk aukafjárveitingu frá heilbrigðisráðuneytinu til að fjölga stöðugildunum í heimahjúkrun, enda er það stefna ráðuneytisins að leyfa einstaklingunum að vera eins lengi heima hjá sér og hægt er,“ segir Þórdís. „Hingað til hefur mönnunin gengið mjög vel og stór kjarni starfsfólks hefur verið hér mjög lengi. Sjúkraliðar hafa oft verið á biðlista eftir að komast í vinnu hjá okkur, enda ýmsir kostir við þessa vinnu, til dæmis að starfsfólkið getur að hluta til skipulagt vinnutíma sinn sjálf. Það eru auðvitað gerðar ákveðnar kröfur og vinnuplön, en starfsmaðurinn er ekki lokaður inni í átta tíma eins og á deildum sjúkrahúsanna. Þetta er aðeins sveigjanlegri vinnutími. En við erum aðeins að finna fyrir því núna að það þarf að hafa meira fyrir því að fá inn nýtt starfsfólk.“

En er algengt að sömu starfsmenn sinni sömu skjólstaðingum lengi?

„Við erum með skjólstaðinga í heimahjúkrun sem hafa notið þjónustu heimahjúkrunar til margra ára og í sumum tilvikum hafa sömu starfsmenn sinnt þeim lengi,“ segir Þórdís. „Mín tillaga er sú að fólk breyti til, það er styrkur fyrir starfsmennina sjálfa þegar upp er staðið þótt auðvitað sé alltaf erfitt að breyta til og byrja með nýja skjólstaðinga. Það tekur vissan tíma fyrir starfsmanninn að læra á skjólstaðinginn og skjólstaðinginn að læra á starfsmanninn og sætta sig við komu hans inn á heimilið. Faglega séð eiga starfsmennirnir að gæta þess að tengjast skjólstaðingi ekki of mikið, þeirra hlutverk er að veita faglega þjónustu á tilteknum sviðum. En auðvitað er hætt við því að bönd myndist á milli fólks ef skjólstaðingur hefur fengið þjónustu heimahjúkrunar mjög lengi og haft ákveðinn kjarna starfsfólks í kringum sig allan tímann.“

Ein stærsta ríkisstofnunin

„Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er ein af stærstu stofnunum ríkisins með um 720 starfsmenn, en þar af eru um 100 sjúkraliðar,“ segir Grétar Guðmundsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, í viðtali við Sjúkraliðann.

Stofnunin rekur fimmtán heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu, það er í Reykjavík, á Seltjarnarnesi, í Mosfellsdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Svæðið nær frá botni Hvalfjarðar suður í Kúagerði á Reykjanesi og austur í Þingvallasveit sem fær þjónustu frá stöðinni í Mosfellsbæ. Heilsugæslan

rekur einnig nokkrar miðstöðvar í aðalstöðvum sínum í Mjóddinni. Þeirra stærst er Miðstöð heimahjúkrunar með 120 starfsmenn, en þar af eru 70 sjúkraliðar, 45 hjúkrunarfræðingar, tveir iðjuþjálfar og þrjú ritarar.

„Sjúkraliðarnir vinna langflestir í Miðstöð heimahjúkrunar, en auk þess við heimahjúkrun í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ þar sem heilsugæslustöðvarnar sjá sjálfar um daglega þjónustu á virkum dögum og kvöldþjónustu á suðursvæðinu. Einnig eru sjúkraliðar starfandi inni á heilsugæslustöðvunum við ýmis störf, og það fer frekar í vöxt,“ segir Grétar.

Sameining síðustu ára

Á undanförunum árum hafa verið gerðar ýmsar skipulagsbreytingar á heimahjúkrun í Reykjavík. Fyrir nokkur árum var stefnan sú að heimahjúkrun ætti að vera hluti heilsugæslustöðva hvers borgarhverfis. Síðar þótti hagkvæmara að sameina heilsugæslu alls höfuðborgarsvæðisins í einni stofnun. En hvernig hefur sameiningarferli síðustu ára gengið?

„Þetta hefur gengið upp og ofan,“ segir Grétar. „Sumir hafa verið mjög ánægðir með sameininguna, en aðrir fundið þessu ýmislegt til foráttu. Ég veit að sumir á suð-

ursvæðinu, sem komu inn fyrir ári síðan, eru ekki alveg sáttir. En staðreyndin er sú að til að ná aukinni sérhæfingu og fylgja nauðsynlegri mannauðsstjórnun þarftu ákveðna stærð, það næst ekki í litlum einingum. Við höfum líka ákveðið sjálfstæði í vinnubrögðum á heilsugæslustöðvunum, en stofnunin er fjárhagslega og rekstrarlega ein heild, enda var aukin hagkvæmni eitt helsta markmiðið með sameiningunni.“

Eftirsóttur vinnustaður

Hingað til hefur Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins átt tiltölulega auðvelt með að fá hjúkrunarfólk til starfa.

„Já, það hefur yfirleitt gengið vel að manna heilsugæsluna,“ segir Grétar. „Áður fyrr var mikið leitað til okkar um vinnu, það voru biðlistar hérna, en síðustu misserin höfum við fundið fyrir nokkurri breytingu á því vegna þenslu á vinnumarkaðinum. Þetta er ekkert vandamál fyrir stofnunina, en við þurfum núna að auglýsa eftir fólki sem ekki var áður.“

Það er margt sem gerir hjúkrunarstörf hjá okkur eftirsótt.

Starfsfólk í heimahjúkrun hefur ákveðið sjálfstæði í starfi, og þótt vaktavinna sé víða í gangi er hún miklu takmarkaðri en á sjúkrahúsunum. Eðli málsins samkvæmt er mesti þunginn í heimahjúkrun á dagtíma.“

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er undir stjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, enda er það ríkið sem fjármagnar þjónustuna. Í framkvæmdastjórn stofnunarinnar eru Guðmundur Einarsson, forstjóri, Lúdvík Ólafsson, lækningaforstjóri, Þórunn Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri, Jónas Guðmundsson, fjármálastjóri, Jóna Lára Pétursdóttir, framkvæmdastjóri skrifstofusviðs og Grétar Guðmundsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs. Stjórnendur á hverri heilsugæslustöð eru yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri.



Grétar Guðmundsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Fyrsti vísir að heimahjúkrun í Reykjavík frá 1896

Frá hjálparstarfi til viðtækrar þjónustu

Heimahjúkrun gegnir vaxandi hlutverki í heilbrigðisþjónustu landsmanna. Másemdæminefnaði Heilbrigðisáætlun til ársins 2010, sem samþykkt var á Alþingi 20. maí 2001, er að finna það markmið að yfir 75% fólks 80 ára og eldri verði við svo góða heilsu að það geti með viðeigandi stuðningi búið heima. Meðal annars í þessum tilgangi er ætlunin að efla heimahjúkrun.

Umönnun aldraðra er vissulega vaxandi þáttur í starfi heimahjúkrunar, en alls ekki sá eini. Auk þess hefur í árunna rás orðið veruleg breyting á þörf fyrir heima-hjúkrun og helstu ástæðum hennar.

Reykjavík um aldamót 1900

Saga heimahjúkrunar í Reykjavík er samþætt félagslegri sögu Reykjavíkur og annarra þéttbýlisstaða á Íslandi að öðru leyti, sem aftur tengist atvinnusögu þjóðarinnar. Á síðari hluta 19. aldar varð mikil breyting á þjóðlífinu hér á landi við það að þéttbýlisstaðir tóku að myndast og fólk streymdi þangað úr sveitum landsins. Árið 1890 voru íbúar Reykjavíkur einungis 3.886 talsins, en árið 1901 hafði þeim fjölgað í 6.682 og 11.600 árið 1910.

Húsnæðismál alþýðunnar í Reykjavík voru bágborin og heilsuspillandi í lok 19. aldar og raunar var svo allt fram á miðja 20. öld. Híbylin voru hvorki vind- né vatnsheld og einkenndust af óþrifnaði, raka og skít. Kynding þeirra var allt önnur og lakari en tíðkast eftir að hitaveita kom til og lýsing einnig takmörkuð. Algengt var að í dimmum kjallarakompum hirtust allt að 12 manns án þess unnt væri að opna glugga. Í þessum kytrum var eldað og loftið svo fullt af reyk að súrnaði í augum. Í sömu húsakynnum voru þvegnir þvottar. Aðstæður utandyra voru ámóta daprar. Í vætutíð óðu bæjarbúar forna upp að öklum; í þurrkum var moldrok ef hreyfði vind. Skolpræsi voru opin og yfirfylltust stundum. Allt vatn var sótt í brunna, en vatnsból hættu að hafa undan við fjölgun bæjarbúa.



Kristjana Guðjónsdóttir, sjúkraliði, skrifaði ritgerð um ágrip af sögu heimahjúkrunar í Reykjavík þegar hún var í sérnámi í hjúkrun aldraðra. Hún hefur lengi starfað við heimahjúkrun.

Nábýli, lélegt húsnæði, kuldi og vösbúð ásamt vanþekkingu á sóttkveikjum greiddu smitsjúkdómum leið í Reykjavík,

Sendið ritgerðir

Sjúkraliðar skrifa ritgerðir um margvísleg viðfangsefni meðan á námi stendur. Margar þeirra eiga erindi til allrar stéttarinnar og þá er blað Sjúkraliðafélagsins kjörinn vettvangur til að koma þeim á framfæri.

Sjúkraliðar eru hvattir til að senda blaðinu ritgerðir sínar á skrifstofu félagsins að Grensásvegi 16, 108 Reykjavík.

til dæmis influensu, barnaveiki, mislingum og skarlatssótt. Veturinn 1906-1907 varð taugaveikifaraldur sem mátti rekja til brunns í Skuggahverfinu, en þá létust 98 manns. Spanska veikin herjaði á bæjarbúa 1918. Á árunum 1911-1925 var berklaveikin mannskæðasti sjúkdómur í Reykjavík og ágerðist stöðugt á því tímabili. Má geta þess að á árunum 1926-1930 náði „hvíti dauði“, eins og berklaveikin var stundum kölluð, hámarki sínu á landsvísu og árið 1930 dóu 232 landsmenn eða um 20% dauðsfalla það ár.

Brautryðjendastarf

Fyrsti vísir að heimahjúkrun í Reykjavík var þegar kvenfóringjar í Hjálpræðishernum fóru að sinna sjúkum og nauðstöddum árið 1896. Á þrem mánuðum það ár heimsóttu þær 353 heimili í bænum og vitjuðu 17 sjúklinga. Hjúkrunarstarf herkvennanna fólst ekki bara í hjúkrun sjúkra heldur úthlutuðu þær mat, fatnaði og lyfjum til sjúkra og fátækra. Þær lögðu líka fram krafta sína í þrifnað, matargerð og önnur heimilsstörf. Árið 1900 kom upp skarlatssótt í Reykjavík. Leitaði Guðmundur Björnsson héraðslæknir þá aðstoðar Hjálpræðishersins. Þessi beiðni hans var mikil viðurkenning á hjúkrunarstarfi Hjálpræðishersins.

Þorbjörg Sveinsdóttir stundaði homopátíu lækningar samhliða ljósmóðurstörfum í Reykjavík og hafði þar af leiðandi góða yfirsýn yfir heilsufar bæjarbúa. Eins og Hjálpræðisherinn hafði Hvítabandið lánað fátækum sjúklingum og sængurkonum legufatnað í fjögur ár áður en Þorbjörg lagði til árið 1901 að félag Hvítabandsins réði til sín konu til að vaka yfir sjúkum í Reykjavík. Félagið réði til sín Auðbjörgu Jónsdóttur sem hafði stundað aðhlynningar fyrir Hjálpræðisherinn. Hún hafði ekki menntun í hjúkrun en hafði reynslu í umönnun. Hvítabandskonur lögðu mikið til heilbrigðis-, félags- og líknarmála á Íslandi frá stofnun þess árið 1895. Má geta þess að þær lögðu grunninn að heimilis-

þjónustunni, sem síðar var rekin á vegum Reykjavíkurborgar.

Mikill skortur var á lærðum konum til að sinna sjúkum. Örfáar konur höfðu lært hjúkrun, og höfðu þær hlotið menntun í Danmörku. Það var ekki fyrr en upp úr aldamótum sem skilningur kom á því að það þyrfti sérmenntun til að hlúa að sjúkum. Hvítabandið var fyrsta kvenfélagið sem sýndi skilning á því að nauðsynlegt væri að mennta hjúkrunarkonur.

Á þessum árum var mikil eftirspurn eftir heimahjúkrun og var félag sett á fót til að mæta henni. Fyrir atbeina Oddfellow-reglunnar var Hjúkrunarfélag Reykjavíkur stofnað árið 1902. Formaður þess var Jón Helgason biskup. Það bauð fátækum sjúklingum sem ekki þáðu af sveit upp á heimahjúkrun. Fyrsta íslenska hjúkrunarkonan sem hafði menntun í hjúkrun var Guðný Guðmundsdóttir. Var hún ráðin til félagsins, en hafði áður starfað með félagi Hvítabandsins. Félagið bauð eingöngu upp á hjúkrun. Á fyrsta starfsári félagsins gat félagið ekki orðið við öllum beiðnum um heimahjúkrun. Var því fljótlega bætt við tveim hjúkrunarkonum og ljósmóður. Hjúkrunarfélag Reykjavíkur annaðist heimahjúkrun uns Hjúkrunarfélagið Líkn tók að fullu við af því, en fyrrnefnda félagið var lagt niður árið 1937.

Árið 1915 gekkst prófessorsfrú Cristophine Bjarnhjeðinsson, fyrrverandi yfirhjúkrunarkona á Laugarnesspítala, fyrir því að nokkrar konur í Reykjavík stofnuðu með sér félag sem þær gáfu nafnið Hjúkrunarfélagið Líkn. Meginmarkmið félagsins voru tvö. Í fyrsta lagi að beita sér fyrir því að efnalitlir sjúklingar í Reykjavík, sem ekki komust á sjúkrahús, gætu fengið faglega hjúkrun í heimahúsi endurgjaldslaust og í öðru lagi að vinna að bættu heilsufari og heilsuvernd í Reykjavík. Með stofnun Líknar hófst merkilegur kafli í íslenskrri heilbrigðisþjónustu. Má segja að starf félagsins hafi lagt grunn að því heilsuverndar- og forvarnarstarfi sem Reykjavíkurborg og síðar ríkisvaldið tóku við síðar. Hvítabandskonur komu Líkn til aðstoðar með fatnað, þó aðallega á börnin, sem höfðu ekkert til að klæðast. Hjúkrunarfélagið Líkn gaf mikið af matvælum og öðrum nauðsynjum á árunum 1921-1935.

Starfsemi Líknar var við stofnun félagsins stjórnað frá heimili Cristophine Bjarnhjeðinsson. Berklavarnarstöð Líknar var stofnuð árið 1919 og frá árinu 1921 var starfsemi rekin frá Sambandshúsinu við Sölvhólsgötu. Frá árinu 1941 jókst starfsemi félagsins mikið, og var þá ráðist í að flytja hana í rýmra húsnæði að Kirkju-

stræti 12. Var starfsemi þar til húsa þar til Heilsuverndarstöðin var tekin í notkun árið 1955. Christophine var formaður Líknar frá stofnun þess til 1930, en þá tók við Sigríður Eiríksdóttir, sem var formaður þar til félagið var lagt niður árið 1956.

Fram undir miðja 20. öld var ástandið slæmt á mörgum heimilum í bænum enda var kvennadaudi á aldrinum 10-40 ára mjög hár eða hærri en víðast hvar á Norðurlöndum og jafnvel þótt víðar væri leitað. Álagið var griðarlegt við hjúkrun berklasjúklinga í heimahúsum. Mjög mikil hætta var á smiti frá öndunarvegi og öllum áhöldum, fatnaði og rúmfötum.



Heimahjúkrunin var lengi til húsa í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg.

Breyttar áherslur

Fljótlega eftir lok síðari heimstyrjaldar varð áherslubreyting í skipulagi heilbrigðismála á Íslandi enda voru breyttir tímar í kjölfar byggingar Landspítalans á síðari hluta fjórða áratugarins og setningar almennra laga um alþýðutryggingar á árinu 1935. Í stað þess að leggja höfuðáherslu á að kljást við sjúkdóma var kostað kapps um að fyrirbyggja þá og annast eftirlit og fræðslu um heilsugæslu, og meiri áhersla var lögð á heilsuvernd. Má því segja að breytingin hafi falist annars vegar í því að ríkisvaldið og Reykjavíkurborg hafi tekist á hendur aukna ábyrgð á heilbrigðismálum, sem áður treysti meir á sjálfbodaliðsstörf, og hins vegar að störf heimahjúkrunar hafi smám saman færst úr bráðþjónustu

vegna skæðra smitsjúkdóma yfir í almennari hjúkrun, heilsuvernd og eftirlit.

Á árinu 1949 var lagður grunnurinn að byggingu Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og hófust byggingaframkvæmdir í maí 1950. Fyrsta starfsemi sem hófst í húsinu 1953 var ungbarnavernd Líknar og síðan öll starfsemi Líknar. Starfsemi heimahjúkrunar flutti í húsið 1955. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur var formlega tekin í notkun árið 1956. Það sama ár var Líkn lögð niður. Kjarninn af starfsfólki hinnar nýju Heilsuverndarstöðvar var raunar starfslið Líknar.

Takmörkuð umsvif

Samkvæmt ársskýrslu Heilsuverndarstöðvarinnar fyrir árið 1955 fóru bæjarhjúkrunarkonur í 2.505 vitjanir. Þá voru starfandi við stöðina þrjár hjúkrunarkonur. Næstu 9 árin, 1956-1965, var vitjanafjöldi heimahjúkrunar um 7.000 til 9.000 ár hvert. Hjúkrunarkonurnar voru öll þessi ár þrjár að tölu, en árið 1965 bættist við ljósmóðir í hálfu starfi.

Samkvæmt ársskýrslum þessara ára var aldurshópur skjólstæðinga mjög breiður. Stærsti hópurinn var þó 60 ára og eldri. Má því draga þá ályktun að frá þessum tíma hafi færst í vöxt að veita eldri borgurum heimahjúkrun vegna ellihrumleika án þess að um farsóttir hafi verið að ræða.

Þeir sjúkdómar sem taldir eru upp í

Þessum skýrslum eru einkum öldrunar-sjúkdómar, hjartasjúkdómar, lömun og sáramedferðir, ekki ósvipað því sem heimahjúkrun fæst við í dag.

Mikil aukning síðustu árin

Fjöldi vitjana í heimahjúkrun var rösklega 30 þúsund á árinu 1982 og sjúklingar 663 talsins. Vitjunum hafði fjölgað í riflega 91 þúsund áratug síðar, en þá voru skjólstæðingar 680. Á árinu 2003 hafði vitjunum fjölgað í 176 þúsund, en skjólstæðingar voru alls 1.811 talsins.


Ýmsar breytingar liggja til grundvallar þessari aukningu á þörf fyrir heimahjúkrun. Hér má nefna almenna fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu, en þó einkum hlutfallslega mun meiri fjölgun eldra fólks, skort á vistunarrými á öldrunar- og sjúkrafostunum, mikla fjölgun í byggingu íbúða fyrir aldraða þar sem engin sjúkrahjónusta er veitt og yfirlýsta stefnu stjórnvalda um að gera öllum kleift að búa á eigin heimili svo lengi sem aðstæður mögulega leyfa. Virðist þessi stefna fara vel saman við viðhorf stærstu hópa skjólstæðinga, eins og ítrekað hefur komið fram í yfirlýsingum forsvarsmanna samtaka aldraðra. Síðast en ekki síst má nefna að ljóst virðist að heimahjúkrun er langtum ódýrari heldur en önnur úrræði sem heilbrigðisyfirvöld eiga vól á þegar sjúkir eða aldraðir þurfa á þjónustu þeirra að halda.

Heimahjúkrun var til húsa í Heilsværndarstöðinni við Barónsstíg til ársins 1998.

Ríkið tók smám saman yfir starfsemi heimahjúkrunar af Reykjavíkurborg. Ríkið hafði unnið að uppbyggingu heilsugæslustöðva og var heimahjúkrun á vegum ríkisins fyrstu árin rekin frá heilsugæslustöðvum í hinum ýmsu hverfum borgarinnar. Það fyrirkomulag var þó skammlift því ákveðið var að flytja starfsemi aftur á einn samastað. Var stofnuð Miðstöð heimahjúkrunar í Reykjavík, sem tók til starfa 1. febrúar 2002 og var fyrst til húsa að Grensásvegi 8, en er núna við Álfabakka í Mjóddinni.

Fyrstu sjúkraliðarnir 1972

Upplýsingar um stöðugildi við heimahjúkrun veita einnig innsýn í þróun hennar. Einu starfsmenn við heimahjúkrun árin 1955-1964 voru þrjár hjúkrunarkonur. Stöðunum fjölgaði síðan hægt og bitandi eftir því sem eftirspurn eftir þjónustunni jókst. Á árinu 1972 var viðurkennt að þörf fyrir heimahjúkrun hefði vaxið verulega og ákveðið að gera nokkrar breytingar á fyrirkomulaginu í því augna-



Þessi tafla sýnir þróun heimahjúkrunar á árunum 1963-1982. Á myndinni er sýndur fjöldi sjúklinga (vinstri skali) og fjöldi vitjana (hægri skali) á umræddum árum. Eins og fram kemur var starfsemi tiltölulega stöðug og takmörkuð umfangs allt fram á áttunda áratuginn. Aukning varð á fyrri helmingi 8. áratugarins. Vitjanir urðu þannig fyrst yfir 10 þúsund talsins á árinu 1972. Á síðari helmingi 8. áratugarins var ástandið þó fremur stöðugt. Um 1980 tóku umsvifin síðan aftur að vaxa hratt og á síðasta ári voru skjólstæðingarnir um eitt þúsund og vitjanirnar um 140-150 þúsund.

miði að auka og bæta þjónustuna. Ráðin var deildarhjúkrunarkona til að hafa umsjón með starfsemi. Heimahjúkrun fékk herbergi til afnota, en það hafði hún ekki haft fyrr. Sýnir þetta ágætlega að fram til þessa tíma var heimahjúkrun mjög veigalítil þáttur í starfsemi Heilsværndarstöðvarinnar.

Til að efla starfsemi var á árinu 1972 einnig ákveðið að ráða sjúkraliða til starfa. Á þessu ári voru starfandi í fullu starfi fimm hjúkrunarkonur og tveir sjúkraliðar. Árið 1983 voru 12,7 stöðuheimildir fyrir hjúkrunarfræðinga og 11,4 fyrir

sjúkraliða. Tiltölulega lítil breyting varð næstu ár á eftir, eins og ráða má af því að á árinu 1998 voru starfandi 24 starfsmenn í 19,4 stöðugildum, sem skiptust nokkurn vegin jafnt milli hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Mikil fjölgun hefur síðan orðið síðustu árin, sem sést af því að á árinu 2003 voru ársverk við heimahjúkrun alls 69,83 talsins, þar af hjúkrunarfræðinga 23,91 og sjúkraliða 43,57. Er því ljóst að auk þess sem starfsfólki við heimahjúkrun hefur fjölgað verulega síðustu árin, hafa sjúkraliðar þar tekið að sér vaxandi hlutverk og eru þar í miklum meirihluta.



Sjúkraliðar í heimahjúkrun að störfum við tölvurnar í Miðstöð heimahjúkrunar við Álfabakka.



Spjallað saman fyrir afhjúpun listaverksins, frá vinstri: Palle Nielsen, formaður danskra sjúkraliða, Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, og Magnús Pétursson, forstjóri LSH.

Frábær frammistaða starfsmanna LSH

Á fjórutíu ára afmæli Sjúkraliðafélags Íslands færði félagið starfsmönnum og stjórnendum Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH) viðurkenningu fyrir frábær störf á erfiðum tímum sem reynt hafa á þórfir allra þeirra sem vinna við sjúkrahúsið. Viðurkenningin er listaverk með heilræðum úr Hávamálum.

Haldið var upp á afmælið 17. nóvember síðastliðinn. Að morgni þess dags var farið á Landspítala-háskólasjúkrahús til að færa spítalanum og starfsmönnum hans viðurkenninguna.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, og Magnús Pétursson, forstjóri LSH, afhjúpuðu listaverkið sem er á vegg við stigapall nærri aðallyftum á 1. hæð á Landspítala við Hringbraut. Kristín flutti eftirfarandi ávarp þar sem hún gerði grein fyrir viðurkenningu félagsins:

Umbreytingar og byltingar

„Á tímamótum sem þessum, það er 40 ára afmæli Sjúkraliðafélags Íslands, er okkur nauðsynlegt að líta yfir farinn veg, í þeim tilgangi að gleðjast yfir því sem vel var gert, læra af mistökum okkar, því sem miður hefur farið, og þakka forsjóninni fyrir góð kynni af samferðarfólki sem orðið hefur á leið okkar. Um sum þeirra



Magnús Pétursson og Kristín Á. Guðmundsdóttir við listaverkið sem byggt er á einu erindi í Hávamálum.

kynna má segja að þau séu eins og hver önnur skyndikynni sem litlu breyta, önnur marka áþreifanlegt spor á samtíðina og umhverfi okkar.

Það má með sanni segja að við höfum lifað á tímum umbreytinga og byltinga á sviði heilbrigðisþjónustunnar. Til skamms tíma voru hér í Reykjavík þrjú stór sjúkra-

hús sem eftir mikið umrót, sameiningar og sundrunu hafa verið sameinuð í eitt stórt sjúkrahús. Fyrir sjúkraliða, eins og annað starfsfólk, skipti það miklu máli hvernig til tækist því minnstu breytingar í vinnuumhverfinu hafa oft en ekki alvarleg áhrif á líðan þeirra.

Þrátt fyrir miklar fjárhagsþrengingar og

... ef þú vin átt ...

VEISTU
EF ÞÚ VIN ÁTT
ÞANN ER ÞÚ VEL TRÚIR
OG VILT ÞÚ AF HONUM GOTT GETA
GEÐI SKALTU VIÐ ÞANN BLANDA
OG GJÖFUM SKIPTA
FARA AÐ FINNA
OFT

kröfu stjórnvalda um niðurskurð og aðhald hefur starfsfólki Landspítala-háskólasjúkrahúss tekist að halda sönum í erfiðri skerjasiglingu sem gert hefur miklar kröfur til starfsmanna sjúkrahússins, án tillits til starfs eða stöðu. Allir hafa lagst á eitt að gera sér lífið bærilegt þrátt fyrir allt. Fyrst og síðast hefur það tekist fyrir góðan vilja, virðingu og vitund þeirra sem að málu komu, fyrir nauðsyn þess að fullt samráð sé haft við starfsfólk og upplýsingum sé komið á framfæri við þá sem hagsmunu hafa að gæta og málið varðar hverju sinni.

Með tilliti til þess sem hér hefur verið sagt hefur stjórn Sjúkraliðafélags Íslands ákveðið að veita starfsmönnum Landspítala-háskólasjúkrahúss viðurkenningu fyrir frábæra frammistöðu á erfiðum tímum umróts og umbreytinga sem hver einasti einn hefur orðið að takast á við frá degi til dags.

Fjallar um rétta hegðun

Verkið sem hér er afhjúpað er, eins og margt annað gott, samstarfsverkefni ólíkra aðila, þeirra Guðjóns Davíðs Jónssonar, grafíks hönnuðar, Soffíu Árnadóttur, leturlistamanns og Antons Helga Jónssonar, skálds, auk okkar sem stöndum að gerðinni fyrir hönd Sjúkraliðafélags Íslands.

Textinn sjálfur sem grundvallar verkið er sóttur í Eddukvæði. Hávamál eru mælt af hinum háa, lögð í munn Óðins þar sem hann segir frá lífsspeki sinni og hvernig



Guðjón Davíð Jónsson, grafískur hönnuður, og Soffía Árnadóttir leturlistamaður.

skuli bera sig. Okkur sem stöndum að gerð þessa verks fannst textinn eiga vel við um tilgang okkar og markmið með gjöfinni og höfða til allra þeirra sem málið varðar, starfsfólk sjúkrahússins, stjórnenda, atvinnuveitenda okkar, það er sjúklinga sem hingað leita sér til heilsuþótar, eins og ekki síður til þeirra sem hér koma til að gera sjúklingum lífið léttbærara. Textinn fjallar um siðferði, siðfræði og um rétta hegðun.

Ég vil biðja Magnús Pétursson, forstjóra Landspítala, að koma til mín og taka við viðurkenningu félagsins fyrir sína hönd og annarra starfsmanna sjúkrahússins fyrir frábær störf á erfiðum tímum sem tekið hefur á þolrif allra þeirra sem vinna við sjúkrahúsið.

Kristín og Magnús afhjúpuðu því næst listaverkið í sameiningu, og forstjórinn færði Sjúkraliðafélaginu alúðarþakkir Landspítalans og starfsmanna fyrir gjöfina.

Greinargerð

Leturlistaverkinu fylgdi eftirfarandi greinargerð frá Sjúkraliðafélagi Íslands:

Í tilefni af 40 ára afmæli Sjúkraliðafélags Íslands veitir félagið starfsfólki og stjórnendum Landspítala-háskólasjúkrahúss viðurkenningu fyrir vel unnin störf á tímum umbreytinga og umróts við sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Viðurkenning félagsins er veitt með sérstöku tilliti til góðrar samvinnu og samráðs stjórnenda og starfsmanna sem orðið hefur til þess að gera breytingarnar bærilegri.

Þeir sem að verkinu komu auk stjórnar SLFÍ eru: Guðjón Davíð Jónsson, grafískur hönnuður, Anton Helgi Jónsson, skáld, og Soffía Árnadóttir, leturlistamaður.



Sjúkraliðar jafnt sem yfirmenn á Landspítala-háskólasjúkrahúsi fylgdust með athöfninni þegar leturlistaverkið var afhjúpað.

Frumkvöðlar með frjóa hugsun og kjark

Þrjú frumkvöðlar sjúkraliðamenntunar á Íslandi voru heiðraðir sérstaklega á afmælishátíð Sjúkraliðafélags Íslands 17. nóvember síðastliðinn, þær Ragnheiður Guðmundsdóttir, læknir, Ingibjörg R. Magnúsdóttir, fyrrum forstöðukona Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, og Guðrún Halldórsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Námsflokka Reykjavíkur.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, ávarpaði gesti í afmælishófinu, sem haldið var í nýju anddyri Laugardalshallarinnar, og gerði grein fyrir heiðursviðurkenningum félagsins á þessu afmælisári:

„Sjúkraliðafélag Íslands stendur enn einu sinni á tímamótum. Í sögu mannskynsins eru 40 ár skammur tími en saga verkalýðshreyfingarinnar er tiltölulega ung. Félagið var stofnað að frumkvæði þá nýútskrifaðra sjúkraliða og skemmtilegt til þess að vita að einn helsti frumkvöðull að stofnun félagsins var Valgerður Eyjólfsdóttir, þá nýútskrifaður sjúkraliði á Landakoti, og var stofnfundurinn haldinn 21. nóvember 1966. Til fyrsta fundarins boðuðu 4 konur og 2 karlmenn. Hafi það verið þversnið af kynjahlutföllum innan félagsins þá hefur orðið veruleg breyting á, í dag eru karlmenn innan við 2% félagsmanna sem eru þó nokkuð á þriðja þúsund. Þess má geta í framhjáhlaupi okkur til gamans að Valgerður er amma Gunnars Gunnarssonar, hagfræðings sem veitt hefur félaginu ómetanlega aðstoð í baráttu þess síðustu árin, fyrir bættum kjörum stéttarinnar. Hann hefur satt best að segja uppskorið eins og hann sáði, því sambýliskona hans og unnusta er sjúkraliði sem hann kynntist í harðvítugri kjaradeilu félagsins og viðsemjenda þess haustið 2001.

Frumkvöðlarnir

Eins og gefur að skilja verður ný hjúkrunarstétt ekki til af sjálfri sér, til þess þurfa tilteknar forsendur að vera fyrir hendi eða óleystur vandi sem þarf að leysa, frumkvöðlar með frjóa hugsun og



Frumkvöðlar heiðraðir. Frá vinstri: Ragnheiður Guðmundsdóttir, Ingibjörg R. Magnúsdóttir og Kristín Á. Guðmundsdóttir sem afhenti viðurkenningar félagsins. Guðrún Halldórsdóttir gat ekki verið viðstödd athöfnina.



Ragnheiður Guðmundsdóttir í ræðustól.

kjark til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Að öllum öðrum ólöstuðum eru það tveir einstaklingar - konur sem beittu sér fyrir menntun nýrrar hjúkrunarstéttar sem hugsanlegri lausn á miklum vanda vegna mikils skorts á hjúkr-unarkonum. Þess má geta til fróðleiks, að í upphafi var leitað til Íslensku málnefndarinnar um starfsheiti fyrir stéttina sem lagði til starfsheiti svo sem: Sjúkraþerna, sjúkraþjónn eða sjúkrahjálpari, auk þess sem talað var um sjúkrasystur, Rauða kross systur eða líknarsystur, en auk ýmsra annarra hafði forusta Rauða krossins haft veruleg afskipti af málinu að undirlagi Ragnheiðar Guðmundsdóttur, læknis. Ekkert þessara starfsheita fékk viðurkenningu, í stað þess var tekið upp starfsheitið „Sjúkraliði“ - starfsheiti sem lýsir vel störfum og starfsvettvangi stéttarinnar og er við líði enn í dag. Kannski er komin tími á að endurskoða starfsheitið og bæta aftan við það nýju viðskeyti



Gestir í afmælishófinu hlýða á formann félagsins flytja ávarp og afhenda viðurkenningar félagsins í tilefni af fjörutíu ára afmælinu.

annað tveggja –tækni eða –fræðingur svo við séum í takt við tímann. Við yrðum þá annað tveggja „Sjúkratæknar“ eða „Sjúkrafræðingar“. Hvernig litist ykkur á?

Þessir einstaklingar sem ég vék að hér á undan og beittu sér fyrir menntun og tilkomu stéttarinnar eru þær Ragnheiður Guðmundsdóttir, lækni og Ingibjörg R. Magnúsdóttir, fyrrverandi skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, áður forstöðukona við sjúkrahúsið á Akureyri. Þessar tvær merku konur sóttu fordæmi að menntun sjúkraliða sitt til hvorrar heimsálfunnar. Ragnheiður var menntuð í Bandaríkjunum og hafði kynnst því af góðri raun að þar var starfandi hjúkrunarfólk með tvennskonar hjúkrunarmenntun. Það hafði mikið vatn runnið til sjávar frá því hún fyrst kynnti hugmynd sína um menntun sjúkraliða með grein í Morgunblaðinu í október 1962 þar til fyrstu sjúkraliðarnir voru útskrifaðir frá Fjórðungs-sjúkrahúsinu á Akureyri og Landakoti að undirlagi þessara tveggja sæmdarkvenna.

Ingibjörg R. Magnúsdóttir sótti hugmynd sína að nýrri hjúkrunarstétt til Danmerkur þar sem hún sótti nám í hjúkrunarkennslu við háskólann í Árósum. Við heimkomuna fór Ingibjörg að kynna sér möguleika á stofnun sjúkraliðaskóla hér heima. Mikill skortur var á menntuðum hjúkrunarkonum og víða var hópur gangastúlkna sem svo voru nefndar fjölmennari en starfandi hjúkrunarkonur á viðkomandi sjúkrahúsi. Með leyfi Sigurðar Sigurðssonar, land-

læknis fékk Ingibjörg heimild til að setja á stofn námskeið í sjúkrahjálpi við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þaðan voru fyrstu 14 sjúkraliðarnir útskrifaðir þann 26. maí 1966.

Við Landakot hafði sérstaklega þrjú innan kennt stúlkum sem þar unnu verklega hjúkrun. Löngu síðar, er haft eftir Dr. Bjarna Jónssyni lækni, hófst menntun sjúkraliða við sjúkrahúsið að amerískri fyrirmynd fyrir skelegga baráttu Ragnheiðar Guðmundsdóttur, lækni. Í minningum sínum um þennan þátt í lífi sínu segir Ragnheiður: „Þegar ég lít til baka til þessara löngu liðnu ára finnst

mér að þetta leiðbeiningarstarf mitt í þágu sjúkraliða sé með því ánægjulegasta og áhugaverðasta sem ég hef fengist við á langri ævi.“

Forskóli Sjúkraliðaskólans

Við stofnun Sjúkraliðaskóla Íslands í október 1975 voru að hálfu stjórnenda skólans gerðar meiri kröfur um menntun nemenda sem óskuðu eftir inngöngu í skólann. Með því voru margir áhugasamir einstaklingar útilokaðir frá námi. Í mörgum tilfellum var um að ræða konur sem horfið höfðu frá námi til að sinna heimilistörfum og barnauppleidi. Að



Sjúkraliðar og velunnar stéttarinnar fjölmenntu í afmælishófið sem haldið var í anddyri Laugardalshallar.

undirlagi Aðalheiðar Bjarnfredsdóttur, formanns Sóknar, var þeirri ósk komið á framfæri við heilbrigðisráðuneytið að starfsstúlkum sem áhuga hefðu á inn-göngu í Sjúkraliðaskólann gæfist kostur á frekara undirbúningsnámi sem auðveldaði þeim innngöngu í skólann. Í þeim tilgangi að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd leitaði skólinn að undirlagi ráðuneytisins til skólastjóra Námsflokka Reykjavíkur með ósk um að hann skipulegði undirbúningsnám sem gerði einstaklingum með ónóga menntun kleift að komast inn í Sjúkraliðaskólann.

Skólastjóri Námsflokka tók þessari málaleitan vel. Í upphafi var um einsvetrar nám að ræða og starfað í tveimur bekkjardeildum. Síðar varð breyting á inntökukröfum Sjúkraliðaskólans, þær hertar og til þess að fullnægja þeim kröfum varð að breyta Forskólanum og lengja námið í fjórar annir. Skólastjóri Námsflokka var á þeim tíma atorkona landsþekkt fyrir dugnað, mann-gæsku og ósérhlífni og stóð ekki upp á hana að hrinda náminu í framkvæmd. Um þetta verkefnið og fyrrum nemendur sína sagði skólstjórinn:

„Margs góðs er að minnast frá samstarfinu við nemendur Forskóla sjúkraliða. Oft hef ég dáðst að dugnaði og einbeiti þessa fólks sem þar hefur stundað nám ásamt með fullu starfi og heimilisforsjá og samt náð dágóðum árangri, og hef ég tæpast skilið hvernig það fer að því.“

Skólastjórinn sem mér hefur orðið svo tíðrætt um er engin önnur en Guðrún Halldórsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Námsflokka Reykjavíkur og alþingismaður.

Ég vil fyrir hönd forystu Sjúkraliðafélags Íslands biðja þessar heiðurskonur að koma hér upp og taka við viðurkenningu félagsins og sjúkraliða sem eiga þeim svo mikið að þakka fyrir forgöngu og baráttu fyrir menntun og tilurð stéttarinnar.“



Ógmundur Jónasson, formaður BSRB, afhendir Kristínu Á. Guðmundsdóttur, formanni Sjúkraliðafélagsins, gjöf í afmælishófinu.



Kristín Ólafsdóttir, varaformaður Sjúkraliðafélags Íslands, afhendir Guðrúnu Halldórsdóttur viðurkenningu félagsins.

Forskólanámið gekk afar vel

Guðrún Halldórsdóttir, sem var forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur í þrjátíu ár, var einn þeirra frumkvöðla í menntunarmálum sjúkraliða sem Sjúkraliðafélag Íslands veitti viðurkenningu í tilefni af fjörutíu ára afmæli félagsins – en hún setti á fót forskóla sjúkraliða sem gerði fjölmörgum kleift að komast í Sjúkraliðaskóla Íslands sem starfaði á árunum 1975 til 1990.

Guðrún Halldórsdóttir fæddist í Reykjavík 28. febrúar 1935. Hún tók stúdentspróf frá MR 1955, las íslensk fræði við Háskóla Íslands 1955-1957, lauk kennaraprófi við KÍ 1962 og BA-prófi í dönsku og sagnfræði frá HÍ 1967. Hún vann sem starfsstúlka í eldhúsi Vífilsstaðahælis sumurin 1950-1953, var starfsmaður Landsbanka Íslands 1954-1961, kennari við Lindargötuskóla 1962-1972, en tók þá við sem forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur og gegndi því starfi í þrjá áratugi. Hún sat á þingi fyrir Kvinnalístan á tíunda áratugnum.

Guðrún hafði ekki tók á að mæta í afmælishóf félagsins í nóvember. Kristín Ólafsdóttir, varaformaður Sjúkraliðafélagsins, afhenti henni gullnælu félagsins við sérstaka athöfn síðar.

Forskólinn hófst 1976

Guðrún segir að starf sitt hjá Námsflokku Reykjavíkur hafi verið mjög ánægjulegt og geysilega fjölskrúðugt. „Til okkar kom fólk úr öllum áttum, eiginlega þversnið af þjófélaginu, en allir höfðu það sameiginlegt að vilja mennta sig á nýjum sviðum,“ segir hún.

Afskipti Guðrúnar af menntun sjúkraliða hófst skömmu eftir að hún tók við Námsflokku. Sjúkraliðaskóli Íslands hóf göngu sína 1975 og gerði eins árs nám á framhaldsskólastigi að skilyrði fyrir innngöngu. Fjöldi fólks sem vildi komast í sjúkraliðanám hafði ekki slíka menntun. Guðrún ræddi vandamál þessa fólks við Sókn og skólastjóra Sjúkraliðaskólans og dreif í því sumarið 1976 að koma á fót undirbúningsnámi sem gerði konum og körlum sem skorti framhaldsmenntun kleift að komast inn í Sjúkraliðaskólann. Fyrsta árið voru nemendurnir fimmtíu talsins og kennslugreinarnar íslenska, danska, enska, stærðfræði, heilsufræði og sálarfræði.

„Við þurfum að sníða kennslu okkar eftir kröfum Sjúkraliðaskólans og þetta nám gekk afar vel hjá okkur,“ segir Guðrún þegar hún rifjar upp þessa gömlu daga. „Námsflokkanir gerðu mjög mörkum kleift að komast til frekara náms. Nemendurnir voru allir í vinnu og sóttu námið á kvöldin og um helgar. Við höfðum lengst af aðsetur í Miðbæjarskólanum.“

Stappað í þær stálinu

Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Sjúkraliðafélags Íslands, var ein þeirra sem sótti nám í forskólanum. Hún segir að námið hafi byrjað klukkan hálf sex síðdegis og staðið til tíu, hálf ellefu á kvöldin.

„Sjúkraliðar eru Guðrúnu afar þakklátir fyrir hennar framlag. Við værum ekki það sem við erum í dag ef hennar hefði ekki notið við. Í forskólanum voru margar konur sem höfðu lítið sjálfstraust, höfðu dottið mjög snemma út úr skóla og höfðu litla trú á að þær gætu lært. Guðrún gerði okkur kleift að mennta okkur samhliða vinnu og hún hafði sérstakt lag á að stappa stálinu í þær sem áttu erfitt eða voru á mörkunum að gefast upp,“ segir Birna.

Þakkir fyrir frábært og fórnfúst starf

Þrjár konur fengu sérstaka viðurkenningu á afmælishátíð Sjúkraliðafélags Íslands fyrir mikið og fórnfúst starf í þágu félagsins og stéttarinnar. Þær eru Málhildur Þóra Angantýsdóttir, Þorbjörg Ragnhildur Einarsdóttir og Þórdís Davíðsdóttir.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins afhenti viðurkenningarar og sagði við það tækifæri:

„Styrkur stéttarinnar og stéttarfélagsins er fólkið að baki forystunnar. Burðarásar þess eru óneitanlega trúnaðarmenn félagsins, sem oftast en ekki þurfa að bera hitann og þungann af amstri dagsins og eiga skýringar á flestu sem óljóst er.

Ég vil fyrir hönd félagsins biðja eftirgreindar máttarstöðir, sem með sannni má segja að hafi um árabíl verið hornstólpar samtaka okkar, að koma hér upp og veita viðtöku viðurkenningu félagsins fyrir frábært og fórnfúst starf í þágu stéttarinnar.

Málhildur Þóra Angantýsdóttir

Málhildur er fædd 2. júlí 1938 í Reykjavík. Hún útskrifaðist sem sjúkraliði frá St. Jósefsspítalanum Landakoti 1972. Trúnaðarmaður sjúkraliða á Landakoti 1972 og 1975 til 1991. Í stjórn Sjúkraliðafélags Íslands 1975 til 1983. Fulltrúi félagsins á stofnfundi EPN, Evrópusambands sjúkraliða, í Helsinski 1980. Í kjörstjórn Sjúkraliðafélags Íslands við stofnun félagsins. Formaður Vinnudeilusjóðs SLFÍ frá stofnun. Í starfsmannaráði Landskots sem fulltrúi starfsmanna. Í framkvæmdastjórn Landakots 1990 til 1994.

Málhildur hefur alla tíð verið einn af hornsteinum Sjúkraliðafélagsins og gegnt fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum í þágu stéttarinnar en hér hafa verið talin. Auk þess hefur Malla um árabíl verið ómissandi sem forseti á fulltrúaþingum félagsins, sem hún hefur stjórnað af festu, sannsýni og sanngirni. Auk þessa gegndi Málhildur fjölmörg-



Sjúkraliðar heiðraðir fyrir frábær störf í þágu stéttarinnar. Frá vinstri: Þórdís Davíðsdóttir, Þorbjörg Ragnhildur Einarsdóttir, Málhildur Þóra Angantýsdóttir og Kristín Á. Guðmundsdóttir sem afhenti þeim viðurkenningu félagsins.



Málhildur Þóra Angantýsdóttir þakkar fyrir viðurkenningu félagsins.

um pólitískum trúnaðarstörfum sem fulltrúi launþega innan Sjálfstæðisflokksins. Á stundum þótti okkur gott að eiga þar „hauk í horni“.

Þorbjörg Ragnhildur Einarsdóttir

Þorbjörg er fædd 11. október 1934 á Ísafirði. Hún útskrifaðist sem sjúkraliði frá Sjúkraliðaskóla Íslands 1981. Valin trúnaðarmaður sjúkraliða á deild 11-G skömmu eftir að hún hóf störf sem sjúkraliði. Í 20 ár gegndi hún starfi sem trúnaðarmaður á deild, þar af í 8 ár sem aðaltrúnaðarmaður sjúkraliða á Landspítalanum. Um þennan þátt í lífi sínu segir Þorbjörg: „Eftir 20 ár sem trúnaðarmaður, þar af 8 ár sem aðaltrúnaðarmaður sjúkraliða á Landspítalanum, tel ég mig hafa sterka mynd af þessu starfi. Þótt það geti oft verið erfitt á

samningstímum hefur það sýnt sig að þetta starf er mjög nauðsynlegt og lærdómsríkt, en ekki síður skemmtilegt.”

Lokorð Þorbjargar lýsa henni og jákvæðum viðhorfum hennar til starfsins best. Starfsfélagar kunna henni bestu þakkir fyrir frábært starf í sína þágu og félagsheildarinnar.

Þórdís Davíðsdóttir

Dísa er fædd 25. janúar 1945 á Jaðri á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu. Hún útskrifaðist sem sjúkraliði af Landspítalanum 1966. Sjúkraliði á Landspítalanum 1966 til 1973. Sjúkraliði á hjúkrunarheimili Sjálfsbjargar frá 1973 og þar til hún lét af störfum á síðasta ári. Í stjórn Sjúkraliðafélags Íslands 1982 til 1986. Lagði fram tillögu um gerð félagsfána á fundi stjórnar félagsins 16. janúar 1985, en fáninn var fyrst dreginn að hún á 20 ára afmæli félagsins 21. nóvember 1986. Átti sæti í uppstillingarnefnd og fjáröflunarnefnd félagsins um árabíl. Trúnaðarmaður félagsins í fjölda ára og sat í stjórn samtaka félaga heilbrigðisstétta sem fulltrúi SLFÍ.

Þórdís hefur starfað við Sjálfsbjargarheimilið frá stofnun þess 1973. Hún hefur átt sæti í stjórn starfsmannaráðs heimilisins frá 1991 og var fyrsti formaður þess og gegndi því til 1996. Hún kom á nýju inn í stjórn starfsmannaráðs Sjálfsbjargar 1998 og var tilnefnd fulltrúi starfsmanna í stjórn Sjálfsbjargar frá sama tíma. Dísa var sæmd gullmerki Sjálfsbjargar 2003. Hún lét af störfum vegna veikinda á síðastliðnu ári eftir 32 ára starf við Sjálfsbjargarheimilið. Í fagnaði sem henni var haldinn við starfslok komst hjúkrunarforstjóri heimilisins svo að orði um Þórdísi: „Að hún væri kona með gullhjarta.“ Betur verður Dísu ekki lýst. Það eru orð að sönnu. Á síðasta fundi sínum í stjórn hjúkrunarheimilis Sjálfsbjargar afhenti hún formanni félagsins 400 þúsund króna gjafabréf til félagsins.

Eigum þeim mikið að þakka

Ég vil fyrir hönd forystu Sjúkraliðafélags Íslands biðja þessar heiðurskonur að taka við viðurkenningu félagsins og sjúkraliða sem eiga þeim svo miklar þakkir að gjalda fyrir óeigingjörn störf í þeirra þágu og samfélagsins í heild. Þær hafa frá upphafi orðið til að efla félagsvitund sjúkraliða og staðið vörð um hagnunni heildarinnar í blíðu og stríðu. Fyrir forgöngu þeirra og breytni hafa einkunnarorð Sjúkraliðafélags Íslands fengið raunverulega merkingu: Samstaða er afl sem ekkert fær staðist.”



Gestir í afmælishófi Sjúkraliðafélags Íslands hlýða á formann félagsins flytja ávarp og afhenda viðurkenningar félagsins í tilefni fjörutíu ára afmælisins.

Svipmyndir úr hófinu



Sölvi Sveinsson, skólastjóri Verslunarskólans, Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, og Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, í móttökunni í anddyri Laugardalshallar.



Anna Björgmundsdóttir afhendir Kristínu Á. Guðmundsdóttur, formanni Sjúkraliðafélagsins, afmælisgjöf til félagsins, kvæði að vestan sem Anna flutti í hófinu.



Spjallað saman í hófinu. Fremst á myndinni eru sunnlensku sjúkraliðarnir Helga S. Sveinsdóttir, varaformaður Suðurlandsdeildar sjúkraliða, og Margrét Auður Óskarsdóttir, formaður deildarinnar.



Sjúkraliðar hlýða á framsöguerindi á afmælisráðstefnunni um hlutverk og hlutskipti sjúkraliða.

Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðisráðherra, á afmælisráðstefnunni:

Mikill árangur af baráttu stéttarinnar

„Ég vil leggja áherslu á að störf sjúkraliða á vettvangi heilbrigðisþjónustunnar eru afar mikilvæg og ég kann félagsmönnum miklar þakkir fyrir þeirra framlag til þjónustunnar. Stéttin er mjög mikilvæg og það ber að hlúa vel að henni,“ sagði Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðisráðherra, í ræðu á afmælisráðstefnu Sjúkraliðafélags Íslands.

3713 fengið starfsleyfi

Heilbrigðisráðherra óskaði félagsmönnum Sjúkraliðafélags Íslands til hamingju með fjörtíu ára afmæli fagfélags sjúkraliða. Fram kom í ræðu hennar að á þessum tíma hefðu alls 3713 sjúkraliðar fengið starfsleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, þar af 88 karlar.

Ráðherrann minntist í ræðu sinni á ýmsa áfanga í menntun sjúkraliða síðustu fjörtíu árin, þar á meðal framhaldsnámið sem væri merkur áfangi, og hina nýju sjúkraliðabréu.

„Mér er kunnugt um að einhverjir sjúkraliðar hafa lýst yfir óánægju með sjúkraliðabréuna. Ég vona þó að umræða um námið leiði til meiri sáttar um þá námsleið og að jafnframt verði tekið vel á



Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðisráðherra, í ræðustól á ráðstefnunni.

móti þeim sem ljúka náminu, sem ég reyndar efast ekkert um að verði gert,“ sagði Siv.

Mikill árangur

„Ég geri mér grein fyrir því að oft hafa blásið vindar um nám og störf sjúkraliða,

en í heildina tel ég að mikill árangur hafi náðst í baráttu stéttarinnar fyrir aukinni menntun og bættri stöðu félagsmanna á þeim fjörtíu árum sem liðin eru frá því að fagfélag sjúkraliða var stofnað.

Málefni sjúkraliða hafa gjarnan verið á borði heilbrigðismálaráðuneytisins, meðal annars í gegnum ýmiss konar nefndarstörf. Nefni ég þar sem dæmi nefnd sem var sett á laggirnar árið 2000, undir forystu Ragnheiðar Haraldsdóttur, skrifstofustjóra í ráðuneytinu. Það var einmitt í framhaldi af þeirri vinnu sem framhaldsnám sjúkraliða í öldrunarhjúkrun var sett á stofn, en Sjúkraliðafélagið hafði lengi barist fyrir framhaldsnámi fyrir sína félagsmenn.

Önnur nefnd sem starfaði samkvæmt bókun sex í samningi Sjúkraliðafélagsins og fjármálaráðherra frá 21. nóvember 2001 skilaði skýrslu á þessu ári sem kallast „Skýrsla nefndar um framtíðarstöðu sjúkraliðastarfsins.“ Í skýrslunni eru reif- aðar sjö tillögur um það hvernig unnt er að efla stéttina og leita leiða til þess að fjölga sjúkraliðum á komandi árum. Ég tel þetta allt mikilsverðar tillögur sem ýmist hafa verið teknar til athugunar eða verða skoðaðar á næstunni.“

Mikil þörf á sjúkraliðum

„Sjúkraliðar eru jafnframt ein af fjórum stéttum sem ráðuneytið hefur látið skoða sérstaklega með tilliti til þarfar fyrir vinnuafli í heilbrigðisþjónustunni, en það var árið 2004 sem ráðuneytið fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að gera spá um þörf fyrir vinnuafli fjögurra stétta, það er lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og sjúkraþjálfara. Er það í fyrsta skipti sem slíkar spár fyrir vinnuafli eru unnar, og verður aðferðin sem beitt er væntanlega þróuð frekar og spár birtar reglulega á komandi árum.

Í skýrslu Hagfræðistofnunar, sem bráðlega verður gefin út, kemur fram að mestur skortur er á sjúkraliðum og hjúkrunarfræðingum í dag og fyrirsjáanlega á næstu árum. Þetta er út af fyrir sig ekki alveg ný vitneskja, en báðar stéttirnar hafa verið skoðaðar sérstaklega og gerðar kannanir á fjölda og nýliðun í stéttunum. Skýrsla og spá Hagfræðistofnunar er hins vegar mun ítarlegri en fyrri kannanir og spár og fleiri þættir teknir inn í myndina. Má þar nefna ýmsa þætti sem hafa áhrif á framboð og eftirspurn eftir heilbrigðisstarfsfólki, svo sem lýðfræðilega þætti eins og fæðingar- og dánartíðni, fólksfjölgun og breytingar á aldurssamsetningu þjóðarinnar. Tækni- framfarir hafa einnig áhrif, breyttir lífn- aðarhættir, menntun og almenn hagsæld í landinu. Allt þetta hefur mikil áhrif á eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu, og þar af leiðandi á eftirspurn eftir heilbrigðisstarfsfólki. Í skýrslunni er jafnframt beitt meira en einu spálíkani og skoðað hver munurinn er á niðurstöðunum úr þeim.

Ef horft er á þætti, sem nefndir eru í skýrslunni að hafi áhrif á framboð á heilbrigðisstarfsfólki, má nefna breyttan vinnuafli með aðild Íslands að EES-samningnum. Nú er auðveldara en áður fyrir einstaklinga að sækja sér grunnmenntun í öðrum löndum innan svæðisins og eins að fara til starfa á svæðinu, því það ríkir frjálst flæði vinnuafli milli aðildarríkjanna. Vinnutískipun Evrópu- sambandsins, sem kveður á um vikulegan hámarksvinnutíma, 48 klukkustundir, hefur einnig áhrif, svo og breyttur tíð- arandi sem meðal annars birtist í kröfu fólks um styttingu vinnutíma og meiri frí- tíma til að geta sinnt fjölskyldu og ýmsum áhugamálum öðrum. Hér vegur einnig breytt löggjöf um fæðingarorlof og breyt- ing á eftirlaunaaldri fólks.“

Þarf 120-140 nýja sjúkraliða á ári

„Ljóst er að meðalaldur sjúkraliðastétt- arinnar er frekar hár og nýliðun er of lítil. Í skýrslunni kemur fram að á síðustu tíu árum hafa að jafnaði um 87 sjúkraliðaleyfi verið gefin út á ári. Sá fjöldi annar ekki eftirspurn innan heilbrigðisþjónustunnar, og



Við upphaf ráðstefnunnar. Frá vinstri. Palle Nielsen, formaður danskra sjúkraliða, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðisráðherra, og Edda Sjöfn Smáradóttir, ráðstefnustjóri.

við vitum jafnframt að það eru færri sjúkraliðar hér á Íslandi heldur en á hinum Norðurlöndunum. Í sameiginlegri skýrslu Norðurlandanna sem gefin er út af UNESCO árið 2003 kemur fram að fleiri sjúkraliðar eru starfandi á hverja hundrad þúsund íbúa innan heilbrigðis- og félagsþjónustunnar í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi heldur en hér á Íslandi. Það má segja það sama um Danmörku, en samkvæmt tölum frá UNESCO eru þó færri þar sem kallast sjúkraliðar. Aftur á móti eru fleiri stéttir í Danmörku sem starfa við umönnun.

Þetta sýnir að samburður milli landanna er tiltölulega flókinn, en það er alla vega mitt mat miðað við þær tölur sem ég hef skoðað, að við erum með fæsta sjúkraliða á hverja hundrad þúsund íbúa á Norðurlöndum. Þetta segir okkur að það þarf að fjölga þeim sem ljúka sjúkraliðanámi á Íslandi. Talið er að útskrifa þurfi á bilinu 120 til 140 sjúkraliða á ári.

Það er von mín að þegar þessi skýrsla liggur endanlega fyrir geti hún orðið mjög



Guðrún Lóa Jónsdóttir, sjúkraliði, söng nokkur lög við upphaf ráðstefnunnar og var vel fagnað af fundargestum.

gagnlegt vinnuskjal fyrir aðila eins og stofnanir, stjórnvöld, þar með talið ráðuneytið sem ég held utan um, en ekki síst menntamálaráðuneytið sem heldur utan um menntun sjúkraliða. Þar gæti skýrslan orðið grundvöllur að frekari vinnu og samstarfi með það í huga að fjölga sjúkraliðum sem hefja nám, efla áhuga á náminu, fjölga þeim sem ljúka náminu, um leið og maður vill að sjálfsgöðu huga vel að þeim sem þegar eru í starfi.“

Sóknarfæri í heimaþjónustu

„Ég hef oft sagt að það eru mikil sóknarfæri innan heilbrigðisþjónustunnar fyrir ykkar stétt. Ég vil taka eitt sóknarfæri hér sem dæmi, en það er hjúkrun og umönnun í heimahúsum. Á síðastliðnu sumri setti ég fram nýja sýn og nýjar áherslur í öldrunarmálum. Þar legg ég mjög mikla áherslu á fjölgun valkosta fyrir aldraða um aukna þjónustu í heimahúsum. Við sjáum það nú þegar að við erum með herra hlutfall aldrada á stofnunum þannig að ég tel mjög brýnt að efla heimaþjónustu og þar tel ég að sjúkraliðar eigi að gegna veigamiklu hlutverki. Þessi sýn er líka í samræmi við markmið heilbrigðisáætlunar til ársins 2010, en þar er gert ráð fyrir aukinni heimaþjónustu fyrir aldraða.

Ég vil leggja áherslu á að störf sjúkraliða á vettvangi heilbrigðisþjónustunnar eru afar mikilvæg og ég kann félagsmönnum miklar þakkir fyrir þeirra framlag til þjónustunnar. Stéttin er mjög mikilvæg og það ber að hlúa vel að henni. Ég vil hér að lokum sérstaklega fá að þakka formanni ykkar, Kristínu Á. Guðmundsdóttur, og framkvæmdastjóra, Gunnari Gunnarssyni, fyrir mjög gott samstarf á þeim tíma sem ég hef setið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Ég vil líka óska félaginu innilega til hamingju með afmælið og ég óska ykkur velfarnaðar í starfi. Störf ykkar eru mikilvæg og ég vil þakka fyrir framlag ykkar,“ sagði Siv Friðleifsdóttir.

Félagið verði bandalag faghópa í framtíðinni

„Ég hef þá framtíðarsýn að Sjúkraliðafélagið breytist frá því að vera lítið fagfélag, líkt og það var í upphafi er það hafði ekki sammingsréttinn, upp í að verða bandalag faghópa í heilbrigðis- og félagsgreinum,“ sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, í ræðu sinni á ráðstefnu félagsins um hlutverk og hlutskipti sjúkraliða.

Ráðstefnan var haldin 17. nóvember síðastliðinn til að fagna fjörtíu ára afmæli félagsins og horfa fram á veginn. Í ræðu sinni sagði Kristín að barátta félagsins þessa fjóra áratugi væri ótrúleg, eins og fram hefði komið í afmælisblaði Sjúkraliðans: „Ótrúlegust fyrir þær sakir að jafn þörf fagstétt og sjúkraliðar skuli hafa þurft að berjast fyrir hverju einasta atriði sem réttlætir tilveru stéttarinnar, starfsréttindum, menntun, krónum og aurum. Þetta þurfa sjúkraliðar að gera enn í dag þrátt fyrir að hrópað sé eftir starfskröftum þeirra.“

Kjarabarátta kvennastétta

„Við verðum þó að viðurkenna að í þessum málum höfum við náð þeim



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, flytur ræðu sína á afmælisráðstefnunni.

árangri að staðsetja okkur miðað við aðrar heilbrigðisstéttir, en svo var ekki áður,“ sagði Kristín. „Launamunur á sjúkraliðum og hjúkrunarfræðingum er orðinn sá, að við munum ekki ná lengra fyrr en hjúkrunarfræðingar ná árangri í sinni kjarabaráttu. Hjúkrunarfræðingar munu ekki ná tilætluðum árangri í kjarabaráttu sinni fyrr en þeir endurskoða starfsvettvang sinn. Á meðan hjúkrunarfræðingur vinnur störf sem teljast til starfa sjúkraliða á Norðurlöndum verður ekki breyting á.

Jafnframt er staðreyndin sú að kjarabarátta kvennastétta hefur ekki borið tilætlaðan árangur, og sorglegt til þess að vita að ekki bólar á að svo verði í nánustu framtíð. Nýleg könnun sýnir svo ekki verður um villst að við erum stödd á sama stað og fyrir 70 árum þegar greidd voru sérstök karlalaun og sérstök kvennalaun þótt bæði kynin hafi unnið nákvæmlega sömu störf. Þá voru rökkin að störfin væru líkamlega þung og því gætu konur ekki annað jafn miklu og karlar. Þar hefur orðið mikil breyting á. Störf eru orðin líkamlega léttari, nema þá ef vera skyldi hjúkrunarstörfin þar sem einn eða

Hlutverk og hlutskipti sjúkraliða

Ráðstefnan um hlutverk og hlutskipti sjúkraliða var haldin í húsakynnum BSRB 17. nóvember síðastliðinn í tilefni af fjörtíu ára afmæli félagsins, sem var stofnað árið 1966.

Edda Sjöfn Smáradóttir setti ráðstefnuna og stjórnaði henni. Guðrún Lóa Jónsdóttir, sjúkraliði, söng einsöng. Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðisráðherra, flutti ávarp. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, fjallaði um framtíðarsýn sjúkraliða. Palle Nielsen, formaður sjúkraliða í Danmörku, gerði grein fyrir menntun og starfssviði danskra sjúkraliða. Guðrún Sverrisdóttir og María Olafson, sjúkraliðar, fluttu kynningu á rannsóknarverkefni á öldrunarsviði LSH eftir Ingibjörgu Hjaltadóttur sem var erlendis. Björk Erlendsdóttir, nýútskrifaður sjúkraliði, ræddi um væntingar sínar til starfsins. Sigurbirna Haflídadóttir, sjúkraliði, lýsti störfum stéttarinnar fyrr á árum. Nánar er sagt frá öllum þessum erindum í blaðinu, og sum þeirra birt í heild sinni.



Edda Sjöfn Smáradóttir, ráðstefnustjóri, afhendir Siv Friðleifsdóttur, heilbrigðisráðherra, gjöf frá Sjúkraliðafélaginu að loknu ávarpi ráðherrans.

í mesta lagi tveir sjúkraliðar, mismunandi að stærð, standa í að snúa sjúklingum og koma stórum sem smáum fram úr rúmi, upp í rúm og á klósett daginn út og daginn inn.

Árið 1998 gerði Landlæknisembættið ásamt Sjúkraliðafélagi Íslands könnun sem sýndi að 1.000 sjúkraliða skorti á vinnumarkaðinn. Ég geri ráð fyrir að skorturinn sé kominn upp í um 1.500 í dag og enn er verið að fjölga hjúkrunarvörðum fyrir aldraða og enn er þörfin fyrir sjúkraliða að aukast í heimahjúkrun og ekki minnkar hún á sjúkrahúsum.“

Mikil gróska

„Mikil gróska er í starfi stéttarinnar. Félagið lætur flest mál til sín taka og er þar helst að nefna breytingu í menntun stéttarinnar. Það er rétt sem sagt hefur verið að góðir hlutir gerast hægt. Við verðum að vera opin fyrir þeim tækifærum sem okkur býðst og vera viðbúin að taka þeim og aðlagast þeim. Námskrá sjúkraliða er og á að vera í stöðugri endurskoðun.

Búið er að koma á langþráðu námi fyrir ófaglærða starfsmenn sem unnið hafa störf sjúkraliða. Í dag er þeim gert kleift að fara í sjúkraliðanám með starfi. Þetta þýðir að sá sem fer í námið fer beint í starfið sitt aftur en nú sem sjúkraliði. Áður gat einstaklingur komið úr skólanum fullgildur sjúkraliði en þá var búið að ráða nýjan ófaglærðan í starfið. Honum var ekki sagt upp fyrir sjúkraliðann þó svo sjúkraliðinn hafi verið búinn að starfa þar áður. Á þessu er breyting.

Ég tel að allir sem með mér hafa unnið á



Undirbúningsnefnd ráðstefnunnar fékk þakklætisvott frá félaginu fyrir gott starf. Frá vinstri: Guðmunda Steingrimsdóttir, Þórdís Hannesdóttir, Sif Eiðsdóttir og Edda Sjöfn Smáradóttir.

undanförunum árum geti staðfest að við í forustu félagsins höfum ætíð haft það að leiðarljósi að ekki verði dregið úr réttindum eða menntun sjúkraliða, þvert á móti haft kraft og þolinmæði til að auka við og bæta. Því lýsi ég því algjörlega á bug að með þessum breytingum sé verið að rýra gildi menntunar sjúkraliða.

Búið er að útskrifa hátt í 100 sérmenntaða sjúkraliða í öldrunarhjúkrun og verið að undirbúa að fjölga þeim framhaldsgreinum sem sjúkraliðar geta valið um.

Nú er sérmenntun í geðhjúkrun í undirbúningi. Sérnám í heimahjúkrun hefur einnig verið nefnt. Það er rétt að geta þess að þeir sem komu að námskrágerð námsins benda á að þær sérskrifuðu greinar sem kenndar eru í sérnáminu eru á háskólastigi. Viðræður hafa átt sér stað um að námið verði vistað í háskóla. Verði af því yrði það einsdæmi í íslensku starfsnámi að ein og sama stéttin spanni yfir nám og starfsréttindi frá grunnskóla upp í háskóla.



María Olafson og Guðrún Sverrisdóttir, sjúkraliðar, fluttu kynningu á rannsóknarverkefni á öldrunarviði LSH Landakoti eftir Ingibjörgu Hjaltadóttur sem var erlendis.

Framtíðarsýn

Ég hef þá framtíðarsýn að Sjúkraliðafélagið breytist frá því að vera litið fagfélag, líkt og það var í upphafi er það hafði ekki samningsréttinn, upp í að verða bandalag faghópa í heilbrigðis- og félagsgreinum. Þá er ég að tala um líkt og Kennarasamband Íslands er orðið. Upphaflega voru til kennarafélög, sem greindust eftir skólastigum, í mörgum bandalögum. Í dag hafa þessi félög tekið sig saman og myndað bandalag fyrir allar kennarastéttir að háskólakennurum frátöldum, ásamt þeim sem áður kölluðust föstrur á dagheimilum en kallast nú leikskólakennarar í leikskólum.

Þetta er bara dæmi um að allt er breytilegt. Breytingar þurfa ekki að skaða neinn, þvert á móti þurfa fagstéttir að vera í endalausri breytingu og mótum. Við eigum ekki og megum ekki reyna að koma í veg fyrir breytingar, við eigum þvert á móti að vera með í mótuninni og horfa fram á veginn.“

Væntingar mínar til starfsins

„Ég hef gaman af vinnunni minni og er mjög stolt af því að vera sjúkraliði. Og nú ætla ég bara að horfa fram á veginn, vera vakandi fyrir öllu nýju og ávallt viðbúin að takast á við þau verkefni sem skjóta upp kollinum á vegi mínum,“ sagði Björk Erlendsdóttir, sjúkraliði, í erindi sínu á ráðstefnu Sjúkraliðafélags Íslands um hlutverk og hlutskipti sjúkraliða.

Björk er nýtskrifaður sjúkraliði og vinnur á hjúkrunarheimilinu Vífilstöðum. Í ræðu sinni gerði hún grein fyrir væntingum sínum til sjúkraliðastarfsins.

Mikil þolinmæðisvinna

„Mig langar til að deila með ykkur væntingum mínum til starfsins, hvernig það er að vera nýtskrifaður sjúkraliði og hvaða áhrif það hefur haft á mig persónulega að verða mér úti um þessa menntun.

En fyrst nokkur orð um mig.

Ég hef verið búsett í Noregi síðastliðin 10 ár, er gift og á 2 börn. Ég útskrifaðist sem sjúkraliði í júlí 2005.

Ég byrjaði að vinna við aðhlyningarstörf haustið 2000, en það voru störf sem ég hafði aldrei hugsað úti að vinna við, ég taldi mig ekki geta valdið því. En annað hefur nú komið á daginn. Ég byrjaði á að hugsa um einstakling sem hafði slasast og hlotið mikinn framheilaskaða. Viðkomandi skjólstæðingur minn var bæði hávær, árásargjarn og mikill rápari eins og oft er með einstaklinga með svona skaða. Það var því mikil þolinmæðisvinna að vinna þarna með honum, og mjög andlega erfitt.

Mér gafst færi á að lesa mér svolítið til um framheilaskaða og nýtti ég mér það og fékk þannig betri skilning á ástandi þessa skjólstæðings míns, en alltaf vantaði eitthvað uppá, við vorum svo mörg ófaglaerð sem unnum þarna og vissum svo lítið um hvað við vorum að fást við. Það voru nokkrir sjúkraliðar sem unnu þarna með mér og það var mjög gott að vinna með þeim því allt gekk eitthvað svo miklu betur fyrir sig, og segja má að ég



Björk Erlendsdóttir, sjúkraliði, flytur erindi sitt á afmælisráðstefnu Sjúkraliðafélags Íslands.

hafi lært helling af þeim.“

Stakk mér beint í djúpu laugina

„Eftir að hafa unnið þarna í rúm tvö ár bauðst mér að flytja mig um set og fékk ég þá vinnu á sambýli fyrir fatlaða. Þar

„Þetta var ekkert auðvelt nám, ég vann með skólanum og var með tvö börn og heimili, en það hefur bara þroskað mig að þurfa að leggja svolítið á mig.“

voru þrír einstaklingar með Downs-heilkenni, einn fjölfatlaður ungur maður með flogaveiki og einn einstaklingur með ýmis geðræn vandamál, meðal annars var hann haldinn mikilli þráhyggju. Sem ég á þeim tíma hafði litla hugmynd um hvað var.

Ég fékk frekar takmarkaða kennslu þegar ég hóf störf þarna og fékk til dæmis bara hálfu aðlögunarvakt, ég þurfti því eiginlega bara að stinga mér beint í djúpu laugina, bretta upp ermarnar og vinna eftir mínum bestu efnum. Þetta fólk þurfti mjög mikla aðstoð og ég eldaði mat, þurrkaði af, skúraði gólf og gerði allt sem gera þarf á venjulegum heimilum. Ég fór líka með þeim á kaffihús og í bæinn að versla. Og allt gekk þetta einhvern veginn og þegar fram liðu stundir fannst mér ég bara vera ansi góð í mínu starfi.

En þegar ég var búin að læra sjúkraliðann sjálf þá sá ég að ég gerði allt sem ég átti ekki að gera. Ég gaf fólkinu til dæmis sjaldan færi á að hjálpa sér sjálf, ég leit svo á að ég væri þarna til að hjálpa þeim og jú, mikið rétt, ég hjálpaði. En auðvitað átti ég að hjálpa þeim að hjálpa sér sjálf, með ADL þjálfun. En ég gat ekki vitað það. Ég vissi ekki einu sinni hvað fólst í ADL þjálfun. En er það ekki líka þannig að það þurfa allir að læra hlutina til að vita þá og kunna?“

„Þetta get ég ekki!“

„Ég vann á sambýlinu í tæpt hálf ár, en þá bauðst mér að vinna sem stuðningsfulltrúi fyrir sex ára gamla fjölfatlaða stúlku. Hún er með klofinn hrygg og vatnshöfuð og andlegan þroska á við sex til níu mánaða barn. Sem sagt frekar erfitt starf. Ég velti því lengi fyrir mér hvort ég gæti gert þetta og komst að þeirri niðurstöðu að ég hefði upp á margt að bjóða, til dæmis virðingu og alúð og umhyggju.

Þegar ég hitti stúlkuna fyrst féllust mér hendur, ég hugsaði með mér „þetta get ég ekki!“ - það að hugsa um þetta barn er eingöngu fyrir þrautþjálfað hámenntað fólk. Það er svo mikið að henni. Hún er lömuð fyrir neðan brjóst, verður að fá hjálp við allt, þar með talinn allan útskiln-

að. Það þarf að teygja á öllum stórum liðum mörgum sinnum á dag, hún er með ventla í höfðinu til að minnka þrýsting á heilann. Hún er með sérsníðaða skel eða hylki sem hún er spennt í til að hún geti staðið í smá stund í einu.

Nei, hugsaði ég, þetta er of mikið, ég er ekki hæf í þetta starf. Ég lét vita að ég þyrfti tíma til að hugsa mig um. Og komst að þeirri niðurstöðu að ég hlyti að geta lært hvernig ætti að hugsa um stúlkuna og það gerði ég. Og átti með henni tvö góð ár. Ég lærði ótrúlega mikið af því að vera með þessu barni.“

Hóf sjúkraliðanám 2003

„Um svipað leyti og ég hóf störf þarna frétti ég af sjúkraliðanámi í skóla rétt hjá þar sem ég bjó. Mér þótti tilvalið að byrja í þessu námi því ég var að vinna í þessum geira og það gæti bara leitt gott af sér að læra. Ég sá fyrir mér að þetta væri kjörið tækifæri til að öðlast menntun og meiri skilning á því starfi sem ég var í, auka möguleika mína á vinnumarkaðnum og ekki síst að eiga möguleika á hærri launum en þau sem ég var með sem ófag-lærð.

Ég sótti um inngöngu og hóf nám í skólanum 2003. Þetta var einstaklega strembið nám, mikið af nýjum orðum, öll fagorðin og latnesku heitin á líkamshlutum sem ég vissi varla hvað hétu á íslensku.

Eftir því sem leið á námið sá ég að ég hafði valið alveg rétt, skilningur minn á starfi mínu jókst og ég fór að vinna á faglegan hátt. Heildarmyndin stækkaði og sjóndeildarhringurinn vikkaði. Ég fór að hugsa öðruvísi, hugsaði um manneskjuna í heild sinni, orsök og afleiðingu þeirra hluta sem ég gerði, og ekki síst: „Aðgát skal höfð í nærveru sálar“ sem er eitt af mínum uppáhalds máltækjum og



Fylgst af athygli með fyrirlestri á ráðstefnunni um hlutverk og hlutskipti sjúkraliða.

við eigum alltaf að hafa í huga, bæði við störf okkar og annars staðar. Ég lærði að meta þær aðstæður sem ég lenti í hverju sinni á annan hátt og hvernig best væri að taka á hlutunum og hversu mikilvægt það er að skipuleggja allt niður í minnsta smáatriði. Stundum hugsaði ég með mér að sjúkraliðar eru eins og skátar: Ávallt viðbúinir.

Inni í náminu var 20 vikna starfsnám á hjúkrunarheimili, sjúkrahúsi, í heima-hjúkrun og á sambýli. Mér fannst mjög gaman að fá að prófa hina ýmsu vinnustaði, ég hafði gaman af því að sjá hversu mikill munur er á að vinna til dæmis á lyflækningadeild og á hjúkrunarheimili aldraðra. Það hafði líka mikið að segja að ég var með góða og faglega leiðbeinendur sem gátu kennt mér heilmikið.

Ég hafði mjög mikið upp úr því að

mennta mig og mikill vill oft meira, því nú get ég ekki hætt, það er svo gaman að læra eitthvað nýtt. Ég er búin að taka tvö námskeið á þessum tæpu sex mánuðum sem liðnir eru frá því ég flutti aftur til Íslands og á örugglega eftir að fara á fleiri námskeið. Það er líka svo ótrúlega margt annað sem ég get gert, ég get jafnvel haldið áfram að mennta mig, til dæmis gæti ég haldið áfram í sérnámið í hjúkrun aldraðra. Mér eru allir vegir færir.

Þetta var ekkert auðvelt nám, ég vann með skólanum og var með tvö börn og heimili, en það hefur bara þroskað mig að þurfa að leggja svolitíð á mig og ég lít á sjálfa mig sem sterkari manneskju eftir þessa reynslu,“ sagði Björk Erlendsdóttir og óskaði Sjúkraliðafélaginu innilega til hamingju með vel unnin störf í fjörutíu ár.



Átta sjúkraliðar sýndu verk sín á sérstakri listasýningu sem sett var upp í húsakynnum BSRB í tilefni af fjörutíu ára afmæli Sjúkraliðafélagsins. Hér sjást tveir listamannanna við verk sín: Ingibjörg Friðriksdóttir sem vinnur í Seljahlíð, og Sigríður Jónsdóttir, Vogí.

Meiri þekking og fullkomnari tæki

„Ég hefi oft spurt sjálfa mig hvað er það sem fær ungar konur til að fara í sjúkraliðanám. Ekki eru það launin, það þekkjum við öll, ekki er það þakklætið eða virðingin fyrir þolinmæði og manngæsku sem flest okkar sýna í verki. Hvað er það þá?“ spurði Sigurbirna Hafliðadóttir, sjúkraliði og fyrrverandi formaður Eftirlaunadeildar Sjúkraliðafélagsins, í ávarpi sínu á afmælisráðstefnu félagsins.

Sigurbirna fjallaði í ræðu sinni um störf sjúkraliða fyrir á árum, og hóf mál sitt með því að rifja upp hvernig hún sjálf tók sín fyrstu skref sem sjúkraliði.

Hóf störf 1970

„Ég lauk níu mánaða sjúkraliðanámi á Landspítalanum í september 1971, af því voru 10 vikur í verklegu námi á deildum.

Í ársbyrjun 1970 sótti ég um að komast í sjúkraliðanám á Landspítalanum. Mér var sagt að ásóknin í námið væri svo mikil að þær sem ynnu á Landspítalanum væru látnar ganga fyrir, en mér var boðin vinna þegar losnaði starf. Viku seinna hringdi forstöðukona og sagðist vilja ráða mig í nýja stöðu á svæfingadeild við að sótt-hreinsa svæfingavélar og áhöld sem ég og þáði og vann við það til áramóta 1970-1971. En þá komst ég að við sjúkraliðanámið ásamt 13 öðrum konum. Ég hafði aldrei unnið á sjúkrahúsi áður, en átti þann draum að vinna við hjúkrun.

Ég hefi oft spurt sjálfa mig, hvað er það sem fær ungar konur til að fara í sjúkraliðanám? Ekki eru það launin, það þekkjum við öll, ekki er það þakklætið eða virðingin fyrir þolinmæði og manngæsku sem flest okkar sýna í verki. Hvað er það þá? Við göngum aldrei að því vísu að geta lokið störfum á slaginu fjögur, við getum ekki neitað henni Sigríði eða honum Jóni um hjálp við að fara fram á salerni þótt vinnu okkar sé lokið. Við segjum ekki; gerðu þetta bara seinna!

Störf sjúkraliða fyrir á árum helguðust af umhverfinu og tíðarandanum. Rétt eins og nú eru þau í aðalatriðum að hjúkra sjúkum, andlega sem líkamlega. Störf sjúkraliða hafa lítið breyst á þessum 35 árum, en þau eru meðal annars að sinna



Sigurbirna Hafliðadóttir flytur erindi sitt á afmælisráðstefnu Sjúkraliðafélags Íslands.

hjalparlausu eða hjálparlitlu blá okunnugu fólki með þrif og þarfir ofan sem neðan.

Afmælisræður

Margir sendu Sjúkraliðafélagi Íslands árnáðaróskir með blómum og gjöfum á fjörutíu ára afmælinu.

Þeir voru: Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, borgarstjórn Reykjavíkur, embætti ríkissáttasemjara, Fjölbrotaskólinn við Ármúla, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, FOA félag sjúkraliða í Danmörku, Framvegis - miðstöð um símenntun, framkvæmdastjórn Landspítala-háskólasjúkrahúss, Lögmenn Mörkinni, Launanefnd sveitafélaga, Kjölur stéttarfélag, Samflot bæjastarfsmanna innan BSRB, Öldrunarsvið Landspítala Landakoti.

Félagið þakkar öllum þessum aðilum fyrir hlýjar kveðjur.

Ég finn ekkert betra svar við spurningunni um ungu konurnar sem fara í sjúkraliðanám en að þetta sé genatískt. Við sjúkraliðar séum með áður óþekkt gen (sjúkraliðagen) sem verður ekki breytt, en gætu þróast í það að við hættem þessari undirgefni og hættem að láta misbjóða okkur í launum og starfi.

En nóg um það.”

Lyflækniseild árið 1971

„Störfin fyrir á árum, hver er helsti munurinn? Jú, munurinn fellst í svo miklu meiri þekkingu á mannlíkamanum, auk mun meiri og fullkomnari tækjakosti. Við eldri munum til dæmis vel eftir Bennet öndunarvélunum sem voru á stærð við stóra þvottavél, í dag geta þessi tæki nánast staðið á náttborðinu, svo mikill munur er á.

Við skulum nú fara 35 ár aftur í tímann, opna hamarinn og ganga í hann í smá stund.

Árið er 1971, við sjáum inn í eina lyflækniseild á gamla Landspítalanum. Veggir eru málaðir guldrappaðir, stórar hvítar hurðir með stórum þröskuldum bera fyrir augu.

Innst á ganginum sjáum við inn í níu manna stofu, en þar eru stundum tíu sjúklingar. Við göngum inn í sjúkrastofu á hægri hönd. Hún er lítil á okkar mælikvarða í dag, en þar liggja sex sjúklingar í sex hvítmáluðum járnrumum, þrjú og þrjú hlið við hlið.

Aftan við eitt þeirra sjáum við sjúkraliða vera að hækka höfðalagið. Til þess er stór sveif, undir og aftan við rúmið, sem hún er að snúa. Þar er líka önnur sveif til að hækka rúmið til fóta. Fast við rúmin eru svo járnnáttborð. Sjúkraliðinn veit að ekki má reka sig í borðin því þá glymur svo hátt í þeim að allir vakna á stofunni.

Yfir hverju rúmi hangir hvít snúra, það er bjallan. Hún er fest efst á vegginn upp undir lofti. Best er að festa bandið með sykkerhedsnælu í sængina svo sjúklingurinn tapi henni ekki.

Á ganginum beint á móti þessari sjúkrastofu eru dyr, þetta er vaktherbergið. Við skulum opna það og líta inn. Við borð undir glugganum sitja þrjár manneskjur,



Félagar í Eftirlaunadeild Sjúkraliðafélagsins fylgjast með á ráðstefnunni.

Það er deildarlæknir og tvær konur. Það er sterk reyklarlykt í herberginu því læknirinn er að reykja pípu.

Á vinstri hönd er opin hurð inn í skoðunarherbergið. Við litum þangað inn. Þar er eitt rúm með sjúkling sem kom akút í nótt í slæmu astmakasti, hún er með vökva í æð. Glugginn er galopinn og frekar kalt á stofunni, en sjúklingnum líkar það vel. Ættum við ekki að loka hurðinni svo reykurinn fari ekki inn í stofuna?

Það er margt fleira að sjá á þessari deild, sem kemur okkur á óvart, en við höfum ekki tíma til að skoða að sinni. Við skulum því ganga út og loka hamrunum.”

Mannlega hliðin breytist ekki

„Okkur bregður við að sjá reykt inni á deild, það var að vísu ekki algengt, en sást stundum seinnipart dags eða á kvöldin. Aftur á móti tíðkuðust reykingar frammi á göngum, þar var engin ein stétt, og líka aðstandendur að reykja. Ykkur finnst þetta kannski dökk mynd sem dregin er upp, því nú vitum við betur um óhollustuna, en þetta var staðreynd.

Ef við sæjum nú fram í tímann næstu fjörutíu árin þá yrði sjálfsgagt margt sem tíðkast í dag inni á deildum sem myndi hneyksla okkur. En eins og ég sagði þá er það þekkingin og framfarirnar sem breyta flestu sem snýr að hjúkrun og meðferð sjúklinga.

Það eina sem ég vona að breytist ekki er mannlega hliðin, það er að sýna sjúkum ætíð virðingu og hlýju. Þeir sjúkraliðar sem hafa það ekki í sér eiga ekkert erindi í að hjúkra sjúkum.

Ég byrjaði á því að segja ykkur frá mínu níu mánaða námi, en þegar starfi mínu lauk hafði ég þrjátíu ára nám að baki, því hvað er nám ef það er ekki að vinna áratugi við sama verkefni? Í þessu tilfelli að hjúkra sjúkum.

Að lokum óska ég okkur öllum til hamingju með daginn,” sagði Sigurbirna Hafliðadóttir.

Aukin færni sjáist líka á launaseðlinum

Það er staðföst sannfæring mín að í framtíðinni muni meiri athygli beinast að færni og aukinni starfshæfni sjúkraliða, og það ekki eingöngu á sjúkrahúsunum heldur líka á grunnsviði hjúkrunar sem verður að taka að sér fleiri og fleiri félags- og heilbrigðisverkefni. Samhliða aukinni færni skiptir öllu máli að hjúkrunar- og umönnunarstéttir fái hærri stöðu og mun betri ímynd meðal almennings en reyndin er núna, því samfélagið þarf að laða nemendur í sjúkraliðanám í harðri samkeppni við áhugaverðari menntun. En það verður líka að sjást á launaseðlinum.

Þetta sagði Palle Nielsen, formaður danskra sjúkraliða, í erindi á afmælisráðstefnu Sjúkraliðafélags Íslands 17. nóvember síðastliðinn, en þar fjallaði hann um menntun og verkefni danskra sjúkraliða.

Aukin færni sjúkraliða

Til að geta leyst verk í vinnunni þurfa sjúkraliðar sí og æ að tileinka sér nýja færni. Það gera þeir með kerfisbundnu námi í vinnunni og með því að nýta sér mismunandi námsform, svo sem vinnuskipti, æfingar, leiðsögn og stjórnun. Einnig með því að nýta sér margvísleg námstilboð.

„Ég vil sjá fleiri möguleika opnast fyrir sjúkraliða innan sjúkrahúsanna í framtíðinni. Mesta ögrun félags- og heilbrigðisgeirans á komandi árum verður að ná í og halda hjúkrunarfólki. Þetta á jafnt við um sjúkraliða sem hjúkrunarfræðinga.

Það er sannfæring mín að í framtíðinni verði ekki nógu margir hjúkrunarfræðingar til að sinna þeim verkefnum sem þarf að leysa. En það er líka sannfæring mín að á því sé engin nauðsyn. Þess vegna er afar mikilvægt að nýta sífellt aukna möguleika sjúkraliða til að koma að nýjum verkum. Og þar eru lykilorðin starfshæfni og færni.



Palle Nielsen í ræðustól á afmælisráðstefnu Sjúkraliðafélags Íslands. Hann er sjúkraliði og formaður félags- og heilbrigðiseildar FAO, sem er landsamband um 17 þúsund starfsmanna í félags- og heilbrigðisþjónustu Danmerkur, þar á meðal sjúkraliða.

Jafnframt skulum við gera okkur grein fyrir því að á grunnsviði hjúkrunar mun eftirspurn eftir hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum aukast jafnt og þétt á næstu árum,” sagði Palle Nielsen.

Réttindi aldurstengd

Á síðasta ári varð sú mikilvæga breyting hjá Söfnunarsjóði lifeyrisréttinda að réttindi sjóðfélaga voru aldurstengd. Framkvæmdin er með þeim hætti að þeir sjóðfélagar sem áttu réttindi í sjóðnum í árslok 2005 er heimilt að greiða iðgjald til sjóðsins, allt að tilteknu hámarki, í jafna réttindaávinnslu í jafn marga mánuði og greitt var í sjóðinn, eða annan lifeyrissjóð sem tekið hefur upp samskonar kerfi, fyrir 42 ára aldur. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald í fimm ár eða 60 mánuði fyrir 42 ára aldur á hann rétt á að greiða iðgjald í jafna réttindaávinnslu til 70 ára aldurs.

Það iðgjald sem jafna réttindaávinnslan miðast við er jafnhátt því iðgjaldi sem sjóðfélagi greiddi til sjóðsins á árinu 2003 eða síðasta árið sem iðgjald barst sjóðnum vegna sjóðfélagsins þar á undan. Þetta iðgjald, sem almennt miðast við árið 2003, myndar verðbættan grunn sem færast til jafnrar réttindaávinnslu og kallast viðmiðunargjald. Sé greitt hærra iðgjald til sjóðsins en sem nemur verðbættu viðmiðunariðgjaldi árlega færast það til réttinda miðað við aldursháða réttindaávinnslu.

Sjóðirnir níu, sem tekið hafa upp sama kerfi, hafa gert með sér samkomulag sem gerir ráð fyrir sameiginlegu og gagnkvæmu viðmiðunariðgjaldi. Viðmiðunariðgjald getur myndast úr greiðslu til fleiri en eins sjóðs vegna iðgjalds ársins 2003. Talning á fjölda mánaða fyrir 42 ára aldur miðast við iðgjöld hjá öllum þessum níu sjóðum.

Nýr starfsmaður

Lilja Laxdal, sem er fædd árið 1950, hefur verið ráðin til starfa á skrifstofu Sjúkraliða-félags Íslands í stað Helgu Garðarsdóttur sem hætti störfum fyrir nokkru.

Lilja hefur starf að um nokkurra ára skeið við sambærileg störf á skrifstofu SFR, félags í almannatjónustu.



Lilja Laxdal, nýr starfsmaður á skrifstofu Sjúkraliða-félagsins.



Allt gert klárt fyrir komu gesta á afmælisráðstefnu Sjúkraliðafélagsins. Frá vinstri: Guðmunda Steingrimsdóttir, Ingibjörg Friðriksdóttir og Sif Eiðsdóttir.

Skipulögðu ráðstefnuna

Að beiðni formanns SLFÍ, Kristínar Á. Guðmundsdóttur, var stjórn fagdeildar falið að skipuleggja afmælisráðstefnu í tilefni af 40 ára afmæli SLFÍ. Hátíðin var haldin 17. nóvember 2006 að Grettisgötu 89 og tókst vel í alla staði, sagði Edda Sjöfn Smáradóttir, formaður deildarinnar, í ársskýrslu sinni til aðalfundar 2006.

Aðalfundur deildarinnar var haldinn þriðjudaginn 25. október 2006 að Sóltúni í Reykjavík. Fundinn sóttu tuttugu og þrjú félagar og taldist hann löglegur. Edda Sjöfn Smáradóttir var endurkjörin formaður, en aðrir stjórnarmenn eru Sif Eiðsdóttir ritari, Þórdís Hannesdóttir gjaldkeri og Guðmunda Steingrimsdóttir meðstjórnandi.

Félagsmenn 73 talsins

Í skýrslu formanns fyrir nýliðið starfsár kom fram að í fagdeildinni eru 73 félagsmenn og greiða þeir allir árgjöld í SLFÍ.

Á árinu voru haldnir fjölmargir stjórnarfundir auk óformlegra funda.

Fagdeildin afhenti rósir til nýútskrifaðra sjúkraliða með sérnam í hjúkrun aldraðra, þar á meðal fyrstu útskriftarnema úr fjarnámi, í Háskólabíó þann 20. desember 2005. Að athöfn lokinni stóð fagdeildin fyrir hófi í Akogessalnum Sigtúni þar sem boðið var upp á léttar veitingar og fulltrúi hvers landshluta tók til máls.

Sif Eiðsdóttir og Edda Sjöfn Smáradóttir voru með kynningu á sérnámi í hjúkrun

aldrára á fundi hjá Eftirlaunadeildinni á vordögum.

Edda Sjöfn Smáradóttir var með eina kynningu á fagdeildinni á haustönn fyrir nemendum í sérnámi í hjúkrun aldraðra í Ármúlaskóla. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, var með í för, talaði til nemanna og svaraði fyrirspurnum.

Kristbjörg Bára Emilsdóttir sat fulltrúaðing SLFÍ fyrir hönd deildarinnar. Sif Eiðsdóttir sat sem fulltrúi Reykjavíkurdeildar á fulltrúaðinginu.

Ástæða er til að geta ýmissa trúnaðarstarfa stjórnarmanna fyrir SLFÍ. Þórdís Hannesdóttir er í uppstillingarnefnd. Sif Eiðsdóttir er formaður ritnefndar. Hún var þingforseti á fulltrúaðingi SLFÍ og sat sem fulltrúi fyrir Sjúkraliðafélagið á þingi BSRB. Edda Sjöfn Smáradóttir er í ritnefnd. Hún sat sem fulltrúi fagdeildar á þingi BSRB og var ráðstefnustjóri á afmælisráðstefnu SLFÍ.

Vorferðin

Farin var árleg vorferð skipulögð af fræðslunefnd fagdeildar og byrjaði ferðin í Mecca Spa. Þar var farið í heitan pott og boðið upp á léttar veitingar. Síðan var haldið í Kríunes og snæddur dýrindis kvöldverður í dásamlegu umhverfi. Mættar voru fjórar konur fyrir utan stjórn og áttu þær góða kvöldstund saman.

Ég vil þakka nefndinni sem skipa Guðrún Viggósdóttir, Ingibjörg Sveinsdóttir og Olga Guðmundsdóttir fyrir vel unnin störf, sagði Edda Sjöfn í skýrslu sinni.

Reykjavíkurseildin

Mikil aðsókn að sjúkraliðanámi

Á haustönn í fyrra skráðu 260 namar sig á sjúkraliðabraut á höfuðborgarsvæðinu. Í Fjölbraut í Breiðholti eru 180 manns í dag- og kvöldskóla, en 80 í Fjölbraut við Ármúla. Þá var farið af stað með sjúkraliðabru á síðasta hausti og eru 92 í því námi hjá þessum skólum, 72 í Fjölbraut við Ármúla og 20 í Fjölbraut í Breiðholti.

Þetta kom fram í skýrslu sem Jóhanna Traustadóttir, formaður Reykjavíkurseildar, flutti á aðalfundi deildarinnar 23. nóvember síðastliðinn um starfsemina á liðnu ári, en hér á eftir er sagt frá því helsta sem þar bar á góma.

87 nýir sjúkraliðar

Á síðasta skólaári útskrifuðst alls 87 nýir sjúkraliðar á höfuðborgarsvæðinu, 57 úr Fjölbraut í Breiðholti og 30 úr Fjölbraut við Ármúla. Við það tækifæri færði Reykjavíkurseildin þeim rósir og heillaóskir frá SLFÍ í tilefni dagsins.

Á fertugasta afmælisári SLFÍ hefur stjórn Reykjavíkurseildar fundað alls þrettán sinnum. Á einum fundinum var öllum nefndum deildarinnar boðið að koma saman til skipulags og ráðagerðar um starfið á komandi ári og borða góðan mat.

Góugleði

Í byrjun mars var hafist handa við undirbúning góugleði sem haldin var þann 17. mars og var hún með mexíkönsku sniði. Mikið magn vinninga var í boði í happdrættinu og vöktu þeir mikla lukku hjá þeim sem þá hlutu, en mikil og góð sala var í happdrættinu. Skemmtiatriði voru feikigóð og má þar nefna tiskusýningu þar sem nokkrir félagsmenn sýndu föt frá Zik Zak við mikinn fögnuð gesta. Um tónlistina og fjörið sá Sighvatur Sveinsson rafvirki og músikant. Þeim sjúkraliðum er þátt tóku í að pakka vaktabókum og vinna að skipulagningu góugleðinnar var boðið út að borða af stjórn Reykjavíkurseildar í þakklætisskyni fyrir alla þá vinnu sem þeir inntu af hendi.

Fámennt fyrsta maí

Fulltrúauping SLFÍ var haldið í maí og átti Reykjavíkurseildin 12 fulltrúa. Nánar er hægt að skoða fundargerðir og ályktanir á heimasíðu félagsins slfi.is.

1. maí þetta árið var ansi lélegur hvað varðar fjölda sjúkraliða er gengu undir fána félags-



Jóhanna Traustadóttir, formaður Reykjavíkurseildar sjúkraliða, og Kristín Ólafsdóttir, varaformaður Sjúkraliðafélagsins, á aðalfundi deildarinnar í nóvember.

ins. Við þurfum að vera meira sýnileg svo fólk viti að við séum til. Allt hjálpar þetta þegar kemur að kjarabaráttu.

Helgina 31. maí til 3. júní fóru formaður Reykjavíkurseildar og gjaldkeri, sem einnig er varaformaður SLFÍ, á fagráðstefnu EPN í Færeyjum. Gestrisni Sjúkraliðafélags Færeyja og faglegur og þjóðlegur metnaður var mjög áberandi.

Sýningin í Egilshöll

Snemma síðastliðið vor var formaður Reykjavíkurseildar fenginn til að sjá um bás

„Við megum ekki láta óánægju bitna á þeim nemum sem koma í verknám þótt þeir séu í námi á svokallaðri sjúkraliðabru.“

SLFÍ á sýningunni 3L Expó, sýningu um heilsu og vellíðan sem haldin var dagana 7. til 11. september í Egilshöll.

Margir höfðu orð á því hversu glæsilegur básinn væri, enda stórglæsilegur í alla staði. Þar buðum við upp á blóðþrýstingsmælingu og blóðsykurmælingu og telst okkur til að um 600 einstaklingar hafi verið mældir. Einnig var dreift pennum og lyklakippum með merki félagsins og bæklingum um sjúkraliðanámið.

Fundað um sjúkraliðabru

Þann 16. október síðastliðinn boðaði Reykjavíkurseild SLFÍ alla trúnaðarmenn deildarinnar á fund í BSRB húsinu. Ástæða fundarins var ólga hjá hópi sjúkraliða vegna sjúkraliðabruarinnar. Fékk Reykjavíkurseildin Birnu Ólafsdóttur, skrifstofustjóra félagsins, til að útskýra mismuninn á braut og brú og rekja langa forsögu málsins. Kristín Ólafsdóttir var fundarstjóri. Alls mættu 47 sjúkraliðar á þennan fund. Margar og misjafnar skoðanir komu fram og margt var hægt að útskýra en annað ekki. Við megum ekki láta óánægju bitna á þeim nemum sem koma í verknám þótt þeir séu í námi á svokallaðri

sjúkraliðabrá. Mér finnst að svoleiðis framkoma eigi ekki að eiga sér stað í þeirri faglegu fræðslu sem leiðbeinendur sjúkraliðanema eiga að inna af hendi. Það kæmi illu orði á okkur öll, það er ekki sama hvernig um okkur er talað út á við. Það skiptir ekki máli hvernig eða hvenær við lærðum, við erum öll sjúkraliðar.

Fundur formanna deilda

Í lok október var BSRB þingið haldið á Grand hótél, en það stóð yfir í þrjá daga. Úr Reykjavíkurdeildinni sátu 8 fulltrúar fyrir SLFÍ. Margt var spjallað og rökrætt á þinginu og margar ályktanir samþykktar um ýmis málefni bæði réttindaleg og þjóðfélagsleg.

Pann 31. október fór formaður á aðalfund Eftirlaunadeildar SLFÍ sem haldinn var í salarkynnum BSRB. Var fundurinn hinn ljúfasti og öllum boðið í kaffi og kökur. Mikill myndarbragur er á öllu því sem Eftirlaunadeildin tekur sér fyrir hendur.

Pann 15. nóvember hittust allir formenn deildanna til skrafs og ráðagerða en ætlunin er að hittast einu sinni á ári og verður þá farið á milli landshluta þannig að heimsóknirnar verða jafn fjölbreyttar og deildirnar eru margar. Það er von mín að þetta verði starfsemi félagsins til hagsbóta og bæti samstarf deilda félagsins.

Störf nefnda deildarinnar

Í Reykjavíkurdeildinni eru starfandi fjórar nefndir.

Fjaröflunarnefnd sér um fjáröflun til fræðslu- og menningarstarfs deildarinnar. Fræðslu- og skemmtinefnd. Meðal verkefna hennar er að mæta við útskrift sjúkraliða og færa þeim rósir og hamingjuóskir frá félaginu. Einnig hafa þær unnið með stjórn að undirbúningi og vinnu á góu- eða þorra- gleði Reykjavíkurdeildarinnar með sóma og eiga þær miklar þakkir skilið fyrir alla þá vinnu.

Kjaramálanefnd sem tók að sér að sjá um þátttöku félagsins á baráttudegi verkalyðsins í Reykjavík.

Uppstillingarnefnd. Hún fer á stjá þegar haustar og leitar uppi áhugasama sjúkraliða til starfa í deildinni í stað þeirra sem hættu.

Stjórn Reykjavíkurdeildar ákvað í vor að setja í stefnu deildarinnar að í nefndum deildarinnar sæti ávallt einhver úr stjórn til að tryggja samband þar á milli og til að örva störf nefndanna. Vonast stjórnin til að þetta eigi eftir að gefa góða raun.

Á haustmánuðum ákváðu tveir stjórnarmenn í Reykjavíkurdeildinni, þær Birna Helgadóttir og Jóhanna Garðarsdóttir, að hætta stjórnarstörfum eftir margra ára setu, og eru þeim færðar innilegar þakkir fyrir allt það sem þær hafa gert á liðnum árum.

Að lokum langar mig að þakka fyrir allan þann stuðning sem ég hef fengið á þessu fyrsta ári mínu sem formaður deildarinnar, og einnig langar mig að þakka öllum þeim sem unnu fyrir Reykjavíkurdeildina á síðasta ári, sagði Jóhanna Traustsdóttir.



Blóðþrýstingamælingar í bás sjúkraliða í Egilshöll. Guðmunda Steingrimsdóttir, Sóltúni, með tækið á lofti. Að baki hennar eru Ingibjörg Hafsteinsdóttir og Birna Helgadóttir.

Fjölmennt í bás sjúkraliða

Það var fjölmennt í sýningarbás Sjúkraliðafélags Íslands um nám og störf sjúkraliða á svokallaðri 3L Expo sýningu um heilsu og vellíðan í Egilshöll í september síðastliðnum. Sjúkraliðar buðu meðal annars upp á blóðþrýstings- og blóðsykursmælingar og voru um 600 einstaklingar mældir þá þrjá daga sem sýningin stóð.

Guðjón Davíð Jónsson hannaði útlit á sýningarbásnum í samvinnu við undirbúningarnefnd sjúkraliða, en í henni voru Jóhanna Traustadóttir, formaður Reykjavíkurdeildar, Kristín Ólafsdóttir, varaformaður Sjúkraliðafélagsins, og Ingibjörg Hafsteinsdóttir, sjúkraliði, en auk þeirra tóku sjúkraliðarnir Birna Helgadóttir, Þórdís S. Hannesdóttir, Guðmunda Steingrimsdóttir, Sif Eiðsdóttir og Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, þátt í kynningunni í Egilshöll.



Sjúkraliðarnir fræddu gesti á sýningunni um störf og menntun stéttarinnar.



Hér sést yfir sýningarbás sjúkraliða í Egilshöll. Þar var fjölmennt alla sýningardagana.

Vesturlands- deild 15 ára

Aðalfundur Vesturlandsdeildar Sjúkraliðafélags Íslands var haldinn á Hótel Hamri við Borgarnes, fimmtudaginn 9. nóvember 2006, en nokkrum dögum áður, eða 5. nóvember, voru fimmtán ár liðin frá stofnun deildarinnar.

Svanhildur Jónsdóttir, formaður deildarinnar, flutti skýrslu stjórnar og gerði eftirfarandi grein fyrir því helsta í starfsemi deildarinnar frá síðasta aðalfundi sem var haldinn á Mótél Venus 3. nóvember 2005.

Mæting var þá óvenjugóð miðað við síðustu ár eða 19 manns. Formaður rakti starfsemi deildarinnar og gjaldkeri lagði fram reikninga sem voru samþykktir. Í ljós kom að deildin stóð svo vel fjárhagslega að hún átti fyrir áætlun næsta árs. Stjórnin var öll endurkjörin ásamt endurskoðendum, Svanhildur Jónsdóttir, formaður, Bára Hjaltadóttir, varaformaður, Ingibjörg Hulda Björnsdóttir, gjaldkeri, Erla Linda Bjarnadóttir, ritari, Sýlvía Kristinsdóttir, meðstjórnandi, Ingibjörg Sigurðardóttir, meðstjórnandi, og endurskoðendur: Olga Lárusdóttir, Akranesi, og Ásdís Óskarsdóttir, Akranesi. Á fulltrúaþing SLFÍ voru kjörnar Svanhildur, formaður, og Sýlvía sem fulltrúar og Erla Linda sem áheyrnarfulltrúi, en þegar til kom fóru Svanhildur og Erla sem fulltrúar deildarinnar.

Bókhald og námskeið

Síðasti aðalfundur samþykkti að reikningar deildarinnar væru lagðir fyrir aðalfund eins og þeir stæðu og endurskoðendur færu yfir þá, en þeim væri ekki lokað eða áritaðir af endurskoðendum fyrir en um áramót. Í ljós kom að félagsstjórn SLFÍ sam-

þykkti ekki þessa ráðstöfun og því verður áfram farið eftir lögum SLFÍ og reikningar lagðir fram fullfrágengnir fyrir aðalfund. Þess má geta að gjaldkeri hefur fært bókhald deildarinnar til nútímahorfs og er nú með netbanka og debetkort í stað ávísanaheftis. Einnig hefur gjaldkeri staðið sig vel í því að leiðrétta bókhaldið svo nú er allt komið á réttan kjöl.

Almennar umræður fóru fram um námskeið og námskeiðshald. Ég vil taka það fram að Inga Sigurðardóttir, sem starfaði til skamms tíma á Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Borgarnesi, var sérlega liðleg við okkur ef námskeið voru í fjarkennslu og gat bjargað tengingu með stuttum fyrirvara.

Fundir sjúkraliða

Formlegir stjórnarfundir voru tveir á árinu fyrir utan síma- og tölvusamskipti því ekki styttest á milli okkar. Einnig hittumst við í Stykkishólmi 24. apríl síðastliðinn þar sem Kristín Á. Guðmundsdóttir og Gunnar Gunnarsson komu og kynntu okkur vörpunarsamningana. Alls mættu þar 10 sjúkraliðar og fórum við á eftir og fengum okkur að borða saman.

Sjúkraliðar á Akranesi hittust á jólafundum í desember síðastliðnum og ætla þetta að verða fastur liður sem er vel. Sjúkraliðar í Dölum hittust einu sinni á síðasta vetri, en við á nesinu stóðum okkur illa, en lofum bót og betrun.

Að lokum vil ég enn og aftur óska ykkur til hamingju með afmælið, en munið að deildin er ekki til án ykkar. Hvað er til ráða? Hugsid um það, sagði Svanhildur í skýrslu sinni.



Jóhanna Þorleifsdóttir, formaður deildar sjúkraliða á Norðurlandi vestra.

Rólegt starfsár

Aðalfundur deildar sjúkraliða á Norðurlandi vestra var haldinn á Löngumýri í Skagafirði 14. desember síðastliðinn. Þar flutti Jóhanna Þorleifsdóttir, formaður, skýrslu um starfsemina á liðnu ári.

„Síðasta starfsár hefur liðið í rólegheitum og er það alfarið á herðum formanns sem vegna persónulegra aðstæðna hefur ekki verið mjög duglegur. Stjórnin hefur ekki haldið nema tvo fundi á árinu og haft samband símleidis,“ sagði Jóhanna í skýrslu sinni.

Formaður sótti þrjá félagsstjórnarfundum hjá Sjúkraliðafélaginu þar sem ýmis mál voru á dagskránni, aðallega þó sjúkraliðabruin og stofnanasamningarnir.

Fulltrúaþing SLFÍ var haldið 18. og 19. maí og var Björg Sverrisdóttir varaformaður fulltrúi okkar.

Í maí fór deildin í menningarferð til Akraness. Þær Kristín Jóhannesdóttir og Hanna Jørgensen stóðu fyrir henni og fá þær bestu þakkir fyrir.

BSRB þingaði seinni hluta októbermánaðar og fannst formanni deildarinnar þetta vera merkileg samkoma, enda aldrei farið á slíkt mannamót. Eftir þingið stóðum við BSRB-ingar uppi með engan verkfallssjóð heldur sjóð sem á að fjárfesta í fasteignum í Reykjavík.

Formenn deildanna samþykktu á þessum tíma að þeir skyldu hittast einu sinni á ári í tengslum við félagsstjórnarfund og bera saman bækur sínar. Þeir hittust svo í fyrsta skipti í tengslum við afmæli SLFÍ sem varð 40 ára 21. nóvember. Á afmælinu var formanni Sjúkraliðafélagsins fært hálsmen að gjöf frá landshlutadeildunum fyrir vel unnin störf í þágu sjúkraliða.



Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi, einn vinnustaða sjúkraliða á Vesturlandi.

Fyrirlestrar vel sóttir fyrir norðan

Fyrirlestur um aðhlyningu eigin fóta var haldinn í febrúar á vegum Norðurlandsdeildar eystra. Sjúkraliðar létu sig ekki vanta og vel var mætt, erindið afar áhugavert og fræðslan góð. Ekki var verr mætt á fyrirlestur um fótahirðu sykursjúkra en fyrirlestrar af þessum toga hafa þótt góðir og áhugaverðir. Fyrirlestur um verki og hugræna úrvinnslu verkja var haldinn á Dalvík og tókst vel. Fyrirlesturinn var eins og þeir fyrrnefndu vel sóttur og málefnið áhugavert. Haldið áfram á sömu braut sjúkraliðar, aldrei er of mikið af góðri fræðslu, sagði Helga Dögg Sverrisdóttir, formaður Deildar sjúkraliða á Norðurlandi eystra í árs-skýrslu sinni til aðalfundar deildarinnar 23. nóvember síðastliðinn.

Í skýrslunni kom fram að haldnir voru fimm stjórnarfundir á starfsárinu. Einn trúnaðarmannafundur var haldinn á árinu og fundurinn skipulagður þannig að aðalfundur deildarinnar kom í kjölfarið. Á síðasta trúnaðarmannafundi var farið yfir þau mál og málefni sem trúnaðarmenn koma að. Fyrir setningu þessa fundar var farið yfir skipurit Sjúkraliðafélagsins.

Fræðslu- og menntamál

Í desember 2005 útskrifuðust átta sjúkraliðar úr framhaldsnámi sjúkraliða, og fór kennslan fram í gegnum fjarfundabúnað í húsnæði Símejjar. Fjölbrautarskólinn við Ármúla er umsjónarskóli framhaldsnámsins. Ekki verður farið af stað með framhaldsnám í því formi sem það var, en boðið upp á fjarnám. Þegar ljóst var að sérnámið yrði ekki kennt með sama sniði og áður leitaði stjórnin til Verkmenntaskólans á Akureyrar til að fá skólann til að sinna sérnáminu. Skólameistari tók vel í erindi formanns deildarinnar en ekki er sömu sögu að segja um brautarstjórnann. Framhaldsnámið verður ekki í boði á svæði deildarinnar. Ýmsar ástæður voru nefndar fyrir getuleysi skólans að bjóða uppá námið og verða þær ekki tíundaðar hér.

Þau tíðindi bárust úr ráðuneyti menntamála í upphafi maí mánaðar að sjúkraliðabrá yrdi að veruleika. Það er ekkert launungarmál að formaður deildarinnar er



Helga Dögg Sverrisdóttir, formaður sjúkraliðadeildarinnar á Norðurlandi eystra.

hlynttur brúarnámi og hefur verið talsmaður þess að félagið standi að slíkri námsleið fyrir fullorðið fólk sem starfað hefur lengi innan umönnunnar. Stjórn deildarinnar hófst þegar handa, hafði samband við framhaldsskólana á svæðinu og vinnustaði til að kynna brúarnámið á félagssvæði sínu. Haldnir voru kynningarfundir á Akureyri, Dalvík og Ólafsfirði,

Deildin átti fimmtán ára starfsafmæli 19. október og var sjúkraliðum boðið í kaffi þann dag.

en kynningarnar voru ætlaðir sjúkraliðum sem og ófaglærðum. Það vakti athygli formanns að engir sjúkraliðar sýndu kynningunni á brúarnáminu áhuga og því mættu eingöngu ófaglærðir einstaklingar. Fundirnir urðu hvatning fyrir nokkrar konur, sem hafa starfað lengi innan öldrunargeirans, og hafa þær nú þegar hafið sjúkraliðanám í gegnum brúna. Adam var ekki lengi í paradís, afstaða brautarstjóra sjúkraliðabrautarinnar í Verkmenntaskólanum á Akureyri gagnvart brúarnáminu varð til þess að mun færri sækja námið en ella, og ekki stendur til að koma brúarnáminu á sem sjálfstæðu námi við skólann. Einstaklingar sem hafa forsendur til að stunda brúarnámið hafa því tekið á það ráð að taka sjúkraliðanámið í gegnum aðra skóla.

Afmæli deildarinnar

Í september kom formaður og starfsmaður félagsins og héldu fundi með sjúkraliðum sem starfa hjá ríkinu og var einn fundur haldinn á FSA og annar á Húsavík. Vinnustaðasamningur var aðalumræðuefnið.

Deildin átti fimmtán ára starfsafmæli 19. október og var sjúkraliðum boðið í kaffi þann dag. Sjúkraliðar sem lokið hafa framhaldsnámi voru á staðnum og sýndu verkefni og ritgerðir, auk þess að ræða við áhugasama sjúkraliða. Haldin var myndasýning og voru sjúkraliðar við störf og leik þar í aðalhlutverki. Þeir sem mættu áttu góða stund saman.

Fræðslunefnd var sett á laggirnar nú í haust og er Birna Kristjánsdóttir sjúkraliði í lyfjadeild FSA í forsvari fyrir nefndina. Það er vel þegið að fá tillögur um námskeið sem hægt væri að kenna með fjarfundabúnaði og heima í héraði.

Skoðunarmenn reikninga deildarinnar gefa kost á sér til endurskiðs en það eru Ingveldur Ólafsdóttir og Guðlaug Skúladóttir. Stjórn deildarinnar þakkar þeim vel unnin störf nú sem fyrr. Marín Jónsdóttir og Eygló Arnardóttir ættu að ganga úr stjórn, en báðar hafa þær gefið kost á sér til endurskiðs, sagði Helga Dögg.

Aðalfundur Suðurlandsdeildar sjúkraliða

Krafist aðgerða af hálfu stjórnvalda

Aðalfundur Suðurlandsdeildar sjúkraliða, sem haldinn var í nýju sumarhúsi Sjúkraliðafélags Íslands á Kiðjabergi, krafðist þess í ályktun að fjármálaráðherra tryggji nægjanlegt fjármagn til að hægt verði að ljúka án tafar við nýja álmu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Í öðrum ályktunum fundarins segir:

- Fundurinn krefst þess af stjórnvaldomönnum Suðurlands að þeir beiti sér tafarlaust fyrir því að afla þess fjármagns sem þarf til að hægt verði að klára bygginguna og að hún verði tekin í notkun sem allra fyrst.
- Fundurinn gerir þá kröfu til ráðamanna og stjórnar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands að veikir og aldraðir skjólstaðingar stofnunarinnar þurfi ekki að bíða lengur eftir úrræðum í vistunarmálum.
- Fundurinn krefst þess að heilbrigðisráðherra beiti sér tafarlaust fyrir þessu máli og að haldið verði áfram vinnu við bygginguna og henni lokið.
- Fundurinn gerir þá kröfu til bæjarstjórnar Árborgar að hún komi að þessu máli og geri allt sem í hennar valdi stendur til að halda þessari framkvæmd áfram. Núverandi húsnæðismál Ljósheima eru ekki boðleg okkar skjólstaðingum, ættingjum þeirra né starfsfólki.

Afmælisfundur 2005

Í skýrslu sinni til aðalfundar rakti Margrét Auður Óskarsdóttir, formaður deildarinnar, helstu viðfangsefni á liðnu starfsári, og sagði meðal annars:

Aðalfundur Suðurlandsdeildar SLFÍ var haldinn 14. október 2005 að Sólheimum í Grímsnesi. Fundurinn var haldinn sameiginlega með Suðurnesjadeild í tilefni af 25 ára afmæli deildanna. Mjög vel var mætt á fundinn eða 24 sjúkraliðar frá



Margrét Auður Óskarsdóttir, formaður Suðurlandsdeildar Sjúkraliðafélags Íslands.

Suðurlandsdeild og 20 sjúkraliðar frá Suðurnesjadeild. Gengið var til venjulegra aðalfundarstarfa og kosninga.

Tímabil formanns var runnið út, en hún gaf kost á sér áfram til næstu tveggja ára, engin mótframboð bárust, var hún

því sjálfkjörin. Úr stjórn áttu að ganga tveir fulltrúar, þær Guðrún Ásta Gunnarsdóttir og Selma K. Albertsdóttir, en þær gáfu báðar kost á sér áfram til næstu tveggja ára, engin mótframboð bárust og þær því sjálfkjörnar. Í ferða- og skemmtinefnd gengu út þær Jóna Gestsdóttir og Kirsten Fredrekssen. Þær gáfu ekki kost á sér áfram og í þeirra stað voru kosnar Birna Gestsdóttir, Katrín Vestmann og Kolbrún Jónsdóttir. Timabil fræðslunefndar var líka útrunnið, í fræðslunefnd sátu Selma K. Albertsdóttir og Svava Guðmundsdóttir, þær gáfu ekki kost á sér áfram og í þeirra stað voru kosnar Anna Mikaelisdóttir, Eyrún Pétursdóttir og Ída Sveinbjörnsdóttir. Endurskoðendur voru kosnir Guðrún Ágústsdóttir og Helga Sveinsdóttir. Á fulltrúabing SLFÍ voru kosnar Margrét Auður Óskarsdóttir formaður og Sigríður Einarsdóttir varaformaður.

Formaður færði þeim nefndarkonum sem létu af störfum blóm og þakkaði gott samstarf og óskaði þeim nýju í starfi vel-farnaðar.

Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum buðu deildarnar upp á sameiginlegan kvöldverð. Gestir á fundinum voru Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, og Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri SLFÍ. Kristín formaður flutti snjalla og skörinorta ræðu af sinni alkunnu sníll og færði formönnum deildanna blóm í tilefni afmælanna. Heppnaðist þessi sameiginlegi fundur mjög vel í alla staði og lýstu sjúkraliðar úr báðum deildum ánægju sinni með þetta framtak stjórnanna. Til gamans má geta þess að þarna hittust „hollsystur“ sem ekki höfðu sést í ára raðir, og líka frænkur sem vissu hvor af annari en höfðu aldrei hist áður. Síðan skemmtu sjúkraliðar sér fram á nótt, eins og sjúkraliðum er lagið!

Margþætt störf

Á liðnu starfsári hafa störf stjórnar

„Núverandi húsnæðismál Ljósheima eru ekki boðleg okkar skjólstaðingum, ættingjum þeirra né starfsfólki.“

verið margþætt að venju, haldnir reglulegir stjórnarfundir og fjölmörg samtöl þar sem farið er yfir það sem helst er á dagskrá félagsins.

Formaður hefur sótt félagsstjórnarfundum fyrst til Vestmannaeyja í október þar sem öll stjórnin mætti. Haldinn var almennur fundur með sjúkraliðum í Vestmannaeyjum, stjórnarfundur, og skoðað Sjúkrahús Vestmannaeyja. Síðan voru félagsstjórnarfundir í febrúar og maí og fulltrúaþing SLFÍ 18.-19. maí.

Í júní á þessu ári tók til starfa Dagdvöl aldraðra í Hveragerði í alveg nýju húsnæði sem er mjög huggulegt og fint. Þar starfa tveir sjúkraliðar, Eyrún Sigurðardóttir, sem er forstöðumaður, og Kristín Ólafsdóttir. Markmið þeirra er í framtíðinni að ráða eingöngu sjúkraliða.

Kjarasamningar sjúkraliða voru lausir 30. nóvember 2004 og þá fór af stað langt og strangt ferli í samningagerð sem lauk með nýjum samningum Sjúkraliðafélagsins í nóvember og desember 2005.

Mörg spennandi námskeið eru í boði fyrir sjúkraliða hjá Framvegis. Ég hvet ykkur til að vera vel vakandi fyrir þeim, og jafnframt að koma með óskir til fræðslunefndar um efni sem við gætum fengið hingað austur.

Nú á haustönn fór af stað sjúkraliðanám á svokallaðri „brú“ - það er sjúkraliðanám fyrir fólk sem hefur starfað lengi í ummönnum aldraðra, öryrkja eða fatlaðra, er enn starfandi, hefur fengið meðmæli frá yfirmönnum sínum og lokið að minnsta kosti 260 stundum á kjarnanámskeiðum. Þetta nám er skipulagt og samþykkt af menntamálaráðuneytinu í samvinnu við fræðslunefnd SLFÍ og Ármúlaskóla sem fór af stað með þetta nám fyrstur. Vegna mikillar eftirspurnar fóru fleiri skólar líka af stað með þetta nám, þar á meðal Fjölbrautaskóli Suðurlands. Alls sóttu 40 um að komast í námið hjá FSU, en að komust ekki nema 18 þar sem skólinn gat ekki tekið fleiri.

Frá Fjölbrautaskóla Suðurlands útskrifast á haustönn átta sjúkraliðar og fullskipað er á sjúkraliðabrotina. Hvet ég alla sjúkraliða til að taka vel á móti sjúkraliðanemum þegar þeir koma í starfsnám á hinar ýmsu stofnanir, það er fagnadaefni fyrir stéttina að fá nýja félagi, ekki veitir af,

Að lokum vil ég þakka sjúkraliðum, stjórn Suðurlandsdeildar og nefndarkonum öllum fyrir gott samstarf á árinu, og þeim á Grensásveginum fyrir frábæra liðveislu, og sjúkraliðar munið að „samstaða er afl sem ekkert fær staðist“.

Vilja láta opna fjarfundabúnað

Á annað ár hefur stjórn Suðurnesjadeildar sjúkraliða reynt mikið til þess að fá yfirmenn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja til að opna fyrir fjarfundabúnað til að hægt sé að fá þá fræðslu sem er í boði, eins og til dæmis á Landakoti á hverjum fimmtudegi. Það hefur ekki tekist ennþá, en við gefumst ekki upp.“ sagði Inga Lóa Guðmundsdóttir, formaður deildarinnar, í skýrslu stjórnar á aðalfundi sem haldinn var 1. desember síðastliðinn.

Aðalfundurinn var um leið jólagleði sjúkraliða á Suðurnesjum.

Í skýrslu sinni greindi Inga Lóa frá því helsta í starfi deildarinnar frá aðalfundi sem haldinn var 14. október 2005 að Sólheimum í Grímsnesi og var sameiginlegur með Suðurlandsdeild vegna afmæla deildanna, en Suðurnesjadeildin var stofnuð 16. október 1979 og Suðurlandsdeildin 5. maí 1980. Þarna var verið að halda upp á síðbúin 25 ára afmæli deildanna. Það er skemmst frá því að segja að þetta var hin mesta skemmtun. Gengið var til venjulegra aðalfundastarfa. Þær breytingar urðu á stjórn að Júlía Gunnarsdóttir gekk úr stjórn og í hennar stað var kosin Hulda Björg Birgisdóttir.

Formaður í sjö mánuði

Á síðasta starfsári var formaður fjarverandi í sjö mánuði og gegndi varaformaður, Agnes Ármannsdóttir, formennsku á meðan. Haldnir voru átta stjórnarfundir og á þrjá þeirra komu líka trúnaðarmenn deildarinnar.

Gefið var út fréttabréf í nóvember 2005. Jólafundur var haldinn og var

hann í umsjón stjórnar. Farið var í vörferð. Sjúkraliðar á Hlévangi sáu um skipulagninguna og vill stjórnin þakka þeim kærlega fyrir.

Agnes Ármannsdóttir, varaformaður, og Arnbjörg Ólafsdóttir sátu fund félagsstjórnar SLFÍ í febrúar, og Agnes Ármannsdóttir og Katrín Benediksdóttir, aðaltrúnaðarmaður HSS, sátu fulltrúaþing SLFÍ í maí.

Unnið var að stofnanasamningi við HSS og var skipaður vinnuhópur sem er stjórn og trúnaðarmenn hjá HSS, en samstarfsnefnd sér um að semja við HSS og í henni sitja aðaltrúnaðarmaður, Katrín Benediksdóttir, og Kristín Á. Guðmundsdóttir og Gunnar Gunnarsson frá Sjúkraliðafélaginu.

Miðvikudaginn 29. nóvember 2006 komu þær Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður félagsins, og Birna Ólafsdóttir, formaður fræðslunefndar, og kynntu stofnanasamninginn og brúarnámið.

Gefa út fréttabréf

Nýkjörin stjórn deildarinnar hélt fyrsta fund sinn 9. janúar 2007 og skipti með sér verkum. Formaður er Inga Lóa Guðmundsdóttir, varaformaður Anna Sigríður Jónsdóttir, gjaldkeri Arnbjörg Ólafsdóttir, ritari Hulda Björg Birgisdóttir, meðstjórnandi Birna Skúladóttir og varamaður Agnes Ármannsdóttir.

Ákveðið var á stjórnarfundinum að gefa út fréttabréf, og að stjórnin myndi í framhaldi af því fara í heimsóknir til sjúkraliða sem starfa við stofnanir á svæðinu.

Enn er unnið að því að fá opnað fyrir fjarfundabúnað á HSS.



Inga Lóa Guðmundsdóttir, formaður Suðurnesjadeildar sjúkraliða.

Vestmannaeyjadeild

Viðburðaríkt ár

„Það er ekki hægt að segja annað en að þetta starfsár hafi verið afar viðburðarríkt,“ sagði Hafðís Sigurðardóttir, formaður Vestmannaeyjadeildar sjúkraliða á aðalfundi 27. október síðastliðinn. „Margir stjórnar- og félagsfundir voru haldnir og ýmislegt til gamans gert.“

Í eftirfarandi skýrslu formanns kemur fram að deildin hélt aðalfund ársins 2005 í október, jólafund um mánaðarmótin nóvember/desember og fræðslufund í febrúar 2006 þar sem Erlendur Jörundur Friðriksson sagði frá því þegar hann skrapptil Ástralíu að læra hnykkklækningar.

Stofnanasamningar

Í byrjun júní var farið í Sjúkraliðalundinn og gróðursett. Ákveðið var að merkja lundinn og var Ólafur Lárusson fenginn til þess að skera út í tré nafn og ártal. Það er voðalega gaman að fara í lundinn og sjá hvað plönturnar okkar hafa vaxið og dafnað. Við erum oft að grínast með það að ungu sjúkraliðarnir fari með okkur þessa eldri í lundinn eftir 30 ár og sýni okkur skóginn sem við ræktuðum.

En það sem stendur upp úr á þessu ári er stofnanasamningurinn við spítalann sem við Torfhildur Þórarinsdóttir unnum að í hálf tveimur árum, þvilik vinna. Að sjálfögðu kom Sjúkraliðafélagið líka að samningnum og verð ég að segja að í þessari samningagerð var vel stutt við bakið á okkur. Ég vil þakka þeim á skrifstofunni í Reykjavík kærlega fyrir hjálpina, já það er gott að vera í sterku félagi sem alltaf er hægt að leita til.

Í ágúst var haldinn vinnustaðafundur á sjúkrahúsinu þar sem samningurinn var kynntur. Ég held því fram að við höfum gert mjög góðan samning og að flestir (ef ekki allir) séu sáttir með sitt. Ég vil minna félagsmenn á að það er undir þeim sjálfum



Sjúkraliðarnir við standinn góða í Íþróttamiðstöðinni í Eyjum. Frá vinstri: Anna Guðný, Torfhildur, formaður deildarinnar, Sigurlaug, Jóhanna (sitjandi), Villa og Ásdís.

komið að fylgjast með því að allar hækkanir skili sér á réttum tíma, það gerir það enginn annar fyrir ykkur. Einnig vil ég minna félagsmenn á að nýta sér námskeið sem í boði eru hjá Visku og Framvegis í Reykjavík: NÁMSKEIÐ = HÆRRI STARFSLÝSING = LAUNAHÆKKUN.

Torfhildur tók við

Ég hef ákveðið að þetta starfsár verði mitt síðasta sem formaður í bili, það er kominn tími til að hleypa öðrum að og snúa sér að öðru. Þetta hefur verið mjög lærdómsríkur tími fyrir mig, ég kom inn blaut á bak við eyrun, feimin og óframfærinn, en hætti reynslunni rikari og aðeins hertari manneskja, sagði Hafðís í skýrslu sinni.

Á aðalfundinum var Torfhildur Þórarinsdóttir kjörin formaður. Aðrir í stjórn eru Hafðís Sigurðardóttir, varafor-

maður, Sigríður Gísladóttir, gjaldkeri, Ásdís Emilía Björgvinsdóttir, ritari, og Sigurlaug Björk Böðvarsdóttir, meðstjórnandi.

Vestmannaeyjar Mælingar sjúkraliða

Sjúkraliðar í Sjúkraliðadeild Vestmannaeyja tóku sig til laugardaginn 3. febrúar síðastliðinn og buðu bæjarbúum upp á blóðþrýstings- og blóðsykursmælingu, auk þess sem sjúkraliðarnir mældu súrefnismettun. Þetta framtak var liður í að kynna hluta af starfi sjúkraliða, ásamt því að safna í ferðasjóð, en Sjúkraliðadeild Vestmannaeyja verður 30 ára á næsta ári.

Sjúkraliðarnir fengu inni í Íþróttamiðstöðinni í Eyjum og settu þar upp auglýsingastand frá Sjúkraliðafélagi Íslands sem sendi deildinni einnig penna, lykklakippur og kynningarbæklinga um starf og nám sjúkraliða. Tíu sjúkraliðar tóku þátt í mælingunum og stóðu vaktina frá klukkan 10-14 og höfðu nóg að gera allan tímann. Hver einstaklingur greiddi 500 krónur fyrir mælingarnar og var fólk ánægt með þetta framtak sjúkraliða, segir Torfhildur Þórarinsdóttir, formaður Vestmannaeyjadeildarinnar.

Myndirnar á síðunni voru teknar í Íþróttamiðstöðinni.



Villa og Sigurlaug að mæla blóðþrýsting.



Ásdís að mæla blóðsykur.



Ferðanefndin sem skipulagði sumarferð Eftirlaunadeildarinnar á Snæfellsnes: Hlín, Þorbjörg og Helga.

Eftirlaunadeild sjúkraliða

Félagar um 350 talsins

Aðalfundur Eftirlaunadeildar SLFÍ var haldinn þriðjudaginn 31. október 2006 að Grettisgötu 89. Í upphafi fundar skýrði Edda Bára Andrésdóttir, formaður deildarinnar, frá því að í deildinni væru nú 347 félagar, en fimm hefðu látist á árinu. Fundarmenn risu úr sætum í virðingarskyni við þær sem fallið höfðu frá.

Í skýrslu formannsins kom eftirfarandi fram um starf stjórnar deildarinnar á liðnu starfsári:

Haldnir voru sex stjórnarfundir, nokkrir vinnufundir, jólafundur og fræðslufundur og farin sumarferð. Vel var mætt á stjórnarfundina.

Á aðalfundinum árið 2005 baðst Sigurbirna Hafliðadóttir undan endurkjöri sem formaður og var Erla Bára Andrésdóttir kosin í hennar stað. Úr stjórn gengu einnig Sigrún Guðmundsdóttir og Þórey Þorkelsdóttir, en inn komu Sólveig Hervarsdóttir og Helga Júlíusdóttir. Tveir fulltrúar voru kosnir á fulltrúaþing SLFÍ sem var haldið í maí. Það þing sótti Þorbjörg Einarsdóttir.

Glæsileg handverkssýning

Formaður sat tvo fundi sem fulltrúi í fulltrúaráði Skjól, í nóvember og mars 2006. Jólafundurinn var haldinn 29. nóvember 2005. Þar var boðið upp á tónlist, upplestur úr bók eftir Eddu Andrésdóttur og Auði Eir sem heitir Sólin kemur alltaf upp aftur. Happdrættið var á sínum stað og miklar kræsingar; kaffi, sérrý og kók. Þrjú börn léku fyrir okkur á píanó og

blokkflautu, Hlöðver Smári lék jólalög á píanó og Gísli Þór nokkur jólalög á hljómborð. Á fundinum var stórglæsileg handverkssýning þar sem nokkrar konur sýndu og geta verið stoltar af. Var fundurinn frekar vel sóttur.

Fræðslufundur var í mars og komu tveir félagar úr Fagdeild SLFÍ og kynntu okkur starfsemi deildarinnar og var fróðlegt að hlusta á. Formaður þeirrar deildar er Edda Sjöfn Smáradóttir og Sigríður Sif Eiðsdóttir ritari var með henni. Síðan kom Día snyrtifræðingur að kenna okkur um snyrtingu húðar. Þessi fundur var sæmilega setinn.

Sumarferð og haustfundir

Það var farin sumarferð í júní, ég gat ekki mætt þar. Ég hef heyrt að það hefði mátt vera betra veður, en ferðin tókst vel að öðru leyti.

Við héldum fyrsta stjórnarfund haustsins 31. ágúst 2006 í sumarhúsi fyrrverandi formanns. Farið var snemma af stað úr bænum enda mikil tilbreyting að fara svona upp í sveit. Mér fannst þetta alveg frábært og þakka Sigurbirnu innilega fyrir að hafa boðið okkur. Fyrst héldum við fund en svo var grillað um kvöldmatarleytið. Við skoðuðum einnig sumarbústaði sem SLFÍ á í Kíðjabergi og eru flottir og með öllum þægindum.

Formaður deildarinnar sat þing BSRB í október 2006, en það stóð í þrjá daga.

Á aðalfundinum var Erla Bára Andrésdóttir sjálfkjörin sem formaður Eftirlaunadeildar SLFÍ næsta starfsár.



Viðbótarhúsnæðið að Grensásvegi 16.

Viðbótarhúsnæði

Sjúkraliðafélag Íslands hefur keypt 104 fermetra viðbótarhúsnæði að Grensásvegi 16 þar sem félagið hefur skrifstofur sínar. Félagið hefur haft hluta þessa viðbótarhúsnæðis, eða um 40 fermetra, á leigu sem vinnuástöðu og geymslu fyrir bókhald og prentað efni.

Félaginu var af eiganda húsnæðisins gefin kostur á að ganga inn í tilboð á kaupum á þessu viðbótarhúsnæði, þar með því leigu-húsnæði sem félagið hefur haft til afnota. Húsnæðið er á jarðhæð með stórum og góðum gluggum til beggja átta, allt ný upp-gert, veggir viðgerðir og málaðir og nýtt gler í gluggum.

Samkvæmt upplýsingum sem fengust með samtölum við fagmenn er kaupverðið mjög hagstætt með tilliti til staðsetningar og ástands. Fermetraverð er breytilegt eftir ástandi og staðsetningu, frá 160 þúsund krónum upp í líðlega 200 þúsund krónum fyrir fermetra. Kaupverðið er 163 þúsund krónum á fermetra.

Félagið getur reiknað sér í tekjur af húsnæðinu að minnsta kosti 1.200 þúsund krónum á ári auk þeirra þæginda sem óneitanlega eru af því að hafa þetta viðbótarrými í næsta nágrenni við skrifstofu félagsins.

Fram kom í umræðum stjórnar félagsins að upplagt væri að koma upp funda- og samkomusal fyrir félagið í húsnæðinu, sem hentar mög vel fyrir slíka starfsemi, enda væri mikil þörf á aðstöðu til funda fyrir félagið og félagsmenn.

Formenn allra félagsdeilda samþykktu kaupin að formanni Norðurlandsdeildar eystri frátöldum. Hann taldi sig ekki geta tekið ákvörðun um þessa fjárfestingu með svo skömmum fyrirvara og lét bóka mót-mæli sín við kaupunum.

Kaupin voru samþykkt samhljóða í framkvæmdastjórn félagsins, með fyrirvara gjaldkera. Kristjana Guðjónsdóttir, ritari félagsins, og Kristín Ólafsdóttir, varaformaður, gerðu grein fyrir athugun sem þær höfðu gert á markaðsverði sambærilegs húsnæðis áður en þær veittu samþykki sitt fyrir kaupunum, en sú athugun hafi staðfest að verðlagning húsnæðisins sé sanngjörn.



Fríð sveit sjúkraliða á þingi BSRB 25.-27. október 2006. Frá vinstri: Edda Sjöfn Smáradóttir, formaður Sérdeildar, Jóhanna Traustadóttir, formaður Reykjavíkurdeildar, Sif Eiðsdóttir, formaður ritnefndar, Kristín Ólafsdóttir, varaformaður SLFÍ, Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri SLFÍ, Kristjana Guðjónsdóttir, ritari SLFÍ, Inga Lóa Guðmundsdóttir, formaður Suðurnesjadeildar, Ásta Einþórsdóttir, Austurlandsdeild, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, Jónheiður Haraldsdóttir, aðaltrúnaðarmaður LSH Landakoti, Valgerður J. Reginsdóttir, Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri SLFÍ, Margrét Auður Óskarsdóttir, formaður Suðurlandsdeildar, Sigríður Einarsdóttir, varaformaður Suðurlandsdeildar, Gunnhildur Ósk Sæbjörnsdóttir, formaður Austurlandsdeildar, Elsa Ester Sigurvinsdóttir, Jóhanna Þorleifsdóttir, formaður Norðurlandsdeildar vestri, Birna Helgadóttir, aðaltrúnaðarmaður LSH Fossvogi, Helga Dögg Sverrisdóttir, formaður Norðurlandsdeildar eystri.

Eflum samhjálp, tryggjum lýðræði

„41. þing BSRB varar við þeim hugmyndum sem komið hafa fram að einkavæða heilbrigðisþjónustuna og almannaþryggingakerfið þar sem slíkt kerfi kallar á mismunun þegnanna. Sú stofnþjónusta í samfélaginu sem hefur verið einkavædd, á borð við heilbrigðisþjónustu, vatn og rafmagn, hefur reynst dýrari og óhagkvæmari en þar sem þessi þjónusta hefur verið rekin á samfélagslegum grunni.“

Þetta segir í samþykktum þings BSRB sem haldið var í Reykjavík dagana 25.-27. október 2006. Sjúkraliðafélag Íslands átti tuttugu fulltrúa á þinginu sem haldið var undir kjörorðunum: Eflum almannaþjónustuna – eflum lýðræðið.

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, gaf tóninn í setningaræðu sinni, en þar sagði hann meðal annars:

„Við þurfum að skera upp herör, blása til orustu, þar sem vígorðin eru: Eflum samhjálpa og tryggjum lýðræðið. Samhjálpin er augljóslega það sem mestan arðinn veitir og byggir okkur best upp. Nú þarf að efla hana hundraðfalt, setja meiri fjármuni í hana og styrkja hana á alla lund. Við höfum allt sem þarf, menntað og hæft fólk, byggingar á heimsmælikvarða, öll þau kerfi og tæki sem hugsast getur; nú er að uppskera. Nú er að efla og byggja. Næstu ár verða ár sóknar fyrir samhjálpa, fyrir samveru, fyrir samúð og fyrir samstöðu.“



Fulltrúar Sjúkraliðafélags Íslands klappa fyrir ræðu formanns BSRB á þingi bandalagsins í október 2006.

Óbreytt í tólf ár

Nýlega voru kynntar niðurstöður rannsóknar Capacent á kynbundnum launamun og launamyndun. Þær gáfu til kynna að ekkert hafi breyst í þessum efnun síðastliðin tólf ár. Konur eru enn með 15,7% lægri laun en karlar.

Nýja rannsóknin var liður í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um jafnréttismál og var endurtekning á rannsókn sem gerð var árið 1994. Í báðum tilvikum var staðan könnuð hjá sömu átta fyrirtækjunum. Fjögur þeirra eru einkafyrirtæki en fjögur í eigu hins opinbera.

Fram kemur í nýju könnuninni að nokkrar breytingar hafa orðið síðustu 12 árin á starfsumhverfi og starfsháttum í þessum átta fyrirtækjum. Þær felast meðal annars í styttri vinnutíma karla og kvenna í fullu starfi, fjölgun kvenna í fullu starfi og viðhorfi kvenna til starfs. Miðað við þessa þróun hefði mátt búast við að kynbundinn launamunur hefði minnkað á þessu 12 ára tímabili, en í raun er munurinn nánast sá sami. Af því má draga þá ályktun að beita þurfi öðrum leiðum en gert hefur verið síðustu 12 árin til að ná fram launajafnrétti í þjóðfélaginu.

Óútskýrður munur á launum karla og kvenna hefur aðeins minnkað um 0,3% síðan 1994 og er núna 15,7%, það er konur eru með 15,7% lægri laun en karlar. Með óútskýrðum launamun er átt við að borin eru saman laun karla og kvenna eftir að tekið hefur verið mið af starfsstétt, aldri, starfsaldri og vinnutíma.

Munurinn er þó ekki hinn sama þegar litið er til einkafyrirtækjanna annars vegar og opinberu fyrirtækjanna hins vegar. Í einkafyrirtækjunum er munurinn á launum karla og kvenna enn meiri en í opinberu fyrirtækjunum.

Fjölmennt útskrift

Óvenjumikill fjöldi sjúkraliðanema útskrifaðist frá fjölbrautaskólunum í Reykjavík miðvikudaginn 20. desember síðastliðinn, eða 39 frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og níu frá Fjölbrautarskólanum við Ármúla. Auk sjúkraliðanema útskrifuðust 18 sjúkraliðar úr sérnámi í hjúkrun aldraðra frá Ármúlaskólanum.

Kynning og ályktanir um brúna frá 1994

Á vegum Sjúkraliðafélags Íslands hefur verið fjallað um það í hátt á annan áratug, að nauðsynlegt væri að gefa ófaglærðu starfsfólki kost á réttindanámi. Sjúkraliðum til fróðleiks og upprifjunar fara hér á eftir nokkrir áfangar í þeirri umræðu og kynningu.

Frétt í Sjúkraliðanum 1994

Framkvæmdastjórn Sjúkraliðafélags Íslands hefur leitað til Starfsmannaráðs félagsmálaráðuneytisins eftir stuðningi til að undirbúa og skipuleggja nám fyrir starfsfólk sem unnið hefur um tiltekið árabil við aðhlyningu og hjúkrun.

Miðað er við það í frumhugmyndum félagsins, að náminu ljúki með prófum sem veiti viðkomandi rétt til að bera starfsheiti sjúkraliða.

Ályktun Fulltrúabings 1999

Þingið lýsir yfir þeirri skoðun sinni, að ófaglærðu starfsfólki við hjúkrun verði gefinn kostur á réttindanámi og öðlist starfsréttindi sjúkraliða, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Ályktun Fulltrúabings 2001

- Komið verði á starfstengdu námi.
- Lögð verði áhersla á að starfsfólk heilbrigðisstofnana sem starfað hefur um árabil við aðhlyningu, gefist kostur á að afla sér með starfstengdu námi réttinda til að starfa við hjúkrun og bera starfsheiti sjúkraliða.

Ályktun fulltrúabings 2003

Þingið leggur áherslu á að forysta félagsins taki upp viðræður við stjórnvöld og skóla um þrepaskipt nám sjúkraliða. Jafnframt verði það skoðað að setja af stað nám á sjúkraliðabraut fyrir þá sem hafa unnið við aðhlyningu um tiltekinn tíma og njóta viðurkenningar stjórnenda fyrir farsæl störf. Þingið hvetur heilbrigðisráðherra og forsvarsmenn sveitafélaga, sem eru með fjölda hæfra starfsmanna í þjónustu sinni, að beita sér fyrir fagmenntun þeirra.

Skýrsla Fræðslunefndar 2004-2005

Sjúkraliðafélagið hefur farið fram á það við menntamálaráðuneytið að sett verði á



Vinnuhópurinn að störfum. Frá vinstri: Valgerður Reginsdóttir, Dalbraut, formaður nefndarinnar, Anna Björgmundsdóttir, Bolungarvík, Guðrún Ásmundsdóttir, FSA, og Birna Helgadóttir, LSH. Á myndina vantar Guðmundu Steingrimsdóttur, Sóltúni.

Vinnuhópur vegna sjúkraliðabráar

Með tilliti til þeirra umræðu sem orðið hefur meðal sjúkraliða um tilkomu námsleiðar fyrir ófaglært starfsfólk í heilbrigðisþjónustu, skipaði stjórn Sjúkraliðafélags Íslands sérstakan vinnuhóp. Frestur sjúkraliða til að skila tillögum og ábendingum til vinnuhópsins rennur út 1. apríl.

Í vinnuhópnum eiga sæti Anna Björgmundsdóttir, sjúkraliði Bolungarvík, Birna Helgadóttir, sjúkraliði á LSH, Guðmundu Steingrimsdóttir, sjúkraliði á Sóltúni, Guðrún Ásmundsdóttir, sjúkraliði á FSA, og Valgerður Reginsdóttir, sjúkraliði hjá Reykjavíkurborg sem er formaður nefndarinnar.

Vinnuhópurinn hefur þegar fengið margvísleg erindi. Ábendingar og athugasemdir þurfa að berast skrifstofu Sjúkraliðafélagsins fyrir 1. apríl merkt: „Vinnuhópur um brú.“

stað fullorðinsfræðsla fyrir einstaklinga sem til dæmis hafa starfað í ummönnum, svokölluð „brúarleid“ sem felur í sér styttingu eða niðurfellingu á raungreinum. Vonast er til að menntamálaráðuneytið taki jákvætt í þessa tillögu félagsins og vísi henni til starfsgreinaráðs til úrvinnslu. Félagið fékk nýlega styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins til að vinna að framgangi þessa máls.

Sjúkraliðinn í september 2005

Opnuviðtal við framkvæmdastjóra Framvegis undir fyrirsögninni: „Brú fyrir ófaglærða í sjúkraliðanámi undirbúin.“ Þar

kemur fram að brúin sé í undirbúningi og einungis beðið eftir grænu ljósi frá menntamálaráðuneytinu.

Sjúkraliðinn í desember 2005

Ítarlegt viðtal við Birnu Ólafsdóttur, skrifstofustjóra SLFÍ, um að undirbúningur sjúkraliðabráurinnar sé í fullum gangi og að því stefnt að hún geti hafist á vorönn 2006.

Sjúkraliðinn í september 2006

Frásögn af því að brúin sé orðin að veruleika hjá nokkrum fjölbrautaskólum og að aðsóknin sé mikil.



Listrænar sjúkraliðar í Listaselinu. Frá vinstri: Helena Sólbrá Kristinsdóttir, textilhönnuður, Ólöf Sæmundsdóttir, glerlistamaður, og Þóra Einarsdóttir, listmálari.

Sjúkraliðar í Listaseli

„Okkur líkar mjög vel að vera sjúkraliðar, það er skemmtilegt starf, en okkur finnst líka gaman að skapa okkar eigin verk. Það eru forréttindi að fá að gera það sem manni langar til, og svo er félagsskapurinn hérna líka góður,“ segja þrjár sjúkraliðar sem allir sinna listsköpun og reka saman, ásamt tveimur öðrum listakönnum, gallerið Listasel á Skólavörðustíg 17b í Reykjavík.

Sjúkraliðarnir eru Þóra Einarsdóttir, málari, Ólöf Sæmundsdóttir, glerlistamaður, og Helena Sólbrá Kristinsdóttir, textilhönnuður. Þær átta allar listmuni á afmællissýningu Sjúkraliðafélags Íslands í nóvember síðastliðnum.

Málar á silki

„Ég útskrifaðist sem sjúkraliði árið 1979 og hef unnið við það mjög lengi, hin síðari ár samhlíða því að taka þátt í rekstri Listasels,“ segir Þóra Einarsdóttir sem býr í Garðabæ.

Hún flutti til Bandaríkjanna strax eftir sjúkraliðanámið og vann sem sjúkraliði í eitt ár í Kaliforníu, en sneri síðan heim og starfaði um 16 ára skeið við St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Eftir það tók hún sér frí í nokkur ár, en fór síðan að sjá um dagvistun aldraðra í Holtsbúð í Garðabæ. Þar vann hún í fimm ár, en hætti síðastliðið sumar.

„Ég hef alltaf verið að mála, allt frá því

ég var krakki,“ segir Þóra. „Ég fór í myndlistarskólann í Reykjavík og var þar í nokkur ár að læra teikningu og málun.“

Þóra hefur einbeitt sér að því að mála bæði olíu- og vatnslitamyndir, en hún er einnig að mála á silki sem er fátítt hér á landi.

„Já, ég held að við séum bara tvær íslensku listakonurnar sem málum á silki,“ segir Þóra.

Hún hefur staðið að rekstri gallería síðustu tíu árin.

„Mér var boðið að vera með í samstarfi um gallerí sem hét Hnossið árið 1997,“ segir Þóra. „Við Ólöf drógum okkur út úr

því samstarfi ásamt fleirum og stofnuðum Listaselið árið 2000, en Helena kom til samstarfs við okkur fyrir einu og hálfu ári.“

Glerið heillar

„Ég útskrifaðist frá Akureyri árið 1981 og starfaði á Kristnesi í eitt ár, en flutti þá suður til Reykjavíkur og vann með Alzheimersjúklinga á Hvítabandinu við Skólavörðustíg í fimm ár,“ segir Ólöf Sæmundsdóttir, glerlistamaður. Síðan hefur hún unnið við heimahjúkrun, núna í 20% starfi.

„Ég var alltaf að gera eitthvað í höndunum,“ segir hún. „Fyrst var ég að dútla við að vinna með leir og sauma, en fyrir tíu árum fór ég fyrst að vinna með gler og síðan hef ég einbeitt mér að glerlistinni.“

Ólöf hefur stundað nám á listabraut í fjölbrautarskóla síðustu 3-4 árin og lýkur stúdentsprófi í vor. Hún hefur líka tekið nokkur námskeið í glerlist í Danmörku, og sjálf hefur hún kennt eldri borgurum í Bólstaðahlíð glerlist undanfarin fimm ár.

„Glerið heillar mig,“ segir Ólöf. „Það er hægt að vinna þetta skemmtilega, gegn-sæja efni á svo margan hátt, bæði móta það og mála.“

Handtöskur úr fiskroði

Helena Sólbrá Kristinsdóttir, textilhönnuður, útskrifaðist sem sjúkraliði árið 1980.

Listrænar sjúkraliðar

Átta sjúkraliðar sýndu listaverk sín á sérstakri sýningu sem haldin var í BSRB-húsinu við Grettigötu í Reykjavík í tilefni að fjörutíu ára afmæli Sjúkraliðafélags Íslands í nóvember 2006.

Í kjölfarið hefur göngu sína hér í blaðinu þátturinn Listahornið, þar sem sagt verður frá listrænum sjúkraliðum.

„Ég vann bæði með náminu og fyrst eftir prófið á Hrafnistu í Reykjavík, en fór síðan að vinna á vökudeild Landspítalans og var þar í fjögur ár. Nokkrum árum seinna vann ég um skamman tíma á Eir.“

Helena hefur alla tíð verið mikið fyrir handavinnu.

„Ég skellti mér í öldungadeildina í Fjölbautaskólanum í Breiðholti, byrjaði á viðskiptasviði en skipti um þegar handiðabrautin fór í gang hjá þeim og kláraði hana. Upp úr því fór ég að vinna meira við textíl og sauma og þess háttar. Síðan hefur ég farið á ýmiss námskeið meðal annars í leðursaum og töskugerð.“

Helena hefur lengi unnið vörur úr leðri og fatnaði, en hin síðari ár hefur hún einnig notað roð sem hráefni.

„Mér finnst mjög gaman að gera töskur úr fiskroði,“ segir hún. „Hráefnið er aðallega roð af laxi, hlýra og karfa, en þorskroð er líka komið á markaðinn.“

Fimm saman

Þær eru fimm listakonurnar sem reka Listaselið við Skólavörðustíg. Þær sjá sjálfar um alla afgreiðslu, vinna þar hver um sig einn virkan dag í viku, en taka fimmta hvern laugardag.

„Við höfum alltaf haft það þannig í Listaselinu að við séum að vinna með sitt hvort efnið, til að hafa sem mesta fjölbreytni,“ segir Þóra. „Þær tvær sem eru hérna með okkur eru á öðrum sviðum en við. Harpa María Gunnlaugsdóttir smíðar skart úr silfri og fleiri efnum, en Guðbjörg Magnúsdóttir er með leirmuni.“

Sjúkraliðarnir þrír segja að reksturinn gangi vel, enda voru þær svo heppnar að geta keypt húsnæðið árið 2002 og þurfa því ekki að vera á leigumarkaðnum eins og í upphafi reksturins.

„Þetta fyrirkomulag er mjög þægilegt,“ segir Þóra. „Við erum aðeins bundnar einn dag í viku og getum nýtt aðra daga vikunnar til listskópunar í vinnustofum okkar. Svo hittumst við allar einu sinni í mánuði til að fara yfir stöðuna og gerum þá eitthvað skemmtilegt í leiðinni.“

Þær segja að þótt erlendir ferðamenn séu góður bónus, sérstaklega á sumrin, séu Íslendingar lang stærsti viðskiptamannahópurinn. Staðsetningin sé líka góð, það sé margt um að vera á Skólavörðustígnum; vetrarhátíð, menningarhátíð í ágúst sem sé gósentíð fyrir gallerið, og kjötsúpudagurinn fyrsta vetrardag.

Sjúkraliðarnir eru einnig að sýna og selja vörur sínar í öðrum galleríum. Þannig eru Þóra og Helena í hópi tíu kvenna sem reka Gallerí Thors í Hafnarfirði, og Ólöf er með glermuni í Gallerí Lind í Kópavogi. Þær hafa einnig sýnt verk sín á sýningum hér og þar.



Þóra Einarsdóttir við nokkur málverka sinna.



Ólöf Sæmundsdóttir við glerlistaverk sín í Listaselinu.



Helena Sólbrá Kristinsdóttir við töskur sínar úr fiskroði.

Á vef LSR, www.lsr.is, geta sjóðfélagar nálgast yfirlit og séð heildarstöðu lífeyrisréttinda sinna og iðgjaldaskil launagreiðenda.



Traustur sjóður, örugg samfylgd

Þegar starfsævinni lýkur reynast lífeyrisréttindi ein mikilvægasta eign okkar flestra. Á lífsleiðinni skiptir því öllu máli að njóta samfylgdar lífeyrissjóðs sem býr vel í haginn fyrir framtíðina.

Meginhlutverk LSR er að taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í sameiginlegum sjóði til að greiða elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri. Sjóðfélagar LSR hafa ávallt greiðan aðgang að greinargóðum upplýsingum um réttindi sín og lífeyrisgreiðslur. Þá eiga allir sem greiða eða hafa einhvern tíma greitt í LSR rétt á lífeyrissjóðsláni.

Séreign LSR tekur við frjálsum viðbótarsparnaði sjóðfélaga og geta þeir valið um þrjár fjárfestingarleiðir til að ávaxta sparnaðinn. Viðbótarsparnaður er séreign sjóðfélaga og erfist við fráfall. Hvort sem þú greiðir í A- eða B-deild LSR ætti framlag í Séreign LSR að vera eðlileg viðbót.